

SJÚKRALIÐINN

4. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR NÓVEMBER 2006



Baráttu sjúkraliða í 40 ár

- sjá bls. 2-63



Framkvæmdastjórn

Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ):
Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður.
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður.
Margrét Þóra Óladóttir, gjaldkeri.
Kristjana Guðjónsdóttir, ritari.

Skrifstofa félagsins:

Skrifstofa Sjúkraliðafélags Íslands er að Grensásvegi 16, 108 Reykjavík. Sími 553 9493 eða 553 9494. Símaþrá, fax 553 9492. Heimasíða félagsins er www.slfi.is Skrifstofan er opin mánudaga til föstudaga frá kl. 09:00 til 17:00. Starfsfólk félagsins annast alla almenna skrifstofuþjónustu, upplýsingamiðlun túlkun kjarasamninga og erindrektur fyrir félagið og félagsmenn. Skrifstofan sér um sjóði félagsins svo sem félagsjóð, orlofsjóð, Minningar- og styrktarsjóð, Fræðslusjóðinn Framför, Vinnudeilu- og verkfalls- sjóð auk þess sem hún afgreiðir erindi Starfsmenntasjóðs BSRB og Styrktarsjóðs BSRB. Ennfremur sér skrifstofan um úthlutun á orlofsibúðum og orlofshúsum félagsins í umboði Orlofsnefndar.

Starfsfólk á skrifstofu

Sjúkraliðafélags Íslands
Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður,
netfang: kristin@slfi.is
Gunnar Gunnarsson,
framkvæmdastjóri,
netfang: gunnar@slfi.is
Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri,
netfang: birna@slfi.is
Margrét Tómasdóttir, bókarí,
netfang: margret@slfi.is

Sjúkraliðinn:

Sjúkraliðinn er gefinn út af Sjúkraliðafélagi Íslands í 2.900 eintökum.

Ábyrgðarmaður:

Kristín Á. Guðmundsdóttir

Ritnefnd:

Sif Eidsdóttir, Vífilsstöðum
Edda Sjöfn Smáradóttir, Vífilsstöðum
María Búsk, Dvalarheimilinu Hellu
Rangarvöllum

Umsjón:

Gunnar Gunnarsson

Prentvinnsla og umbrot:

Stafræna prentsmiðjan ehf, Hafnarfirði

Ráðstefna um stöðu sjúkraliða

Ráðstefna í tilefni af 40 ára afmæli Sjúkraliðafélags Íslands verður haldin á Grettisgötu 89 föstudaginn 17. nóvember 2006 og hefst klukkan 13.00.

Dagskrá:

- 12:30-13:00 Tónlist á meðan gestir koma sér fyrir.
- 13:00-13:05 Setning Edda S. Smáradóttir, ráðstefnustjóri.
- 13:05-13:20 Einsöngur Lóa Jónsdóttir, sjúkraliði.
- 13:20- 13:30 Ávarp, heilbrigðisráðherra Siv Friðleifsdóttir.
- 13:30-13:45 Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands: Framtíðarsýn.
- 13:45-14:15 Pelle Nielsen, formaður sjúkraliða í Danmörku.
- 14:15-14:40 Kaffihlé.

14:40-15:40 Ingibjörg Hjaltadóttir, sviðsstjóri öldrunar: Kynning á rannsóknarverkefni á öldrunarsviði.

15:40-15:45 Léttar æfingar á sal.


15:40-15:55 Björk Erlendsdóttir, nýútskrifaður sjúkraliði: Væntingar til starfsins.

15:55-16:10 Sigurbirna Hafliðadóttir, sjúkraliði: Störfin fyrr á árum.

Að lokinni ráðstefnu verður Sjúkraliðafélag Íslands með opið hús í nýju anddyri Laugardalshallarinnar frá kl. 17-19.

Þann 17. nóvember 2006, kl. 11:00, verður opnað listahorn á fyrstu hæð í BSRB húsinu þar sem sjúkraliðar sýna verk sín. Sýningin stendur yfir til 24. nóvember.

Skráning á ráðstefnuna fer fram á heimasíðu SLFÍ <http://slfi.is> eða í síma 553-9494 fyrir 10. nóvember 2006.



Afmælisblað 1976



Afmælisblað 1986



Afmælisblað 1991



Afmælisblað 1996

Fimmta stórafmælið

Sjúkraliðafélag Íslands minnst þess nú í fimmta sinn með ítarlegri umfjöllun um sögu félagsins í Sjúkraliðanum að félagið stendur á merkim tímamótum.

Þegar tíu ár voru liðin frá stofnun félagsins var gefið út afmælisblað Sjúkraliðans með frásögn af sögu fyrstu áratanna og myndum af öllum brautskráðum sjúkraliðum fyrsta áratugarins í sögu stéttarinnar. Þar voru einnig birtar myndir frá fyrstu afmælishátíð félagsins, en hún var haldin á Hótel Sögu.

Þess var minnst með álika hætti þegar félagið varð tuttugu ára árið 1986. Þá var líka efnt til afmælishófs og tímamótanna minnst með frásögnum í Sjúkraliðanum.

Þegar Sjúkraliðafélagið varð tuttugu og fimm ára árið 1991 var ítarlega fjallað um sögu félagsins í afmælisútgáfu Sjúkraliðans, en þar voru meðal annars myndir af brautskráðum nemendum frá Sjúkraliðaskóla Íslands á árunum 1976 til 1990.

Fimm árum síðar, 1996, var ítarlega farið yfir sögu félagsins fyrstu þrjú áratuginu í Sjúkraliðanum og birtar myndir frá afmælisfagnaði félagsins sem haldinn var í Félagsheimili Seltjarnarness.

Í þessu tölublaði Sjúkraliðans eru rakinir helstu þættir í fjörutíu ára sögu félagsins.

Á DAGSKRÁ

2

- Fimmta stórafmælið
- Ráðstefna 17. nóvember

FORMANNSPISTILL

3

- Sýnum viðsýni og kjark

SJÚKRALIÐAR Í 40 ÁR

4-63

- Ávarp heilbrigðisráðherra
- Kveðja frá formanni BSRB
- Stéttarfélagið er fjöreggið
- Níu formenn í sögu félagsins
- Aðdragandi náms sjúkraliða á Íslandi
- Hvað á barnið að heita?
- Fyrstu sjúkraliðarnir
- 60 fyrsta árið
- Sjúkraliðar stofna félag
- Sjúkraliðar stofna deildir
- Sjúkraliðaskóli í 15 ár
- Alltaf haft burði til að berjast
- Sjúkraliðar segja upp í nauðvörn
- Tókum málin í okkar hendur
- Aldarfjórðung að verða stéttarfélag
- Álit fyrrverandi formanna
- Hjartatvíblaðkan
- Fáni félagsins 1986
- Samstaða í fyrsta kjaraslagnum
- Deilur um hýrudrátt
- Langt og hart verkfall 1994
- Blysför í verkfalli
- Formanni sagt upp störfum
- Langur og erfiður lífróður
- Slagæðar félagsins
- Baráttan fyrir framhaldsnámi
- Sjúkraliðabru loks að veruleika
- Erlend samskipti frá 1977
- Vonargeislar
- Vaktabók frá 1989
- Félagið eignast hús og íbúðir
- Knúíð fram breytt skipulag BSRB
- Eftirlaunadeild stofnuð
- Uppsagnir og raðverkföll
- Merkir sigrar fyrir dómstólum
- Fimm heiðursfélagar
- Skrifstofa á fimm stöðum
- Sáttmáli um frumskyldur
- Frá fjölríti til vandaðs tímarits
- Deild sjúkraliða með sérnám
- Framkvæmdastjórn 1996-2006
- Æviskrár um 2900 sjúkraliða
- Sjúkraliðafélagið í tölum
- Annálar árána 1997-2006

AUGLÝSINGAR

64

- Vetrarleiga húsa og íbúða

FORSÍÐUMYNDIN

Sjúkraliðar horfa til framtíðar á fjórutíu ára afmælinu.

Sýnum viðsýni og kjark



Kristín Á. Guðmundsdóttir,
formaður Sjúkraliðafélags
Íslands, skrifar.

Í fjórutíu ára sögu sjúkraliðastéttarinnar hefur gríðarleg barátta einkennt starf hennar. Baráttan hefur staðið um að fá viðurkenningu á tilveru sjúkraliða sem fagstéttar. Tilveru sem þó var og er mikil þörf fyrir í heilbrigðiskerfi landsmanna.

Hér í afmælisblaði Sjúkraliðafélagsins er reynt að fara yfir það helsta sem á dagana hefur drifið frá upphafi sjúkraliðamenntunar á Íslandi fram til dagsins í dag. Sagan er ólygnust og færir okkur heim sanninn um hve ótrúlega skammsýn yfirvöld hafa verið í allri framkomu sinni við eina af undirstöðu-stéttum heilbrigðisþjónustunnar í landinu. Sagan sýnir okkur að sjúkraliðar hafa þurft að líða fyrir vald og hroka. Sagan sýnir okkur að líklega er íslenska heilbrigðiskerfið eitt íhaldssamasta kerfi landsins.

Þetta er fortíðin. Nú horfum við til framtíðar. Eitt af því jákvæða sem sjúkraliðastéttin fær í veganesti er að sú barátta, sem saga síðustu fjórutíu ára lýsir, hefur skilað þeim árangri að viðurkennt hefur verið að stéttin sé til. Það hefur tekið langan tíma og mikla baráttu að ná þeim áfanga.

Þörfin fyrir sjúkraliða er mikil og verkefnið næg. Helsta baráttumál þeirra á þessu afmælisári er að fá viðurkennd aukin starfsréttindi, í samræmi við þarfir heilbrigðiskerfisins og menntun stéttarinnar.

Síðastliðin tvö ár hefur nefnd á vegum heilbrigðisráðherra unnið að endurskoðun laga um heilbrigðisþjónustu Íslendinga. Allir sem að þeim málum komu viðurkenndu að núgildandi lög hafi dugað býsna vel. Það segir okkur að þeir sem þau lög sömdu hafi haft yfir að ráða viðsýni, framsýni og kjarki. En tíminn líður með allri sinni þróun og breyttri sýn samfélagsins sem gerir það að verkum að breytinga er þörf. Sama á við um störfin innan heilbrigðiskerfisins.

Hjúkrun er víðfeðmt fag og langur vegur milli neðsta og efsta lags þeirra starfa. Tvær fagstéttir sinna hjúkruninni, báðar með mikla menntun miðað við þau störf sem þeim eru falin. Þessar tvær stéttir hljóta að þurfa að setjast niður ásamt heilbrigðisyfirvöldum og fara yfir þá þróun sem orðið hefur, bæði hér á landi og erlendis, og endurskoða verkaskiptingu og skipulag vinnunnar. Til að leysa það mikilvæga viðfangsefni vel af hendi þarf framtíðarsýn, viðsýni og kjark allra sem að því verki koma. Það væri mikill áfangi og stór afmælisgjöf til sjúkraliða ef af því gæti orðið.

Að lokum vil ég nota tækifærið og óska sjúkraliðastéttinni heilla og hamingju um ókomna framtíð.

Til að leysa það mikilvæga viðfangsefni vel af hendi þarf framtíðarsýn, viðsýni og kjark allra sem að því verki koma.

Ögmundur Jónasson, formaður BSRB:

Kveðja til Sjúkraliðafélags Íslands á 40 ára afmæli



Ögmundur Jónasson, formaður BSRB.

Ég leyfi mér að fullyrða að Sjúkraliðafélag Íslands sé í hópi öflugustu stéttarféлага landsins. Þetta kann að skýrast að nokkru leyti af því að til forystu hafa valist kröftugir einstaklingar, auk þess sem félagið hefur haft á að skipa einvala starfslíði. Þessi sveit hefði þó verið lítills megnug hefði hún ekki byggt á góðri samstöðu innan félagsins. Mér hefur einmitt sýnst að ætíð þegar á hefur þurft að halda hafi myndast órofa samstaða með sjúkraliðum. Þetta hefur einkum gerst í vinnudeilum og verkfallsátökum sem sjúkraliðar hafa háð, oft við mikið andstreymi, en einnig þegar almenn réttindamál hafa verið á döfnni.

Það er mikill vandi að heyja launa- og réttindabaráttu á viðkvæmum vinnustöðum heilbrigðiskerfisins. Þá þarf oftast en ekki að stýra fleyinu á milli skerja til að forðast boðaföllin. Þetta hefur Sjúkraliðafélaginu tekist og hefur félagið eflst við hverja raun.

BSRB á Sjúkraliðafélagi Íslands mikið að þakka. Þaðan hafa komið margir góðir liðsmenn sem lagt hafa ómetanlegan skerf til baráttu heildarinnar. Nefni ég þar sérstaklega framlag til lífeyris- og réttindabaráttu starfsfólks í almannajónustunni.

Launafólk innan BSRB hefur sem betur fer haft víðari sjóndeildarhring en svo að það einblíni þröngt á eigin kjör. Einnig hefur verið horft til þeirrar þjónustu sem veitt er. Af þeim sökum er óumdeilanlegt að samstaða launafólks innan almannajónustunnar hefur orðið til þess að efla velferðarsamfélagið. Mest öll 20. öldin einkenndist af uppbyggingu - á undanföllum áratugum eða svo höfum við hins vegar þurft að heyja varnarbaráttu.

En hvort sem er til varnar eða sóknar þarf jafnaðar- og velferðarhugsjónin á kröftum verkalyðshreyfingarinnar að halda. Þess vegna skiptir það máli að Sjúkraliðafélag Íslands haldi áfram að eflast og dafna. Það er afmælisósk BSRB til handa SLFÍ á fjörtutíu ára merkisafmæli félagsins.

Ávarp heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra



Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Í haust fagnar Sjúkraliðafélag Íslands því að fjörtutíu ár eru liðin frá stofnun fagfélags sjúkraliða. Fjögurra áratuga þróttmikið starf er að baki. Mikið vatn er runnið til sjávar á þessu tímabili og margt breytt, bæði í þjóðfélaginu og innan heilbrigðiskerfisins. Eitt hefur þó ekki breyst, en það er þörfin fyrir vel menntaða og hæfa sjúkraliða til að annast fólk á öllum aldri og við ólíkar aðstæður á vettvangi heilbrigðisþjónustunnar.

Sjúkraliðar standa við hlið sjúklings jafnt á gleði- sem á sorgarstundum. Þá ríður á að góð þekking og færni í mannlegum samskiptum ráði för. Þörf samfélagsins fyrir þjónustu sjúkraliða fer vaxandi, ekki síst vegna hækkandi meðalaldurs þjóðarinnar og fjölgunar aldraðra. Einnig verður starfsvettvangurinn æ fjölbreyttari og má þar nefna vaxandi áherslu á umönnun fólks í heimahúsi, sem er eitt af meginmarkmiðum heilbrigðisáætlunar til ársins 2010. Það er því brýnt að vekja áhuga ungs fólks á sjúkraliðanámi og hlúa vel að þeim sem nú sinna sjúkraliðastörfum ef við ætlum að ná þeim markmiðum að bæta þjónustuna við þá sem njóta hennar.

Sjúkraliðafélag Íslands hefur ætíð verið metnaðarfullt fyrir hönd félagsmanna sinna, bæði varðandi þætti sem lúta að starfi þeirra og námi. Það er m.a. þess vegna sem við eigum á að skipa sterkri og öflugri stétt sjúkraliða á Íslandi í dag.

Ég óska félagsmönnum Sjúkraliðafélags Íslands til hamingju með afmælið og þakka þeim mikilvægt framlag til heilbrigðisþjónustu Íslendinga.

Stéttarfélagið er fjöreggið

- Stofnun stéttarfélags sjúkraliða er mikilvægasti áfanginn í fjörutíu ára sögu sjúkraliðastéttarinnar, það er áfangi númer eitt, tvö og þrjú þegar lítið er á árangur af starfi síðustu áratuga. Stéttarfélagið er fjöregg stéttarinnar og grunnurinn sem allt annað byggir á, segir Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands.

Kristín tók við formennsku í félaginu árið 1988, þremur árum áður en Sjúkraliðafélagið varð stéttarfélag sem tók samningsréttinn í sínar hendur. Á þessu merkisafmæli í sögu félagsins lagði Sjúkraliðinn nokkrar spurningar fyrir Kristínu um fortíð og framtíð félagsins.

Útskrifaðist vorið 1982

- *Hvaðan ertu upprunnin, Kristín?*

- Ég er fædd í Reykjavík. Móðir mín er Rangæingur, nánar tiltekið frá Mið-Grund undir Vestur-Eyjafjöllum. Faðir minn er ættaður af Snæfellsnesinu, en hann fluttist með foreldrum sínum til Ísafjarðar á unga aldri.

- *Hvenær fórstu í sjúkraliðanám?*

- Ég hóf sjúkraliðanám eftir að hafa unnið við aðhlyningarstörf í Svíþjóð, þar sem ég bjó í þrjú ár á sjöunda áratugnum, og á Hrafnistu í Reykjavík eftir að ég flutti heim 1969. Áður hafði ég unnið sem gangastúlka, eins og það var kallað, á Landspítalanum, fyrst 16 ára gömul og svo á milli þess að ég átti börnin. Ég útskrifaðist frá Sjúkraliðaskólanum um vorið árið 1982.

- *Hvar fórstu fyrst að vinna sem sjúkraliði?*

- Eftir útskriftina fór ég að vinna á Landspítalanum, fyrst á lungnaskurðdeildinni en strax um haustið á skurðstofum spítalans og þar vann ég í 15



Kristín Á. Guðmundsdóttir árið 1986, en þá var hún varaformaður Sjúkraliðafélags Íslands.

ár samfleytt. Fyrst var ég í 100% starfi en seinna þegar störfin fyrir Sjúkraliðafélagið fóru að aukast var ég í 50% starfi.

Í léttu losti

- *Hvernig var staða sjúkraliða þegar þú byrjaðir?*

- Staða sjúkraliða var slík að fyrst eftir að námi lauk var maður í léttu losti.

Mest man ég hvað ég var stolt af stéttinni sem stóð saman sem einn maður í baráttunni.

Við fengum strax að kynnst því að lítið var á sjúkraliða sem ódýrt vinnuafli sem hægt væri að henda í hvaða verk sem var. Við vorum sett í störf upp á við og störf niður á við allt eftir því hverjir voru á vakt í það og það skipti. Við höfðum engin starfsréttindi og á vinnustaðnum var engin virðing borin fyrir stéttinni. Við fundum fyrir því viðmóti sem vinnukonur fyrr á öldum hafa trúlega búið við og lýsa má með þessum orðum: Við þurfum á þér að halda, en mundu að þú ert ekkert.

- *Hver voru fyrstu afskipti þín af málefnum Sjúkraliðafélagsins?*

- Ég hef alla tíð verið haldin mikilli réttlætiskennnd og ekki legið á skoðunum mínum. Það hefur trúlega orðið þess valdandi að ég var mjög fljótlega valin trúnaðarmaður fyrir deildina mína. Á fyrsta ári í starfi var ég síðan kjörin aðal trúnaðarmaður sjúkraliða á Landspítalanum. Á þeim tíma var Sjúkraliðafélagið einungis fagfélag, en Starfsmannafélag ríkisstofnana, SFR, var stéttarfélag okkar sem unnum á Landspítalanum, en Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar þeirra sem störfuðu á Sjúkrahúsi Reykjavíkur og við heilsugæsluna. Við komum að samningamállum innan stéttarfélagsins og ég sat meðal annars fyrst í stjórn BSRB sem fulltrúi sjúkraliða innan SFR. Ég tók líka þátt í aðgerðum sjúkraliða árið 1986 undir handleiðslu Huldu Ólafsdóttur, þáverandi formanns Sjúkraliðafélagsins.

Samningsrétturinn lykilatriði

- *Hver voru helstu verkefnið sem við þér blöstu þegar þú tókst við formennsku í Sjúkraliðafélaginu árið 1988?*

- Starfsréttindi sjúkraliða voru þá og eru enn í brennidepli. Því var það bar-

áttan fyrir endurskoðun á lögum um sjúkraliða sem mest brann á stéttinni.

Við gerðum okkur grein fyrir því að það yrði því aðeins hægt að ná fram kröfunni um gagngerða endurskoðun á starfsréttindum stéttarinnar og kjörum ef sjúkraliðastéttinni tækist að fá til sín samningsréttinn. Stóra verkefnið sem við blasti var því að stofna okkar eigið stéttarfélag.

- Hver var fyrsta þátttaka þín í kjaramálaslag sjúkraliða?

- Það var strax við stofnun stéttarfélags sjúkraliða árið 1991. Þá hafði stjórn Sjúkraliðafélagsins unnið að því um nokkurt skeið að fá nægjanlegan fjölda félagsmanna fagfélagsins til þess að ganga í nýtt stéttarfélag sjúkraliða til þess að stéttin gæti fengið samningsréttinn í sínar hendur. Það þurfti hver og einn sjúkraliði að staðfesta með því að undirrita yfirlýsingu þess efnis að hann væri þessu fylgjandi. Til þess að nýja stéttarfélagið fengi samningsrétt þurftu 2/3 allra starfandi sjúkraliða í landinu að skila inn slíkri yfirlýsingu. Því markmiði var ekki hægt að ná með því að biða eftir að sjúkraliðar kæmu á skrifstofu félagsins til að skrifa undir. Þvert á móti þurftum við sem vorum í stjórn Sjúkraliðafélagsins af gangast fyrir því að safna undirskriftum. Við vorum með lista þar sem fram kom hvar sjúkraliðar áttu heima, og síðan var haldið af stað og gengið fyrir hvers manns dyr.

Ég man hvað manni fannst það skrítið að oft þurftu eiginmennirnir að hvetja konur sínar til að skrifa undir. Þeir sögðu gjarnan þegar við komum í heimsókn: Auðvitað skrifar þú undir. Þetta var ekki létt vinna og mikil tímapressa að ná nægjanlegum fjölda undirskrifta í tæka tíð.

En þótt við hefðum stofnað stéttarfélag árið 1991 var Sjúkraliðafélagið án kjarasamnings og hafði í raun ekki fengið samningsréttinn viðurkenndan í verki. Viðsemjendur okkar hundsúðu okkur gjörsamlega. Á þeim tíma sem liðinn var frá því að kjarasamningar starfsmannafélaganna voru lausir, höfðu samningar verið endurnýjaðir við öll önnur félög sem höfðu samningsrétt, en sjúkraliðar voru skildir eftir með gömlu samningana og fengu enga kjarabót. Við svo búið gat ekki staðið. Fundið var upp á ýmsum leiðum til þess að ná eyrum ráðamanna.



Kristín flytur ræðu á ráðstefnu Evrópusambands sjúkraliða árið 1992.

Sjúkraliðar í Reykjavík og nágrenni, Vesturlandi, Suðurnesjum og Selfossi, fjölmenntu í mótmælagöngu niður Laugaveg og að Alþingishúsinu þar sem þeir skiluðu inn skriflegum mótmælum 700 sjúkraliða til fjármálaráðherra Friðriks Sophussonar. Sjúkraliðar höfðu ekki rétt til að fara í verkfall en ákváðu þess í stað að setjast niður á tveggja sólahringa kjaramálafund. Viðbrögðin urðu gífurleg. Sjúkrastofnanirnar tæmdust af sjúkraliðum á Reykjavíkursvæðinu. Stéttarvitund sjúkraliðanna var algjör

í þeim átökum. Þessar aðgerðir sjúkraliða vöktu þjóðarathygli. Þeir þóttu hafa sýnt fádæma festu, þrúðmennsku og ótrúlega þolinmæði. Samstaðan var algjör enda gengið undir kjörordunum: Sjúkraliðar, einn fyrir alla, allir fyrir einn. Stilling er styrkur. Samstaða er afl sem ekkert fær staðist. Það hafa verið einkunnarorð stéttarinnar frá upphafi kjarabaráttu hennar.

Stolt af stéttinni

- Hvernig var að lenda í langa verkfallinu í nóvember og desember árið 1994?

- Það var töff, en líka mjög lærdómsríkt. Mest man ég hvað ég var stolt af stéttinni sem stóð saman sem einn maður í baráttunni. Sjúkraliðastéttin stóð þétt að baki forustunnar allan tímann. Þess vegna var ábyrgðartilfinning mín yfirþyrmandi og rak mig áfram í baráttunni langt umfram það sem annars hefði orðið. Hugsunin um uppgjöf var ekki til.

- Höfðu átökin ekki mikla röskun í för með sér?

- Jú, þessi kjaramálaslagur var mikið rask bæði fyrir sjúkraliðana sjálfa og atvinnurekendur. Margir sögðu upp starfi til þess að leggja áherslu á kröfur sínar. Þegar átökunum linnti fór svo að margir sjúkraliðar drógu ekki uppsagnir sínar til baka. Eins sögðu margir sjúkraliðar upp störfum sínum eftir að verkfalli lauk. Ástæða þessa var fyrst og fremst sú að einingin og trúnaðurinn sem var fyrir á deildunum hafði



Borgarstjórinn í Reykjavík, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, staðfestir móttöku á verkfallsboðun Sjúkraliðafélagsins í október 2001.

rofnað vegna þess að hjúkrunarfræðingar stóðu ekki með okkur í þessari langvinnu og erfiðu deilu. Þvert á móti lagði margur yfirmaðurinn sig í framkróka í fjölmiðlum og fóru mikinn við að koma því á framfæri að ekki væri jafnmikil þörf fyrir sjúkraliða og af væri látið.

Það má segja að þegar upp var staðið hafi þetta kennt stjórnendum mikla lexíu, sem var sú að svona kemur maður ekki fram við starfsmenn sína. Einnig uppgötvaðu þeir að sjúkraliðar voru ekki að slást við stofnanirnar í sjálfu sér, heldur og ekki síst við fjármálaráðuneytið og ríkisstjórnina í heild.

Hins ber ekki síður að geta að sjúkraliðar voru að berjast fyrir starfsréttindum sínum samfara kröfum um betri laun. Sú var líka reyndin í þeim átökum sem stéttin hefur staðið í síðan, og nægir þar að nefna þá megnu óánægju með kjör og starfsaðstöðu sem leiddi til víðtækra uppsagna á spítölunum snemma árs 2000 og átökin árið 2001, en þá gripu sjúkraliðar til uppsagna og raðverkfalla.

- Sjúkraliðar hafa bæði farið í þetta langa verkfall og eins beitt stuttum raðverkföllum. Hvor aðferðin hefur gagnast betur í kjarabaráttunni?

- Þegar það er krufið til mergjar ber að skoða hver staða stofnanna er á hverjum tíma varðandi mönnun. Þegar sjúkraliðar fóru í langa verkfallið árið 1994 var mönnunin á stofnunum ekki jafn slæm og hún er nú. Á sama hátt var mikill munur á stöðu stofnanna þegar farið var í þessi svokölluðu raðverkföll árið 2001. Stofnanirnar hafa ekkert þol lengur gagnvart hverskonar röskun á mönnun. Í raun og veru er staða þeirra í dag sú að dagleg mönnun er líkt og um hörku verkfall væri að ræða. Mönnunin er varla nægjanleg til þess að geta kallast neyðarmönnun. Af því leiðir að í dag þarf mjög lítið að bera útaf til þess að áhrifin verði þau sömu og áður í víðtæku verkfalli.

Skortur á vísýni

- Hvers vegna hefur barátta sjúkraliða fyrir aukinni menntun og starfsréttindum alltaf mætt slíkri andstöðu sem raun ber vitni og glögglega kemur fram þegar lítið er yfir fjórutíu ára sögu Sjúkraliðafélags Íslands?

- Það er erfitt að segja. Trúlegast er það vegna þess að sú heilbrigðisstétt



Sigmundur sá kjaradeilu sjúkraliða 1994 í ljósi þeirrar yfirlýsingar Kristínar Á. Guðmundsdóttur að fjármálaráðherra notaði sjúkraliða sem pottlok á láglaunastéttir.

sem vinnur hvað mest með okkur, það er hjúkrunarfræðingar, hefur ekki þá vísýni sem þarf þegar lítið er til framtíðar.

Kannski spilar það eitthvað inn í að fyrir margt löngu voru öll störf sem unnin voru með læknum á sjúkrahúsum unnin af hjúkrunarkonum eins



Kristín hvetur til dáða á baráttufundi í Austurbæ.

og stéttin nefndist á þeim tíma. Þar á ég við þau störf sem í dag eru unnin af geislafræðingum, félagsráðgjöfum, sjúkrapjálfum, iðjuþjálfum, lífeindafræðingum, sjúkraliðum og fleiri stéttum. Kannski eru hjúkrunarfræðingar að reyna að viðhalda gömlum gildum, lokaðir inni í gömlu rómantikinni sem umlukti gamla starfsheitið hjúkrunarkona. Þeir virðist ekki hafa náð að þroska þá hugsun, sem þeir þurfa svo sannarlega, að þeir eru sérfræðingar í hjúkrun og eiga alls ekki að vera eins verkmiðaðir sem raun ber vitni. Sérfræðingar standa ekki í því að sinna störfum sem þeir eiga að úthluta til annarra. Ég er á því að ekki verði breytingar á launum og öðrum kjörum hjúkrunarfræðinga fyrr en þeir setjast niður og skoða framtíðina í þessu ljósi.

- Er almennt séð skortur á samstöðu í verkalyðshreyfingunni?

- Við skulum frekar segja að það sé skortur á samhæfingu verkefna innan bandalaga. Það þarf að vinna miklu meira í því að flokka verkefni og móta framtíðarsýn sem gagnast mætti atvinnurekendum og starfsmönnum til framtíðar.

Það er nú einu sinni svo að það sem gengur upp í þessum málum er að báðir sammingsaðilar hagnist á þeirri vinnu sem unnin er innan verkalýðshreyfingarinnar. Það gagnast atvinnurekendum ekki að laun og önnur kjör sjúkraliða eða annarra stétta séu svo bág að enginn fái til þess að starfa. Á sama hátt má segja að stofnun eða fyrirtæki þarf að standa undir kostnaði af því sem um er samið. Það er eilífðarverkefni þeirra sem standa að gerð kjarasamninga, og annarra samninga milli verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekanda, að finna hvar sá punktur er sem öllum gagnast.

Stærstu sigurnir

- **Þegar þú lítur yfir farinn veg sem formaður, hvað stendur þá upp úr sem merkustu sigurnir?**

- Stofnun stéttarfélagsins stendur upp úr, það er númer eitt, tvö og þrjú þegar litið er á árangur af starfi Sjúkraliðafélagsins síðustu áratugina. Það er fjöregg stéttarinnar og grunnurinn sem allt annað byggir á.

Þá hefur á þessum tíma orðið veruleg breyting til batnaðar á allri viðurkenningu á stétt sjúkraliða, bæði í kjölfar þess að stéttarfélagið var stofnað og vegna þeirrar hörðu baráttu sem við höfum verið að heyja.

Það stendur líka upp úr að okkur hefur á undanförunum árum tekist að leiðrétta launakjörin. Ég geri mér hins vegar fulla grein fyrir því að það má aldrei nema staðar í þeirri baráttu. Það



Merkum áfanga fagnað. Kristín flytur ræðu í 30 ára afmælisfagnaði Sjúkraliðafélagsins árið 1996.

er alveg ljóst að ef eitthvað er slakað á í kjarabaráttunni dettum við aftur niður. Þetta er endalaus baráttu.

Mér finnst það líka vera mikill sigur að hafa fengið framhaldsnám fyrir sjúkraliða í hjúkrun aldrea og vil yrði fyrir því að stéttinni gefist fljótlega kostur á sérnámi á fleiri sviðum hjúkrunar.

Einnig er það mikill sigur að nú skuli hafa verið viðurkennt fyrir dómstólum að sjúkraliðar eigi rétt til þessara starfa innan hjúkrunar.

Þetta er auðvitað enginn smásigur á ekki fleiri árum og gríðarlega mikill áfangi í fjörutíu ára sögu sjúkraliðastéttarinnar. Við hefðum aldrei náð

slíkum árangri nema vegna þess að hjá félaginu var valinn maður í hverju rúmi. Að öllum öðrum ólöstuðum stendur þar upp úr Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélagsins, sem hefur unnið ómetanlegt starf í þágu stéttarinnar allt frá því að unnið var að stofnun stéttarfélagsins. Það er ómetanlegt að hafa fengið slíkan starfsmann til félagsins og það hefur aldrei borið skugga á samstarf okkar. Gunnar hefur verið mér mikill lærimeistari, allt frá því ég var að stíga mín fyrstu skref sem formaður félagsins.

- **Hefur þú einhvern tímann verið að því komin að gefast upp?**

- Nei, aldrei, sú hugsun hefur aldrei náð mér. Hinsvegar geri ég mér grein fyrir því að það hljóti að koma að því að mér yngra og nýrra fólk innan félagsins telji sig verða þess umkomid að gera betur en það sem ég hef verið að gera. Ég held að það sé bara eðlilegt. Sérstaklega einstaklingar sem hafa enga forsendur til þess að gera sér grein fyrir því sem hefur áunnist á undanförunum árum. Það er eðlilegt að þeim finnist að þessi mál hafi alltaf verið í þeim umbúðum sem þau eru í núna.

Sama á reyndar við um þá sigra sem unnist hafa í verkalýðshreyfingunni á síðustu öld, löngu áður en ég kom til sögunnar. Margir halda að þau réttindi sem nú þykja sjálfsgöð hafi alltaf verið til staðar og að engar fórnir hafi verið færðar fyrir framtíðina af því



Í kjaraslagnum 1994: Kristín og Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri félagsins, í önnum átakanna.

fólki sem þá var uppi og barðist fyrir að fá þessi réttindi.

- Hvernig hefur þér tekist að sam-eina öflugt félagsstarf, erfiða kjarabaráttu og fjölskyldulífið?

- Það hefur tekist mjög vel. Þrátt fyrir að þetta hafi verið gríðarlega mikil vinna og ég hafi verið mikið frá heimilinu, hef ég notið þeirrar hamingju að eiga mann sem hefur fullan skilning á því sem ég er að gera og stutt mig dyggilega í þessu að öllu leyti. Þótt börnin mín væru unglingar þegar ég byrjaði að vinna að málefnum Sjúkraliðafélagsins gekk ótrúlega vel að samræma félagsstarfið og fjölskyldulífið.

Horft til framtíðar

- Hvernig metur þú stöðu sjúkraliða á fjörutíu ára afmælinu?

- Ég hefði viljað sjá okkur komna enn lengra, en það er varla hægt að ætlast til þess þegar lítið er yfir allt það sem áunnist hefur á undanförunum árum og áratugum. En á þessu merkisafmæli Sjúkraliðafélagsins erum við ekki að nema staðar, þvert á móti horfum við til framtíðar og þeirra verkefna sem takast þarf á við á komandi árum.

- Hvað vilt þú sjá breytast varðandi stöðu sjúkraliða næstu tíu árin, það er fram að fimmtíu ára afmæli Sjúkraliðafélagsins?

- Ég hef þá trú að á næstu árum muni smám saman koma aukin viðurkenning á störfum og réttindum sjúkraliða af hálfu þeirra sem með okkur starfa á heilbrigðisstofnunum þjóðarinnar. Einnig að mikið verði lagt í sölurnar af atvinnurekendum til að fá sjúkraliða til starfa.

Þetta er mín framtíðarsýn með til-liti til þeirra stórauðna verkefna sem framundan eru í heilbrigðiskerfinu vegna fjölgunar aldraðra, og þeirrar staðreyndar að þeir sem eru núna í háskólanámi í hjúkrunarfræðum eru ekki tilbúnir að koma inn á stofnanirnar og vinna þessi störf. Það blasir því við að þessi vinna á eftir að lenda meira og meira á sjúkraliðum. Krafa mín og ósk á fjörutíu ára afmæli Sjúkraliðafélagsins er að öll störf sem sjúkraliðarnir eru í reynd að vinna að í dag verði viðurkennd á pappírnum, því í kjölfar slíkrar viðurkenningar kemur viðurkenning í launum.

Níu formenn í sögu félagsins

Á fjörutíu ára ferli Sjúkraliðafélags Íslands hafa níu einstaklingar gegnt formennsku í félaginu og þannig verið fremstir meðal jafningja í baráttu fyrir auknum réttindum stéttarinnar.

Þessir níu einstaklingar eru:



1966-1969:

Þórhallur Bjarnason, Kleppsspítala.



1969-1970:

Sólveig Jóhannsdóttir, Borgarspítala.



1970-1973:

Sæmundur B. Elimundarson, Kleppsspítala.



1973-1974:

Heiða Waage, Kleppsspítala.



1974-1979:

Ingibjörg H. Agnars, Borgarspítala.



1979-1983:

Sigríður Kristinsdóttir, Kleppsspítala.



1983-1986:

Margrét S. Einarsdóttir, Landakoti.



1986-1988:

Hulda S. Ólafsdóttir, Borgarspítala.



Frá 1988:

Kristín Á. Guðmundsdóttir, Landspítala.

Aðdragandi náms sjúkraliða á Íslandi

Frumkvæði að því að hér á landi varð til ný stétt hjúkrunarfolks sem hlaut starfsheitið „sjúkraliðar“ hafði Ragnheiður Guðmundsdóttir, lækni, sem leit á slíka menntun sem leið til að bregðast við alvarlegum skorti á hjúkrunarfólki.

Ragnheiður, sem fæddist árið 1915, tók próf í þýskri og enskri bókmenntasögu við Kaupmannahafnarháskóla árið 1936, en fór því næst í læknisfræði og varð sérfræðingur í augnlækningum. Hún starfaði bæði hér heima og erlendis, þar á meðal um árabíl í Bandaríkjunum.

Árið 1962 kynnti hún sér sérstaklega menntun og störf „practical nurses“ í Bandaríkjunum og hóf í kjölfarið kynningu á þeirri starfsstétt með blaðaskrifum og erindi sem hún flutti á fundi stjórnar Rauða kross Íslands.

Fyrsta tillagan

Í tillögu sem hún lagði fram á stjórnarfundum Rauða krossins 11. febrúar 1963 segir meðal annars:

„Undirrituð beinir því til stjórnar R.K.Í.

1. að hún beiti sér fyrir og hafi forgöngu um, að hér á landi verði tekin upp þjálfun hjúkrunarkvenna, sem í enskumælandi löndum eru kallaðar „practical nurses“.

2. að stjórn R.K.Í. skrifi skólafirvöldum Hjúkrunarskóla Íslands og Hjúkrunarkvinnafélagi Íslands samhljóða bréf með tilmælum um, að þær velji hjúkrunarkonur úr sínum hópi til að kynna sér tilhögun þessara tilteknu hjúkrunarmála, svo sem kennslu, námsefni, starfstilhögun eða nánar tiltekið allt sem máli skiptir í þessu sambandi.“

Kerfið tekur við sér

Í október sama ár ræddi Jón Sigurðsson, borgarlækni, sem þá var líka formaður Rauða krossins, við landlækni og síðan við skólastjóra og aðalkennara Hjúkrunarskólans um möguleika á „að auka það starfslið sjúkrahúsa, er annast hjúkrunarstörf, með því að stofna stétt hjálparfolks.“

Um miðjan nóvember urðu skólastjóri og tveir af kennurum Hjúkrunarskólans, ásamt væntanlegri forstöðukonu Borgarsjúkrahússins, sammála um að æskilegt væri að stofna nefnd til að gera tillögur til heilbrigðisyfirvalda um nám og starfstilhögun hinnar nýju starfsstéttar. Málin voru áfram rædd og landlækni skipaði



Ragnheiður Guðmundsdóttir, lækni. Hún bardist fyrir því fyrst allra að mennta nýja stétt „practical nurses“ á Íslandi til að leysa úr brýnum skorti á hjúkrunarfólki. Myndin er birt með leyfi Læknablaðsins.

Hvað á barnið að heita?

Ragnheiður Guðmundsdóttir kynnti fyrst hugmyndir um sjúkraliðastétt á Íslandi. Hún nefndi „liknarsystur“ sem hugsanlegt nafn nýrrar stéttar og var þá með í huga kapólsku systurnar á Landakoti.

Þegar málið kom til skoðunar opinberra stjórnvalda var gjarnan rætt um „sjúkrahjálpara“ að danskri fyrirmynd. Í tillögu nefndarinnar frá 1964 var lagt til að starfið hétu „sjúkrahjálpar“ en starfsmaðurinn „sjúkrahjálpari“ en líka voru nefnd starfsheiti „sjúkrabarna“ og „sjúkrabjónn“.

Það var Ingibjörg R. Magnúsdóttir, þáverandi forstöðukona Fjórðungs-sjúkrahússins á Akureyri, sem bjó til heitið „sjúkraliði“ en hún hafði forgöngu um að koma því námi á fyrir norðan. Almenn ánægja var og er með þetta starfsheiti.

umrædda nefnd í mars 1964.

Nefndin skilaði tillögum „um nám og starfssvið hjálparfolks við hjúkrunarstörf á sjúkrastofnunum“ 25. maí sama ár. Ágreiningur var í nefndinni um menntun og starfssvið hinnar nýju stéttar og var það upphaf átaka sem staðið hafa linnulaust síðustu fjörtíu árin. Borgarlækni fannst tillögurnar til dæmis ná alltof skammt.

Í nefndarálitinu var lagt til að haldin yrðu tvö námskeið á ári fyrir 12 nemendur í senn. Námið stæði í 12 vikur. 42-50 kennslustundir færu í bóklegt nám og verklegar námsæfingar, en síðan tæki við sex vikna verklegt nám á almennum sjúkrahúsum og loks fjögurra vikna verklegt nám á sjúkradeild fyrir aldraða, langlegusjúklinga eða geðsjúka. Þátttakendur skyldu vera á aldrinum 17-50 ára, hafa lokið unglingaprófi og unnið að minnsta kosti tvo mánuði á sjúkrastofnun.

Frumvarp á Alþingi

Haustið 1964 var lagt fram á Alþingi frumvarp til hjúkrunarlaga. Í áttundu grein frumvarpsins, sem var samþykkt sem lög frá Alþingi 5. maí 1965, var svohljóðandi málsgrein:

„Heimilt er að þjálfa konur og karla til aðstoðar við hjúkrun, og skal starfsheiti þeirra, námstilhögun, starfsréttindi og skyldur ákveðin með reglugerð.“

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að gert sé ráð fyrir að Rauði kross Íslands taki að sér að stjórna þjálfun þessa starfsfolks.

Með samþykkt þessarar lagagreinar var lagður lagalegur grundvöllur að menntun nýrrar starfsstéttar í heilbrigðisþjónustu á Íslandi, stéttar sjúkraliða.

Ragnheiður Guðmundsdóttir hóf störf á Landakoti árið 1965 og tók að sér að skipuleggja sjúkraliðanám þess sjúkrahúss, en hún kenndi sjúkraliðanemum á Landakoti í sjö ár. En Akureyringar urðu hins vegar á undan Reykvikingum að útskrifa fyrstu sjúkraliðana, eins og nánar er rakið á næstu síðu.

„Þegar ég lít til baka til þessara löngu liðnu ára finnst mér að þetta leiðbeiningarstarf mitt í þágu sjúkraliðanna hafi verið með því ánægjulegasta og áhugaverðasta sem ég hef fengist við á langri ævi.“ sagði Ragnheiður Guðmundsdóttir þegar sjúkraliðar fögnuðu þrjátíu ára afmæli árið 1996.

Fyrstu sjúkraliðarnir útskrifaðir hjá FSA

Ingibjörg R. Magnúsdóttir hafði kynnt sér menntun og störf danskra sjúkraliða á meðan hún stundaði nám í hjúkrunarkennslu við háskólann í Árósum. Þegar hún kom heim til Íslands sumarið 1965 fór hún að kanna möguleika á að koma á fót sérstökum sjúkraliðaskóla.

Ingibjörg kynnti sér tillögur nefndarinnar frá 1964 og þótti margt gott í þeim. En hún vildi ganga mun lengra.

Tillögur Ingibjargar

Gefum Ingibjörgu R. Magnúsdóttur orðið: „Mér þótti námstími of stuttur og námsmagn of lítið. Hvað var þriggja mánaða nám á þeim tímum, er allir áttu að læra eitt-hvað sérstakt, allir hljóta einhver réttindi? Hvaða kröfur mátti gera til þess fólks að námi loknu? Voru þetta úrbætur, er leystu þann vanda, er við stóðum frammi fyrir?

Ég gekk á fund landlæknis og bað um leyfi til þess að halda námskeið í sjúkrahjálpi á Akureyri, og að það mætti vera hliðstætt því námi, er ég hafði kynnt mér í Danmörku. Landlæknir bauð mér að senda sér tillögur.

Ég kynnti mér viðhorf forstöðukvenna stærstu sjúkrahúsa í Reykjavík til þessara mála. Allskiptar skoðanir voru hjá hjúkrunarstéttinni í heild. Sú veit best hvar skórinn kreppir, sem hefur hann á fætinum. Við, sem ráða áttum hjúkrunarlið á deildir, jafnvel velja úr hópi sem enginn var, ákváðum að hefjast handa. Ég gekk frá tillögum til landlæknis sem voru í aðalatriðum þessarar:

Deildarskiptum sjúkrahúsum, er hefðu á að skipa kennslukröftum, kennslustofum og tækjum, væri heimilað að halda námskeið í sjúkrahjálpi. Námsstími skyldi vera átta mánuðir, þar af bóknám 80 til 100 stundir. Forstöðukonur viðkomandi sjúkrahúsa skyldu bera ábyrgð á bóklegri og verklegri kennslu og starfsheiti þessarar nýju stéttar skyldi vera sjúkraliði, en ekki sjúkrahjálpari.

Fyrsti hópurinn

Landlæknir féllst á þessar tillögur og í nóvember 1965 var gefin út af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu reglugerð um sjúkrahjálpi. Leyfi var þó veitt til þess að fara af stað með námskeið fyrir birtingu reglugerðar og var Fjórðungssjúkrahúsið á



Hér má sjá fyrstu sjúkraliðana sem útskrifaðir voru hér á landi ásamt skólastjóra sínum Ingibjörgu R. Magnúsdóttir, sem er fyrir miðri mynd, og Guðfinnu Thorlacíus, hjúkrunarkennara. Brautskráning þeirra fór fram á Akureyri 26. maí árið 1966. Þær voru (í stafrófsröð): Anna H. Skarphéðinsdóttir, Antonía M. Lýðsdóttir, Guðrún E. Aradóttir, Helena Sigurjónsdóttir, Helga Gísladóttir, Helga K. Þórðardóttir, Ingibjörg Gústafsdóttir, Jóhanna L. Stefánsdóttir, Kristín Björnsdóttir, Ólína A. Helgadóttir, Pálína S. Jónsdóttir, Rannveig Óskarsdóttir, Sesselja I. Stefánsdóttir, Sólrún Hafsteinsdóttir.

Akureyri fyrst til þess að ríða á vaðið. Þaðan brautskráðust fyrstu sjúkraliðarnir hér á landi 26. maí 1966, 14 að tölu.



Tveir af fyrstu sjúkraliðunum í Reykjavík: Sæmundur B. Elimundarson, formaður SLFÍ 1970-1973, og Óla Sveinbjörg Jónsdóttir við störf á Borgarspítalanum árið 1968.

Næstir komu Kleppspítalinn, sem brautskráði 11 sjúkraliða hinn 15. júní, og St. Jósefsspítali að Landakoti, sem brautskráði einnig 11 sjúkraliða hinn 20. júní. Borgarspítalinn brautskráði sína fyrstu sjúkraliða um miðjan september og Landspítalinn síðast í október.

Samkvæmt þessari reglugerð var starfað í sex ár eða fram til ársins 1971. Þá var það eitt af mínum fyrstu störfum í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu að endurskoða reglugerðina og í desemberlok 1971 gaf ráðuneytið út nýja reglugerð um nám og störf sjúkraliða. Aðalbreytingarnar frá fyrri reglugerð voru þær, að námið var aukið að magni og gæðum. Skólatími skyldi vera eitt ár og bóknámsstundir 208 hið minnsta. Auk þess var þar kveðið á um hvaða námsgreinar skyldi kenna, próf, starfs svið sjúkraliða og fleira, er ekki var í fyrri reglugerð,“ segir Ingibjörg R. Magnúsdóttir.



Prúðbúnir sjúkraliðar fagna tíu ára afmæli Sjúkraliðafélags Íslands ásamt Vigdís Magnúsdóttur, forstöðukonu, og Ingibjörgu R. Magnúsdóttur, deildarstjóra.

Sjúkraliðar stofna félag

Nokkrum vikum eftir að fyrstu sjúkraliðarnir voru útskrifaðir hafði Valgerður Eyjólfsdóttir, sjúkraliði á Landakoti, frumkvæði að stofnun sérstakt félags sjúkraliða. Hún hafði samband við sjúkraliða sem útskrifast höfðu frá öðrum sjúkrahúsum þetta sama ár, með þeim árangri að sex sjúkraliðar boðuðu til stofnfundar Sjúkraliðafélags Íslands 21. nóvember árið 1966.

Til stofnfundarins boðuðu þau Valgerður Eyjólfsdóttir og Stefanía Harðardóttir á Landakoti, Guðrún Finnbogadóttir og Hólmfríður Jóhannesdóttir á Borgarspítalanum og Sæmundur B. Elimundarson og Þórhallur Bjarnason á Kleppsspítala. Þessi undirbúningsnefnd hafði samið lög fyrir félagið í samráði við lögfræðing og voru þau samþykkt á stofnfundinum og stjórn kjörin.

Þórhallur Bjarnason var kjörinn fyrsti formaður Sjúkraliðafélagsins með þrettán atkvæðum, en Valgerður Eyjólfsdóttir hlaut tíu atkvæði og Gunnar Árnason sex. Sæmundur B. Elimundarson var kjörinn



Á tíu ára afmæli félagsins. Sæmundur B. Elimundarson, sem var formaður félagsins 1970-1973, er lengst til hægri, en síðan koma Matthías Bjarnason, þáverandi heilbrigðisráðherra, Ingibjörg Agnars, sem var formaður félagsins á tíu ára afmælinu, Sigurlína Gunnarsdóttir og Sigurbirna Hafliðadóttur.

60 árið 1966

Á fyrsta árinu, 1966, voru alls 60 sjúkraliðar útskrifaðir úr námi á sjúkrahúsum landsins.

Næstu ár bættist við svipaður fjöldi árlega, en á tíu ára afmæli stéttarinnar, 1976, voru brautskráðir sjúkraliðar samtals 887 talsins.

ritari, Hólmfríður Jóhannesdóttir féhirðir, Ragnhildur Haraldsdóttir, Hvítabandinu, varaformaður, Unnur Kristjánsdóttir, Farsótt, bréfitari, og varamenn Laufey Eggertsdóttir, Landakoti, og Guðrún Sigurðardóttir, Kleppsspítala.

Skráðir stofnfélagar voru 48, þar af 14 frá Akureyri. Félagsgjaldið var 500 krónur fyrsta starfsárið.



Fyrsta stjórn nýstofnaðrar Reykjavíkurdeildar árið 1991. Frá vinstri: Sigríður Þórarinsdóttir, varaformaður, Sólveig Halblaub, varamaður, Hlíf Geirsdóttir, formaður, Sólrún Þorgilsdóttir, meðstjórmandi, Guðrún Jónsdóttir, ritari, og Ragna Ágústsdóttir, gjaldkeri.

Stofnun deildanna

Fyrstu sjúkraliðarnir sem útskrifuðust hér á landi stofnuðu líka fyrstu deildina innan Sjúkraliðafélags Íslands. Það voru sjúkraliðarnir fjórtán á Akureyri, en fyrsti formaður deildarinnar var Stella Stefánsdóttir, trúnaðarmaður sjúkraliða á sjúkrahúsi FSA.

Þessir fyrstu sjúkraliðar komu saman til fundar 1. apríl árið 1967, en þá var stutt í að annar hópur sjúkraliða brautskráðist frá FSA.

Á aðalfundi Sjúkraliðafélagsins árið 1970 var samþykkt að endurgreiða Akureyrardeildinni 10% af félagsgjöldum sjúkraliða í deildinni og færi það fé til reksturs deildarinnar. Þetta hlutfall hækkaði árið 1984 í 25%. Nú gildir sú regla að allar landshluta-deildir sjúkraliða leggja fjárhagsáætlanir sínar fyrir fulltrúafing sem tekur ákvörðun um fjárveitingar til hverrar deildar.

Deildir í öllum landshlutum

Sjúkraliðar í öðrum landshlutum fylgdu smám saman í fótspor Akureyringanna og stofnuðu sínar eigin deildir.

Akranesdeild sjúkraliða var stofnuð 22. október 1974. Fyrsti formaður hennar var Björg Hermannsdóttir. Hálfum öðrum áratug síðar, árið 1992, tóku sjúkraliðarnir á Akranesi þátt í stofnun Vesturlandsdeildar sem nær yfir allt Vesturlandskjördæmi sem þá var. Fyrsti formaður þeirrar deildarinnar var Helga Steinarsdóttir. Núverandi formaður deildarinnar er Svanhildur Jónsdóttir.

Vestmannaeyjadeild Sjúkraliðafélags Íslands var stofnuð 2. febrúar 1978. Fyrsti formaður deildarinnar var Höskuldur Kárason. Núverandi formaður er Hafðis Sigurðardóttir.

Norðfjarðardeild sjúkraliða var stofnuð 4. nóvember 1978 og var Guri Liv Stefánsdóttir fyrsti formaður deildarinnar. Fjórtán árum síðar, 1992, var Austurlandsdeildin



Austfirskir sjúkraliðar í heimsókn á Skjólgarði í Höfn, Hornafirði. Fyrsta deild sjúkraliða eystra var stofnuð á Norðfirði árið 1978.

stofnuð. Fyrsti formaður hennar var Heiðbrá Guðmundsdóttir sem þá var formaður Norðfjarðardeildarinnar.

Skagafjarðardeild sjúkraliða var stofnuð á Sauðárkróki 1. maí 1979. Rúmum áratug síðar, 18. nóvember 1991, varð til sameiginleg deild sjúkraliða á Norðurlandi vestra. Aðalheiður Arnórsdóttir var fyrsti formaður þeirrar deildar. Núverandi formaður er Jóhanna Þorleifsdóttir.

Suðurnesjadeild Sjúkraliðafélags Íslands var stofnuð 16. október 1979. Núverandi formaður er Inga Lóa Guðmundsdóttir.

Sjúkraliðadeild Árnessýslu var stofnuð



Stofnun Reykjavíkurdeildarinnar fagnað: Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður félagsins, afhendir Hlíf Geirsdóttur, fyrsta formanni Reykjavíkurdeildar, blómvönd.

2. maí árið 1980, en hún varð síðar Suðurlandsdeild sjúkraliða. Fyrsti formaður Suðurlandsdeildar var Bryndís Tryggvadóttir.

Deild sjúkraliða var stofnuð á Húsavík árið 1984.

Átta deildir 1985

Samkvæmt fréttabréfi Sjúkraliðafélagsins árið 1985 voru átta deildir starfandi á landinu það árið; á Akranesi, í Húnavatnssýslu (Blönduósi og Hvammstanga), á Sauðárkróki, Akureyri, Húsavík, Neskaupstað, í Vestmannaeyjum og á Selfossi.

Vestfjarðadeild Sjúkraliðafélags Íslands var stofnuð 9. nóvember 1989. Fyrsti formaður deildarinnar var Anna Björgmundsdóttir.

Reykjavíkurdeild Sjúkraliðafélagsins var stofnuð 19. september 1991, en hún nær yfir allt höfuðborgarsvæðið og er lang fjölmennasta deild sjúkraliða. Fyrsti formaður deildarinnar var Hlíf Geirsdóttir.

Þann 19. október árið 1991 var stofnuð sameiginleg deild sjúkraliða í öllu Norðurlandi eystra, DSNE. Stefán Sturla Svavarsón var formaður bráðabirgðastjórnar sem sat í tæpt ár, en þá var Helga Dögg Sverrisdóttir kjörin formaður og hefur gegnt því embætti síðan.

Sjúkraliðaskóli Íslands í 15 ár

Þriðja reglugerðin um menntun sjúkraliða var gefin út 18. desember árið 1975. Með henni verða þáttaskil í sjúkraliðanáminu því þá færast námið inn í Sjúkraliðaskóla Íslands sem bar ábyrgð á náminu í heild sinni.

Sjúkraliðaskólinn hóf starfsemi skömmu áður, eða 17. október 1975, og hafði aðsetur að Suðurlandsbraut 6 í Reykjavík. Þann dag hófu 30 nemendur nám við skólann, en annar 30 manna hópur hóf námið viku síðar. Af þessum 60 nemendum útskrifuðust 52 sjúkraliðar 15. október árið 1976.

Fyrsta árið var stundað nám samkvæmt reglugerðinni frá 1971, en síðan tók nýja reglugerðin gildi.

„Miklar breytingar hafa verið gerðar á kennslutilhögun Sjúkraliðaskólans frá því hætt var kennslu eftir eldri reglugerð og farið var að kenna eftir reglugerð skólans,” segir fyrsti skólástjórinn, Kristbjörg Þórðardóttir í frásögn af upphafi skólans. „Bóklegum kennslustundum hefur verið fjölgað úr 208 í 300 kennslustundir. Þar sem nú eru teknir inn í skólann nemendur með meira undirbúningsnám en áður var, hefur skólinn talið sér fært að styðjast við kennslubækur sem notaðar eru á hinum Norðurlöndunum.”

Verknám stunduðu sjúkraliðanemar á stærstu sjúkrahúsum landsins á höfuðborgarsvæðinu, í Keflavík og á Akureyri.

Forskóli og endurmenntun

Ingbjörg R. Magnúsdóttir, samsamdi fyrstu námskrá sjúkraliða, hélt áfram að vinna að framgangi sjúkraliðanámsins er hún hóf störf í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í byrjun áttunda áratugarins. Hún fjallaði nánar um starfsemi Sjúkraliðaskólans í grein sem birtist á þrjátíu ára afmæli Sjúkraliðafélagsins, og er hér byggt á þeirri frásögn.



Fyrsta árið, 1976, brautskráðust 52 nemendur frá Sjúkraliðaskóla Íslands í þessum tveimur hópum sem hófu nám í byrjun október 1975.

Vegna meiri krafna um undirbúningsnám nemenda til inngöngu í Sjúkraliðaskólann voru margir áhugasamir einstaklingar útilokaðir frá þeirri skólagöngu. Það voru yfirleitt fullorðnar konur sem séð höfðu um

heimili og barnaupveldi og ekki áttu kost á nauðsynlegri skólagöngu. Formaður Sóknar, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, kom þeirri ósk á framfæri við ráðuneytið, að starfsfullorðnar konur sem séð höfðu um

hverja aðstoð við undirbúning- snám inn í Sjúkraliðaskólann. Fleiri komu með slíkar óskir til skólans. Kristbjörg Þórðardóttir, skólastjóri, snéri sér sumarið 1976 til Guðrúnar Halldórsdóttur, skólastjóra Námsflokka Reykjavíkur, og stakk upp á því að Námsflokkarnir efndu til náms sem gerði fólki með ónóga undirbúningsmenntun kleyft að komast í skólann. Ekki stóð á áhuga og framkvæmdum Guðrúnar. Forskóli sjúkraliða sá dagsins ljós þá um haustið og fyrsta veturinn starfaði hann í tveimur bekkjardeildum. Síðan varð breyting á er inntökukröfur í Sjúkraliðaskólann voru hertar, og starfaði þá Forskóli sjúkraliða með fjórar annir.

Árið 1979 var haldið fyrsta endurmenntunarnámskeiðið fyrir sjúkraliða í Sjúkraliðaskóla Íslands. Þau námskeið urðu 10 og sóttu þau rúmlega 200 sjúkraliðar.

Sjúkraliðaskóli Íslands var lagður niður árið 1990 eftir fimmtán ára starf og hafði þá brautskráð 1.074 sjúkraliða.

Námið til framhaldsskólanna

Fyrsti framhaldsskólinn til að byggja upp og starfrækja nám sjúkraliða var Fjölbrautarskólinn í Breiðholti. Guðmundur Sveinsson, skólameistari, og Sólveig Jóhannsdóttir, hjúkrunarkennari, höfðu mjög góða samvinnu við ráðuneytið um skipulagningu og framkvæmd námsins. Skólinn brautskráði fyrstu sjúkraliðana árið 1976.

„Margs góðs er að minnast frá samstarfinu við nemendur Forskóla sjúkraliða. Oft hef ég dáðst að dugnaði og einbeitni þessa fólks sem þar hefur stundað nám ásamt með fullu starfi og heimilisforsjá og samt náð dágóðum árangri, og hef ég tæpast skilið hvernig það fer að því.“

*Guðrún Halldórsdóttir,
fyrirverandi forstöðumaður
Námsflokka Reykjavíkur.*



Fyrsti hópurinn sem sótti nám í forskóla sjúkraliða sem Námsflokkar Reykjavíkur stóðu fyrir árið 1976.



Þessir sjúkraliðar sóttu fyrsta framhaldsnámskeiðið sem Sjúkraliðaskólinn hélt haustið 1985.



Sjúkraliðar sem sóttu námskeið í umönnun barna á fyrri hluta árs 1987.

Næstir komu Gagnfræðaskólinn á Akureyri og Fjölbrautarskólinn á Akranesi 1979.

Þegar Sjúkraliðaskóli Íslands var lagður niður árið 1990 tók menntamálaráðuneytið við yfirstjórn menntunarmála sjúkraliða eins og annarra starfsstétta. Húsnæði Sjúkraliðaskólans, ásamt húsgögnum, kennslugögnum og ýmsu fleiru til skólahalds, fékk Fjölbrautarskólinn við Ármúla til afnota, en þar varð Heilbrigðisskólinn miðstöð sjúkraliðánámsins. Fyrstu sjúkraliðarnir voru

útskrifaðir frá FÁ árið eftir, haustið 1991.

Framhaldsnám fyrir sjúkraliða hófst við Heilbrigðisskólann árið 1992. Fram til ársins 2001 var boðið upp á einnar annar framhaldsnám fyrir starfandi sjúkraliða við sjúkraliðabraut skólans, en í janúar 2002 hófst þar tveggja anna sérnám í hjúkrun aldraðra.

Flestir framhaldsskólar aðrir en hefðbundnir menntaskólar, verkmenntaskólar og sérskólar, bjóða nemendum nám á sjúkraliðabraut.

Hafa alltaf haft burði til að berjast

- Sjúkraliðar hafa sýnt gífurlegan einhug og samstöðu í öllum sínum aðgerðum. Á þeim fimmtán árum sem liðin eru frá því stéttarfélagið var stofnað hafa þeir knúið fram verulegar kjaraþætur og mikilvægar réttarþætur varðandi menntun sína og starfsréttindi og orðið að beita til þess ýmsum ráðum. Sennilega hafa sjúkraliðar þurft að fara tíu sinnum á þessu tímabili í harðar aðgerðir af einhverju tagi. Það eru fá dæmi um slíkan einhug í sögu íslenskra stéttarféлага.

Þetta segir Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélags Íslands, en hann hefur komið að baráttumálum sjúkraliða í meira en þrjátíu ár. Sjúkraliðinn tók hús á Gunnari og það hann að rífa upp liðna tíð.

Hjá SFR í 17 ár

- *Hvernig hófust afskipti þín af mál-efnum sjúkraliða*

- Mín kynni af sjúkraliðum hófust þegar ég gerðist starfsmaður Starfsmannafélags ríkisstofnana, SFR, snemma árs 1974, en þar starfaði ég í 17 ár eða fram til vors árið 1990. Þetta var mjög stórt og fjölbætt félag opinberra starfsmanna sem unnu hjá ríkinu um allt land.

Félagið hafði á þeim tíma verið frekar afskiptalítið af kjaramálum vegna þess að opinberir starfsmenn höfðu ekki samningsrétt á þeim tíma, laun þeirra voru ákveðin með lögum frá Alþingi. Menn voru settir í launaflokka með laga-setningu, hvort sem það voru þingmenn eða sendlar. En á þessu urðu smám saman breytingar í þá átt að gefa opinberum starfsmönnum meiri áhrif á sín eigin mál. Fyrst var það þó án samningsréttar og án verkfallsréttar, en félögin fengu rétt til að flytja mál sitt fyrir sérstakri kjaranefnd sem ákvað síðan launaflokk hvers og eins.



Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélags Íslands, á skrifstofunni að Grensásvegi 16 í Reykjavík.

Næsta skrefið var að BSRB fékk samningsrétt fyrir öll aðildarfélög sín, en ekki verkfallsrétt. Afar fjölmenn samninganefnd BSRB gerði þá aðalkjarasamning fyrir alla, en síðan fengu félög eins og SFR að gera sérkjarasamning innan tiltekens ramma hverju sinni.

Byltingin í samningsréttarmálum

Í átökunum á níunda áratugnum fengu sjúkraliðar góða æfingu í að berjast fyrir sínum málum og það hefur komið þeim að góðu haldi alla tíð síðan.

félaga opinberra starfsmanna varð síðan árið 1986 þegar félögin fengu samnings- og verkfallsrétt, en þau lög tóku gildi 1. janúar 1987.

Í fjölmörgum félögum

- *Hver var staða sjúkraliða á þessum tíma?*

- Á þessum árum fengu fulltrúar sveitarfélaganna að taka þátt í og hafa áhrif á stefnumótun ríkisins, en þeir fóru síðan heim í hérað og gerðu þar samninga við sitt fólk þegar ríkið var búið að semja. Þar sem ríkið greiddi allan kostnað við rekstur sjúkrahúsa úti á landi voru sveitarstjórnarmenn fúsir til að semja um hærri laun en gert var hjá ríkinu. Þetta leiddi meðal annars til þess að kjör sjúkraliða úti á landi voru yfirleitt mun betri en í höfuðborginni, en þó með sínum hætti á hverjum stað.

Þetta var einn hvatinn að stofnun stéttarfélagssins, það er að samræma kjör sjúkraliða og miða þá við það sem best var. En það gekk ekki þrautalaust fyrir sig. Kjaramunurinn eftir stöðum á landinu gerði það að verkum að sjúkraliðar voru ekki einhuga um hvort þeir ættu að krefjast sammingsréttar, stofna sitt eigið stéttarfélag og gerast sjálfstæður aðili að BSRB, eða vera áfram hver innan síns gamla félags.

Sjúkraliðar dreifðust á um tuttugu og fimm félög víðs vegar um landið, en stærstu hóparnir voru í SFR og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Allt frumkvæði að breytingum á kjarasamningum á þessum árum var í höndum SFR. Og það var alltaf torsótt. Sjúkraliðar hafa alla tíð þurft að sækja kjarabætur sínar með átökum af einu eða öðru tagi.

Í þessum stóru blönduðu félögum voru fjölmargar stéttir, mörg hundruð starfsheiti og fjölmargir vinnustaðir. Þótt forysta slíks margslungins félags væri öll af vilja gerð gat hún ekki tekið eina stétt fram yfir aðra. Frumkvæði að slíku varð að koma frá viðkomandi stétt innan félagsins. Eina ráðið sem hópar innan stóru félaganna höfðu á þessum tíma voru uppsagnir, og þar létu sjúkraliðar til sína taka, enda hafa þeir alla tíð verið óragir að berjast fyrir sínum málum, enda ekki vanþörf á.

Ég hafði alltaf á tilfinningunni að tvær stéttir innan opinbera geirans væru eins og stegla fyrir stjórnkerfið til að koma í veg fyrir launaskrið, það eru iðnaðarmenn og sjúkraliðar, og þess vegna væri þeim alltaf haldið niðri kjaralega séð. Þessi afstaða ríkisins bitnaði mjög hart á þessum stéttum. Sjúkraliðar innan SFR sættu sig ekki við þetta. Þeir beittu í tvígang uppsögnum, á árunum 1982-1983 og 1986-1987. Einar Ólafsson, sem var formaður SFR á þessum árum, var alltaf óragur að styðja við bakið á hverri þeirri



Forráðamenn Starfsmannafélags ríkisstofnana (SFR) ræða við þáverandi fjármálaráðherra, Ólaf Ragnar Grímsson, vorið 1989 til undirbúnings nýjum kjarasamningum. Í sófanum sitja frá vinstri: Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri SFR, Einar Ólafsson, formaður félagsins, og Tómas Sigurðsson, varaformaður.

stétt innan félagsins sem hafði burði til að fara út í aðgerðir af þessu tagi, þótt hann gæti lagalega séð ekki haft forystu um slíkt.

Í átökunum á níunda áratugnum fengu sjúkraliðar góða æfingu í að berjast fyrir sínum málum og það hefur komið þeim að góðu haldi alla tíð síðan. Sjúkraliðar fengu bæði verulegar kjarabætur og viðurkenningu á sínum störfum sem ekki var síður mikilvægt á þessum tíma.

Andstaðan

- Lengi vel var andstaða gegn því bæði í forystu BSRB og meðal sjúkraliða sjálfra að sjúkraliðar stofnuðu stéttarfélag og fengu sjálfstæðan sammingsrétt. Hvers vegna?

- Meðal sjúkraliða var alla tíð nokkur vilji til að stofna eigið stéttarfélag, en á fyrstu áratugum stéttarinnar var ekki sú eining í röðum hennar sem þurfti til að

það næði fram að ganga. Það var viss íhaldssemi innan BSRB að verða við óskum sjúkraliða um eigið stéttarfélag, en þess gætti ekki hjá SFR. Einar Ólafsson sagði alltaf við sjúkraliðana: um leið og þið náði nægilegri samstöðu og finnið þá forystu sem þarf til að taka málin í ykkar eigin hendur þá eigið þið að gera það. Ég flutti ítrekað þessi skilaboð hans til sjúkraliða sem áttu í viðræðum við forystu BSRB um sjálfstæða aðild sjúkraliða að bandalaginu.

Á þeim árum var tiltölulega auðvelt að stofna stéttarfélag vegna þess að sammingsrétturinn var hjá BSRB en ekki hjá félögum. Stofnun stéttarfélags þýddi einfaldlega að sjúkraliðar hefðu fengið sjálfstæða aðild að BSRB og þar með sæti í fjölmennri samninganefnd bandalagsins sem mótaði kjarastefnuna. Slíkar þreyfingar voru komnar verulega áleiðis seint á áttunda áratugnum þegar

Kostir við stofnun stéttarfélags

Gunnar Gunnarsson tók saman greinargerð um sammingsrétt sjúkraliða innan BSRB í desember 1990 og var henni dreift sem fjölríti til allra sjúkraliða.

Þar taldi hann upp eftirfarandi kosti þess fyrir sjúkraliða að stofna eigið stéttarfélag:

1. Sjúkraliða fara sjálfir með fullt og óskorað umboð til að semja um sín kjör;

starfs- og launakjör, vinnutíma og vinnuumhverfi, starfsskyldur og réttindi, menntun, grunnmenntun, endur- og símenntun.

2. Samstarfsnefndir sem fjalla um röðun starfa í launaflokka, afgreiðslu ágreiningsmála og túlkun kjarasamningsákvæða.

3. Innheimta félagsgjalda verður einfaldari, örugg-

ari og skilar félaginu auknum tekjum.

4. Iðgjöld gætu lækkað sem nemur fagfélagsgjaldinu, að minnsta kosti þegar fram líða stundir.

5. Sjálfstæður orlofssjóður 0.25% af öllum launum.

6. Samræmd starfskjör sjúkraliða að svo miklu leyti sem einn kjarasamningur tryggir það.

7. Yfirborganir einstakra stofnana og sveitarfélaga halda áfram vilji þau tryggja sér sérhæft starfsfólk.

8. Trúnaðarmenn félagsins fá full og óskert réttindi til að gegna trúnaðarstarfi sínu samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986.

ný stjórn tók við völdum í Sjúkraliðafélaginu og afturkallaði beiðni félagsins um aðildarviðræður að BSRB.

Afrek í tímapróng

- En svo komast skriður á málið undir lok níunda áratugarins?

- Já, með nýju samningsréttarlögum 1986 gjörbreyttist staðan því þá fengu einstök stéttarfélag opinberra starfsmanna samnings- og verkfallsrétt. Forysta sjúkraliða taldi nauðsynlegt að stofna eigið stéttarfélag bæði til að bæta kjörin og til að styrkja réttarstöðu stéttarinnar.

Þá var hins vegar orðið mun erfiðara og flóknara en áður að stofna stéttarfélag. Nýju löggin gerðu mjög strangar kröfur um samstöðu stéttarinnar því til þess að fá samningsrétt þurftu tveir þriðju starfandi sjúkraliða í landinu að skrifa undir yfirlýsingu um þátttöku í nýju stéttarfélagi.

- Hvernig komst þú að stofnun stéttarfélagsins?

- Ég lét af störfum hjá SFR þegar Einar Ólafsson, sem ég hafði starfað með frá 1974, féll í formannskjöri vorið 1990. Með fannst eðlilegt að hætta þannig að ný stjórn SFR hefði frjálssar hendur um val á framkvæmdastjóra.

Um haustið komu nokkrir forystumenn sjúkraliða heim til mín, sögðu mér að undirbúningur að stofnun eigin stéttarfélags væri hafinn og óskuðu eftir aðstoð minni. Þeir töldu sig að ýmsu leyti vanmáttuga til að gera það sem gera þurfti á mjög skömmum tíma til að nýtt stéttarfélag mætti taka þátt í viðræðum um nýjan kjarasamning sem þá voru framundan. Ég sló til og hef starfað hjá Sjúkraliðafélaginu allar götur síðan.

Það þurfti að setja stéttarfélaginu lög, ganga frá ítarlegum greinargerðum um hvað ynnist og hvað tapaðist við að stofna eigið stéttarfélag og fá skriflegar inntökubeiðnir riflega 900 einstaklinga víðs vegar um landið. Það var gífurleg vinna sem tókst vegna þess að forysta Sjúkraliðafélagsins gekk hús úr húsi til að hitta sjúkraliða og fá undirskrift þeirra og samþykki. Þetta var þeim mun meira afrek þar sem ekki var algjör samstaða meðal sjúkraliða um að stíga þetta skref, ekki síst úti á landi þar sem mörgum forystumönnum sjúkraliða fannst sínum kjörum betur borgið heima í héraði. Sjúkraliðar voru mjög stór hluti félagsmanna í starfsmannafélögum þar sem sjúkrahús voru staðsett. Stofnun sérstakt stéttarfélags sjúkraliða var því veruleg blóðtaka fyrir þessi félög



BSRB hélt upp á fimmtíu ára afmæli samtakanna árið 1992 með samkomu í Borgarleikhúsinu og þar mættu fulltrúar sjúkraliða. Frá vinstri: Hlíf Geirsdóttir, Sólveig Halblaub, Gunnar Gunnarsson, Guðlaugur Sigurðsson, Ólafía Ingvarsdóttir, Kolbrún Finnbogadóttir, Kristín Á. Guðmundsdóttir, Birna Ólafsdóttir, Diðrik Ísleifsson, Þórdís Davíðsdóttir, Hulda Ólafsdóttir og Sigríður Kristinsdóttir.

og ekkert óeðlilegt við að þaðan kæmi andstaða við áform Sjúkraliðarfélagsins, en þetta hafðist og í dag nær Sjúkraliðafélagið til nánast allra sjúkraliða í landinu.

Í fyrstu samningum stéttarfélagsins, sem reyndar tóku 19 mánuði, var krafan sú að launakjör sjúkraliða yrðu jöfnuð, að sjúkraliðar með sömu menntun, sama starfssvið og á sama vettvangi hefðu ein og sömu kjörin. Það þýddi gífurlegar hækkanir fyrir meginþorra sjúkraliða sem voru hér í Reykjavík, hækkanir á launum um tugi prósent, auk þess sem sum starfsmannafélög úti á landi höfðu margvísleg önnur réttindi sem ekki höfðu fengist hjá ríki eða borg. Sjúkraliðafélaginu hefur á undanförmum árum tekist að jafna kjörin upp á við í kjarasamningum sínum við ríki, sveitarfélög og sjálfseignarstofnanir.

Ég held að málflutningur félagsins og þá sérstaklega formannsins hafi verið mjög sannfærandi.

Alvarlegasti bresturinn

- Þegar lítið er yfir sögu stéttarfélagsins er augljóst að sjúkraliðar hafa mætt mikilli andstöðu bæði hjá ríkisstjórn og samstarfsfólki. Hver er skýringin á því?

- Það er rétt að sjúkraliðastéttin hefur lengi átti undir högg að sækja með starfsréttindi sín og menntun og mætt verulegri andstöðu og tregðu stjórnvalda. Sem dæmi um það má nefna að í átökum 1982-1983, þegar sjúkraliðar beittu uppsögnum, náðust fram vilyrði um tvennt í menntunar- og réttindamálum sjúkraliða. Annars vegar að boðið yrði upp á eins árs framhaldsnám við Sjúkraliðaskólann sem veitti sjúkraliðum sjálfstæð hjúkrunarréttindi, hins vegar að komið yrði á fót einnar annar námskeiðum í sérgreindum hjúkrunarfögum við skólann. Þetta síðarnefnda komst í gagnið eftir ný og mikil átök og uppsagnir 1986-1987, en eins árs námið varð ekki að veruleika fyrr en árið 2002. Þessi reynsla sýnir glögglega hversu erfitt er að fá stjórnvöld til að efna loforð sem þau gefa, jafnvel þótt um sé að ræða mikilvægan þátt í að leysa alvarlega kjaradeilu.

Sjúkraliðar hafa líka orðið fyrir þeirri einstæðu uppákomu í sögu þjóðarinnar að yfirlýsing þriggja ráðherra dugði ekki til þess að ríkið stæði við gefin loforð. Langt og strangt verkfall sjúkraliða árið 1994 var leyst með fyrirheitum Sighvats

Björgvinssonar, heilbrigðisráðherra, Friðriks Sophussonar, fjármálaráðherra, og Davíðs Oddssonar, forsætisráðherra, um að lagt yrði fram á Alþingi stjórnarfrumvarp um aukin starfsréttindi sjúkraliða. Þetta loforð dugði skammt því frumvarpið dagaði uppi. Ráðherrarnir báru fyrir sig sem afsökun að stéttarfélag samstarfsfólks sjúkraliða á heilbrigðisstofnunum beittu sér ákaft og opinberlega gegn því að starfsréttindi sjúkraliða yrðu treyst með þessum hætti. Þessi atburðarás var tvímælalaust alvarlegasti bresturinn sem ég hef upplifað í samskiptum Sjúkraliðafélagsins við ríkisvaldið og önnur stéttarfélög.

Sannfærandi málflutningur

- Hvers vegna hefur samstaða meðal sjúkraliða verið jafn mikil og raun ber vitni?

- Það er rétt að sjúkraliðar hafa sýnt gifurlegan einhug og samstöðu í öllum sínum aðgerðum. Á þeim fimmtán árum sem liðin eru frá því stéttarfélagið var stofnað árið 1991 hafa þeir knúið fram verulegar kjarbætur og mikilvægar réttarbætur varðandi menntun sína og starfsréttindi og orðið að beita til þess ýmsum ráðum. Sennilega hafa sjúkraliðar þurft að fara tíu sinnum á þessu tímabili í harðar aðgerðir af einhverju tagi. Það segir okkur auðvitað hversu léleg kjör og réttindaleysið hafa brunnið á þeim öll þessi ár. Það eru fá dæmi um slíkan einhug í sögu íslenskra stéttarféлага.

Ég held að málflutningur félagsins og þá sérstaklega formannsins hafi verið mjög sannfærandi. Kristín Á. Guðmundsdóttir nýtur fyllsta trausts innan stéttarinnar og það hefur skipt verulegu máli. Hún er örög að takast á við hvað sem er, kynnir sér málin vel og skýrir þau á einfaldan, skorinorðan máta sem allir skilja.

Félagið hefur alltaf sýnt sanngirni og haft fullgild rök fyrir öllum kröfum og aðgerðum. Sjúkraliðar eru friðsemdarfólk og félaginu hefði ekki tekist að fylkja liði á bak við kröfurnar ef ekki hefði falist í þeim krafa um sanngirni varðandi laun og réttindi. En ríkið hefur litið á sjúkraliða sem viðmiðunarstétt, eins og ég nefndi áðan, og þess vegna reynt að halda kjörum þeirra niðri. Þá hafa sjúkraliðar verið áberandi í fjölda- mörög ár, þeir kunna að vekja athygli á málstað stéttarinnar og kjörum og þeir hafa haft frumkvæði og forystu um ýmsa hluti, til dæmis varðandi breytingar á vaktaákvæðum og um ýmis lagaleg



Starfsmenn Sjúkraliðafélags Íslands við stofnun stéttarfélagsins árið 1991: Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri, og Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri.

réttindi. Mótspyrna beinist gjarnan gegn þeim sem hafa einhverja burði til að berjast og það hafa sjúkraliðar haft í ríku mæli.

Mikilvægir áfangar

- Hvað telur þú merkilegast af því sem náðst hefur fram í kjarasamningum stéttarfélagsins?

- Samningsrétturinn sjálfur er auðvitað grundvöllur þess sem náðst hefur fram. Þar er af mörgu að taka, en ég vil þó fyrst nefna að í kjarasamningunum árið 1994 náðist inn ákvæði um kjaratengd námskeið. Ég tel að þar hafi verið brotið blað í sögu stéttarinnar. Áður höfðu sjúkraliðar fengið svikin loforð um framhaldsmenntun og loforð um sérgreind námskeið sem voru fyrir takmarkaðan fjölda, en með þessu samkomulagi 1994 fengu sjúkra-

liðar flóðbylgju nýrra möguleika til að auka menntun sína og hæfni í starfi. Ég held að nánast allir sjúkraliðar hafi farið á einhver slík kjaratengd námskeið sem hafa skilað sér í bættem kjörum og aukinni menntun. Margir sjúkraliðar hafa farið á fjölmörg slík námskeið síðastliðinn áratug, enda gerir nútíminn kröfu um stöðuga símenntun. Með tilkomu þessara símenntunarmöguleika og með dyggri aðstoð Fjölbrotarskólans við Ármúla, Sölva Sveinssonar skólameistara og Starfsmenntasjóðs sem greiðir kostnað sjúkraliða af námskeiðunum, hefur orðið bylting í viðbótarmenntun stéttarinnar. Ég get nefnt sem dæmi um gifurlegan áhuga sjúkraliða á frekari menntun að á tímabilinu frá 1. janúar 2004 til 29. september 2006 hafa 949 sjúkraliðar sótt 2.956 kjaratengd námskeið.



Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, og Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri, á fundi Vestfjarðadeildar á Ísafirði.

Annað sem skipti miklu máli ekki aðeins fyrir sjúkraliða heldur einnig aðrar stéttir opinberra starfsmanna, er sú gjörbreyting sem varð á veikindarétti í samningunum árið 2001. Þá varð veikindarétturinn hluti af kjarasamningi og komið var á fót sérstökum Styrktarsjóði sem er mikil kjarabót. Ekki sist fyrir forgöngu Sjúkraliðafélagsins varð samstaða um að flest aðildarfélög BSRB sameinuðust í einum stórum styrktarsjóði. Eins vil ég minna á að vegna mikillar samstöðu opinberra starfsmanna tókst okkur að verja lífeyrisréttinn þrátt fyrir harða ásókn frá ríkisvaldinu og stéttarfélögum á almenna vinnumarkaðinum. Það var afar mikilvægur varnarsigur.

Þá ber sérstaklega að nefna að frá því lög um sjúkraliða voru sett árið 1984 hefur verið deilt um hvort þau tryggja sjúkraliðum forgang til hjúkrunarstarfa sem eru á verksviði stéttarinnar. Við lausn kjaradeilunnar 2001 tókst félaginu að fá þáverandi heilbrigðisráðherra til að setja nýja reglugerð um starfsréttindi sjúkraliða og forgang til starfa. Sumir hafa samt þrjóskað við að fara eftir þessari reglugerð. Þeim ágreiningi lauk loks nú í sumar með þeirri niðurstöðu héraðsdóms að sjúkraliðar hafi tvímælalaust þennan forgang. Niðurstaða dómsins var svo óvægjanleg að honum var ekki áfrýjað til Hæstaréttar af mótaðila, og hefur því ótvírætt fordæmisgildi fyrir allar heilbrigðisstofnanir. Að þessi niðurstaða skuli liggja fyrir 22 árum eftir að lögin voru sett sýnir og sannar að það má aldrei gefast upp í baráttunni þótt á móti blási.

Stytta verður starfsævina

- Er árangurinn síðustu fimmtán árin í samræmi við væntingar þeirra sem stóðu að stofnun stéttarfélagsins?


- Já, ég held það. Sjúkraliðar vissu það árið 1990 að þeir gátu ekki krafist þess að blönduðu stéttarfélögin sinnu sjúkraliðum sérstaklega eins og þörf var á, og þess vegna tóku þeir samningamálin í eigin hendur.

Hins vegar er árangur alltaf afstæður. Gott dæmi um það er að í júní 2005 gerði Sjúkraliðafélagið einn besta samning í sögu félagsins, en þá voru byrjunarlaunin hækkuð úr 120 þúsundum í 160 þúsund sem var gífurleg bylting. En við höfðum rétt svo fengið þessa samninga samþykka þegar þáverandi borgarstjóri í Reykjavík hækkaði verulega öll laun hjá umönnunarstéttum hjá borginni. Vegna þess að Sjúkraliðafélagið gerði



Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélagsins, og Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður félagsins, á fundi með Siv Friðleifsdóttur, heilbrigðisráðherra, fyrr á þessu ári.

þennan góða samning skapaðist rými hjá borgarstjóra til að gera vel við sitt fólk, sem við fögnum af mikilli einlægni. Þetta setti bylgju af stað því hækkanirnar fóru í gegnum alla samninga launafundar sveitarfélaga og verkalyðsfélaganna. Okkar góði samningur frá því í fyrra varð því fyrr en ætla mátti barn síns tíma og nú á haustdögum stendur Sjúkraliðafélagið frammi fyrir því verkefni að krefjast leiðréttingar á kjörum sjúkraliða hjá ríkinu. Þetta sýnir okkur að það sem er gott í dag getur verið úrelt á morgun.



Gunnar Gunnarsson í ræðustól á fundi sjúkraliða í langa verkfallinu 1994.

- Hver telur þú vera brýnustu baráttumál stéttarinnar á komandi árum?

- Mér finnst mjög margt komið í land af því sem að var stefnt, en það þarf stöðugt að vinna að því að viðhalda þeim réttindum sem fengist hafa.

Það sem ég tel að brenni einna mest á stéttinni núna og í nánustu framtíð eru hrikaleg áhrif starfsins á heilsuna. Það verður að endurskoða vinnutíma og vinnuástöðu sjúkraliða. Margar þessar konur eru útslitnar um sextugt og geta ekki af heilsufarsástæðum haldið áfram að vinna þar til fullum lífeyrisréttindum er náð samkvæmt núverandi reglum um eftirlaun.

Þetta er líka spurning um mönnun heilbrigðiskerfisins í framtíðinni. Ungu fólkíð hefur ekki áhuga á þessari miklu vinnu sem eldri kynslóðinni þótti svo eftirsóknarvert. Draumastarfið þegar ég var yngri var að geta unnið yfirvinnu á kvöldin og um helgar. Þetta er gjörbreytt. Ungt fólk í dag hefur allt önnur viðhorf til að eignast hluti, það er afnotakynslóð frekar en eignakynslóð. Þetta unga fólkíð vill hafa góða íbúð, en það skiptir engu máli hver á hana, og hafa afnot af góðum bíl án þess endilega að eiga hann. Þetta unga fólk vill sinna heimili sínu og fjölskyldu og hefur því engan áhuga á að vinna umfram tiltekið lágmark. Ef ætlunin er að fá ungt fólk til starfa á heilbrigðisstofnunum framtíðarinnar verður að skapa þar nýtt vinnu-umhverfi þar sem vinnutíma er breytt, starfsævin er stytta og boðið upp á þjónustu leikskóla og annarra slíkra stofnana á þeim tímum sem ætlast er til að það vinni á heilbrigðisstofnunum.



Fjölmennur fundur sjúkraliða í Reykjavík ræðir uppsagnir. Kristján Thorlacius, þáverandi formaður BSRB, í ræðustól.

Sjúkraliðar segja upp í nauðvörn

Fimm árum áður en sjúkraliðar stofnuðu sitt eigið stéttarfélag var óánægja með kjörin og starfsréttindin slík að sjúkraliðar ákváðu að segja upp störfum sínum til að knýja á um breytingar. Mikil samstaða var um þessar hópuþsagnir sjúkraliða sem vöktu athygli á lélegum kjörum stéttarinnar og leiddu til samkomulags.

Þetta var reyndar ekki í fyrsta sinn sem sjúkraliðar gripu til þessa vopns í kjarabaráttunni. Það gerðu þeir líka á árunum 1982-1983, en þá sögðu sjúkraliðar í Reykjavík upp til að knýja á um gerð sérkjarasamnings.

En það horfði afar illa í mál-efnum stéttarinnar þegar sjúkraliðar á höfuðborgarsvæðinu efndu til mjög fjölmenns fundar 4. september 1986 til að ræða hugsanlegar aðgerðir.

Stóraukinn launamunur

Yfirlýsing fundarins lýsir vel stöðu stéttarinnar á þeim tíma. Ályktunin var samþykkt einróma. Þar segir meðal annars:

“Megn óánægja ríkir hjá sjúkraliðum í Reykjavík og nágrenni vegna



Frásögn Þjóðviljans af fyrstu uppsögnum sjúkraliða. Fréttin birtist 2. mars 1982.

kjaramála og margskonar annarra réttindamála. Sjúkraliðar hafa á síðustu árum ekki fengið kjarabætur til jafns

við aðra starfshópa eins og til dæmis hjúkrunarfræðinga og meinatækna. Nú eru þessir hópar átta launa-

flokkum hærri en sjúkraliðar, en voru þremur flokkum hærri fyrir nokkrum árum. Og er þá ekki verið að segja að þessar starfsstéttir séu ofsælar af launum sínum.

Sjúkraliðar hafa ekki jafnan aðgang að dagvistunarstofnunum barna miðað við aðra heilbrigðishópa.

Þá skal bent á að þrátt fyrir aukna menntun sjúkraliða hafa forráðamenn sjúkrastofnana ekki metið það nám sem skildi og þá ábyrgð sem starfi okkar fylgir þar sem ófaglært fólk er ráðið í störf sjúkraliða á opinberum sjúkrastofnunum.

Við sjúkraliðar vitum að á meðan við þegjum þunnu hljóði þá koma engir með neinar kjarabætur til okkar á silfurfati. Því verðum við nú að grípa til þeirra neyðarúrræða að segja upp störfum til að leggja áherslu á að það er full alvara á ferðum.

Sjúkraliðar geta ekki lengur sætt sig við þau kjör og þá starfsaðstöðu sem þeim er boðið upp á, sérstaklega það mikla vinnuálag sem þeir búa við.”

Í fyllstu alvöru

Hulda S. Ólafsdóttir, sem var formaður Sjúkraliðafélags Íslands á árunum 1986-1988, setti þennan fjölsóttu fund og flutti ávarp þar sem hún gerði nánari grein fyrir stöðunni. Þar kom meðal annars fram að aðsókn að Sjúkraliðaskólanum hefði minnkad verulega vegna lélegra launakjara sjúkraliða.

„Öll þessi óánægja sjúkraliða með stöðu sína og launakjör hefur leitt til þess að við höfum í fyllstu alvöru íhugað hópuppsagnir. Ekki svo að



Stjórn Sjúkraliðafélagsins á tuttugu ára afmælinu árið 1986. Frá vinstri: Kolbrún Sæmundsdóttir, Sigríður Kristinsdóttir (formaður 1979-1983), Margrét Kristinsdóttir, Ragna Brynjarsdóttir, Kristín Á. Guðmundsdóttir núverandi formaður, Hulda Ólafsdóttir (formaður 1986-1988), María Þórarinsdóttir og Ólafía Ingvarsdóttir.

skilja að við vitum ekki að á því eru ýmsir annmarkar. Hópuppsagnir eru baráttuáferð sem fólkið tekur sér sjálft og er þannig ólík skipulögðum verkfallsaðgerðum sem heildarsamtök gangast fyrir. Hópuppsagnir eru nauðvörn sem fólk gripur til þegar gömlu aðferðirnar duga ekki,” sagði Hulda í ræðu sinni.

Sjúkraliðafélagið hafði boðað forystumenn BSRB, SFR og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar á fundinn til þess að gera sjúkraliðum grein fyrir því hvort vænta mætti einhvers stuðnings frá stéttarfélag-

unum í hópuppsögnum, og vísaði þar til samþykktar sem stjórn BSRB gerði skömmu áður, eða 31. júlí 1986, um það efni. Í þeirri samþykkt sagði meðal annars:

„Vegna breyttra aðstæðna samþykkir stjórn BSRB að Verkfallssjóður bandalagsins veiti stuðning í kjara- deilum þegar starfsmenn neyðast til að beita hópuppsögnum, enda staðfesti viðkomandi félag og stjórn BSRB stuðning við slíka aðgerð.”

„Kitlar mig svoltið”

Einar Ólafsson, þáverandi formaður

Tókum málin í okkar hendur

Eftir að sjúkraliðar í St.Rv. og SFR ákváðu að segja upp störfum, tókum við sjúkraliðar málin í okkar hendur ef svo má segja og fundum fyrir samtakamætti okkar. Allt í einu fundum við að við höfðum vald sem viðsemjendur okkar fundu fyrir. Það stappaði óneitanlega í okkur stálinu svo það var engan bilbug að finna á sjúkraliðum alla þessa erfiðu mánuði, segir Hulda Ólafsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins 1986-1988.



Hulda S. Ólafsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins 1986-1988, gerir grein fyrir stöðu mála á fundinum 4. september 1986.

SFR, benti í ræðu sinni á fundinum á að mikla samstöðu þyrfti til að hópuppsagnir skiluðu árangri:

„Það má lítið út af bera til þess að bresti. Því hef ég líka séð fólk brotna undan átakinu þegar á hólminn er komið. Ef þið ákveðið hópuppsagnir þurfið þið að taka saman höndum og standa eins og einn maður. Aðgerðin verður að byggjast á virkilegri samstöðu og einingu. Það er einnig ljóst að ef þið gangið fram fyrir skjöldu þá munu miklu stærri hópar í opinberu starfi, ekki bara hjá ríki heldur líka hjá sveitarfélögunum, njóta góðs af. Ég er ekki að hvetja ykkur. Og þó, það kitlar mig svolítið að eitthvað sé gert.“

Haraldur Hannesson, formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar sagði að sjúkraliðar væru ekki ólíklegasti hópurinn til að hafa þrótt til að vera brimbrjótur í þeim átökum sem framundan væru á vinnumarkaðinum, en hann væri samt ekki reiðubúinn til að lýsa því yfir að hópuppsagnir væru endilega rétta aðgerðin.

Kristján Thorlacíus, formaður BSRB, sagði heildarsamtökin ekki geta hvatt til hópuppsagna, en ef þið sjúkraliðar hefðuð „yfirgnæfandi samstöðu um að segja upp störfum ykkar, þá munum við í BSRB beita okkur fyrir fullum og óskoruðum stuðningi við ykkur í samræmi við áður nefnda samþykkt.“

„Okkar eina vopn“

Hulda S. Ólafsdóttir lýsti þessum átökum í viðtali við afmælisblað Sjúkraliðans árið 1991:

„Okkar eina vopn í stöðunni var að segja upp störfum til að þrýsta á viðurkenningu á sérstöðu okkar í samningum. Sjúkraliðar sem átta aðild að SFR og St.Rv. stóðu í eldlinunni og sögðu upp störfum í nóvember 1986. Mikil og góð samstaða náðist og stéttarfélögin studdu vel við bakið á okkur. Til að gera langa sögu stutta þá vorum við aðeins úti í tæpan sólarhring þar sem samningar tókust og við hófum störf á ný. Það var mikil vinna að halda utan um hvað eina í þessum átökum, haldnir voru ótal vinnustaðafundir. Við höfðum ráðið nýjan starfskraft á skrifstofuna þetta sama ár, Birnu Ólafsdóttur, sjúkraliða, og ég veit ekki hvernig við hefðum farið að án hennar.“



Frétt Morgunblaðsins 4. september 1986 um fund sjúkraliða þá um kvöldið.



Þessi rökstuðningur sjúkraliða birtist í Þjóðviljanum 1986.



Sjúkraliðar brugðust fljótt við og sögðu upp.



Viðbrögð fjármálaráðuneytisins við uppsögunum voru neikvæð.



Sama var uppi á teningnum hjá borgarstjórnunum í Reykjavík.



Hér má sjá stjórn Sjúkraliðafélagsins sem stóð að stofnun stéttarfélagins 11. maí 1991. Frá vinstri: Hlíf Geirsdóttir, Lovísa Guðmundsdóttir, Ólafía Ingvarsdóttir, Kristín Á. Guðmundsdóttir, Pála Jakobsdóttir, María Þórarinsdóttir og Sigrún Stella Guðmundsdóttir.

Aldarfjórðung að verða stéttarfélag

Strax á fyrstu starfsárum Sjúkraliðafélags Íslands var áhugi á því innan félagsins að koma á einu stéttarfélagi sjúkraliða. Þá voru sjúkraliðar með samningsrétt sinn í ýmsum stéttarfélögum innan Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, en Sjúkraliðafélagið var einungis fagfélag og hafði ekki beina aðild að bandalaginu. Það var fyrst eftir 25 ára baráttu og deilur að Sjúkraliðafélagið gat loksins fagnað

þeim áfanga að hafa fengið samningsrétt fyrir hönd félagsmanna sinna.

Afstaða forystu BSRB til sjálfstæðrar aðildar Sjúkraliðafélagsins var neikvæð fyrstu áratugin. Á tíu ára afmæli félagsins skrifaði þáverandi formaður BSRB, Kristján Thorlacíus, grein þar sem hann viðurkendi að fulltrúar Sjúkraliðafélagsins hefðu nokkrum sinnum vakið máls á þeirri hugmynd að félagið sækti um aðild að

bandalaginu, en ávallt fengið neikvæð viðbrögð af hálfu forystu BSRB. Hann skýrði andstöðu sína við aðild Sjúkraliðafélagsins að bandalaginu meðal annars með eftirfarandi rökum:

„Sjálfur er ég þeirrar skoðunar að áhrif sjúkraliða séu meiri í samtökunum gegnum hin ýmsu aðildarfélög BSRB. Allur þorri starfandi sjúkraliða er í tveimur stærstu aðildarfélögum BSRB, Starfsmannafélagi



Elsta mynd sem fundist hefur af stjórn Sjúkraliðafélags Íslands er af stjórninni sem sat frá 1971 til 1973. Standandi frá vinstri: Sæmundur Eilíundarson, formaður, Kristín Hermannsdóttir og Guðjón Guðmundsson. Sitjandi: Valgerður Eyjólfsdóttir og Ingibjörg Guðmundsdóttir. Þrír þessara stjórnarmanna voru síðar kjörnir heiðursfélagar, þau Valgerður, Ingibjörg og Sæmundur.



Hjónin Hulda S. Ólafsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins 1986-1988 og Jónas Hallgrímsson eiginmaður hennar, með þáverandi formanni BSRB, Kristjáni Thorlacíus.

ríkisstofnana og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar.“

Áfangar á langri leið

Á aðalfundi Sjúkraliðafélagsins árið 1968 var samþykkt að kanna möguleika á stofnun stéttarfélags sjúkraliða. Þá var einnig ákveðið að gerast aðili að Samtökum heilbrigðisstétta, en á þeim árum voru miklar vonir bundnar við að sá samstarfsvettvangur gæti komið mörgu góðu til leiðar.

Árið 1969 kom í ljós ágreiningur um stéttarfélagsmálið innan félagsins þegar Guðjón Guðmundsson, varaformaður, gerði um það tillögu á stjórnarfundum að Sjúkraliðafélagið skyldi verða sjálfstætt stéttarfélag innan BSRB. Tillögunni var hafnað þar sem meirihluti fundarmanna taldi ekki tímabært að félagið tæki á sínar herðar þær skyldur sem fælust í slíkri breytingu á hlutverki og starfsemi félagsins.

Aðalfundur ársins 1970 ákvað að skipa sérstaka nefnd til að taka til athugunar stöðu Sjúkraliðafélags Íslands innan BSRB. Árið síðar, 1971, er málið síðan tekið til umræðu á aðalfundi. Þar varð niðurstaðan sú að ekki væri tímabært að stíga þetta skref.

Á félagsfundum 15. janúar 1974 mælti Kristín Guðlaugsdóttir, Landakoti, fyrir tillögu sem hún og sex aðrir sjúkraliðar fluttu um að Sjúkraliðafélagið sækti um sjálfstæða aðild að BSRB og var tillagan samþykkt. Árið 1978 skipaði félagið nefnd til að kanna möguleikana á að félagið gæti gengið í BSRB sem sjálfstætt stéttarfélag. Nefndin átti viðræður við forystu BSRB sem tjáði þeim að ýmsir vankantar væru á því að Sjúkraliðafélagið gæti fengið slíka beina aðild að bandalaginu. Þannig væru sjúkraliðar ekki nógu „félagslega þroskaðir“ til að slíkt kæmi til greina. Engu að síður varð um það samkomulag á fundi með Kristjáni Thorlacius 20. apríl 1979 að samþykkt félagsfundarins frá 1974 skyldi tekin til umfjöllunar á þingi BSRB 11.-14. júní 1979.

En skömmu síðar þetta sama ár urðu hörð átök við stjórnarkjör í Sjúkraliðafélaginu. Nýja stjórnin samþykkti á stjórnarfundum 29. maí 1979 að óska eftir því við BSRB að bréfið þar sem óskað var eftir sjálfstæðri aðild Sjúkraliðafélagsins að bandalaginu yrði sent til baka. Þar með var málið úr sögunni í bili.

Ný samningsréttarlög

Í ársbyrjun 1987 tóku gildi ný lög um samningsrétt opinberra starfsmanna sem gáfu sjúkraliðum ný tækifæri til að taka samningamálin í sínar hendur. Samkvæmt nýju lögum höfðu fagfélög rétt til stofnunar eigin stéttarfélags með ýmsum skilyrðum sem Sjúkraliðafélag Íslands fullnægði að öllu leyti. Mikil umræða fór strax fram innan félagsins um hvort rétt væri



Gengið undir merki Sjúkraliðafélagsins í kröfugöngu 1. maí 1985.

Álit fyrrverandi formanna SLFÍ

Rætt var um fyrirhugaða stofnun stéttarfélags sjúkraliða á fjölmennum fundum að Borgartúni 6 í Reykjavík 5. febrúar 1991. Erindi fjögurra fyrrverandi formanna Sjúkraliðafélagsins, sem gerðu grein fyrir afstöðu sinni til hugmyndarinnar um að sjúkraliðar tækju samningsréttinn í eigin hendur, voru birt í Sjúkraliðanum í mars 1991. Afstaða formanna fyrrverandi kemur fram í meðfylgjandi tilvitnunum í ræður þeirra.



Á grundvelli reynslu minnar af starfi í stjórn St.Rv., sem er eitt stærsta stéttarfélagið innan BSRB með fjölda sjúkraliða innan sinna vébanda, komst ég að þeirri niðurstöðu að raunverulegum árangri yrði ekki náð í baráttu sjúkraliða fyrir bættum kjörum, aukinn og bættri menntun eða vernduðum starfsvettvangi, fyrr en sjúkraliðar réðu sínum málum sjálfir.

Ingibjörg H. Agnars, formaður 1974-1979

Stjórn Sjúkraliðafélagsins hefur lagt fram drög að lagabreytingum þar sem m.a. er lagt til að stofnað verði stéttarfélag sjúkraliða. Það vekur mér vonbrigði að sjúkraliðar skuli ætla að ganga úr félögum innan BSRB vegna þess að ég hef trú á því að eftir því sem félögin eru stærri þeim mun meiri árangri muni þau ná. Litlar einingar skila litlu.

Sigríður Kristinsdóttir, formaður 1979-1983



Í framtíðinni verður enginn til þess að berjast af meiri heilindum og ákveðni fyrir málefnum sjúkraliða en við sjálf. Það er tímabært að taka nú í alvöru til hendi við undirbúning og framkvæmd að stofnun stéttarfélags sjúkraliða sem myndi breyta réttarstöðu okkar og lyfta okkur á hærra plan.

Margrét S. Einarsdóttir, formaður 1983-1986

Eftir tilkomu nýrra samningsréttarlaga og ekki síst nýrra laga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er komin upp ný staða hvað varðar möguleika á stofnun stéttarfélags sjúkraliða. Þegar ég lít til framtíðar virðast öll mín rök mæla með því að svo verði.

Hulda S. Ólafsdóttir, formaður 1986-1988



að stíga þetta skref, en engar ákvarðanir teknar aðrar en þær að fylgjast grannt með hvernig þeim félögum vegnaði sem þegar höfðu nýtt sér réttinn og stofnað eigin stéttarfélög.

Árið 1989 var haldinn fjölmennur félagsfundur um stéttarfélagsmálið og þar greindu fulltrúar tveggja nýrra stéttarféлага, Fóstrufélags Íslands og Meinataeknafélags Íslands, frá reynslu sinni. Í kjölfarið efndi félagið til vinnustaðafunda á nokkrum helstu vinnustöðum sjúkraliða til að ræða hvort félagið ætti að taka samningsréttinn í eigin hendur. Á fundinum var kynnt bréf sem Sjúkraliðafélagið hafði sent SFR og Starfsmannafélagi Reykjavíkur þar sem óskað var eftir því að sjúkraliðar færu alfarið með samninga sína í næstu kjarasamningum innan starfsmannafélaganna, enda væru sjúkraliðar afar ósáttir með launakjör sín.

Stefnan mörkuð

Árið 1990 tók Sjúkraliðafélagið stóra skrefið eftir miklar umræður meðal sjúkraliða. Stjórn og formannafundur félagsins ákvað þá um haustið að láta kanna með atkvæðagreiðslu hver væri vilji stéttarinnar til stofnunar eigin stéttarfélags. Gunnar Gunnarsson, sem hafði sagt starfi sínu sem framkvæmdastjóri SFR lausu þá um vorið, var fenginn til liðs við sjúkraliða. Hann samdi meðal annars greinargerð um lagalega og félagslega stöðu stéttarinnar og kosti þess og galla fyrir sjúkraliða að stofna eigið stéttarfélag. Þessari greinargerð var dreift til allra sjúkraliða.

Formaður félagsins lýsti stöðunni þannig veturinn 1990-1991:

„Kostir þess að gera SLFÍ að stéttarfélagi eru mun fleiri en ókostirnir. Sjúkraliðar eru orðnir mjög fjölmenn og vel menntuð fagstétt og því eðlilegt að þeir fari sjálfir með sín mál. Meira tillit verður tekið til þeirra faglega og menntunarlega, sem síðar leiðir til viðurkenningar á auknu starfssviði. Allt félagsstarf verður auðveldara, faglega sem launalega. Einnig auðveldar stéttarfélagformið trúnaðarmannastörf sjúkraliða.



Stjórn Sjúkraliðafélagsins 1988-1990. Aftari röð frá vinstri: Kristín Á. Guðmundsdóttir, Sólveig Halblaub og Ólafía Ingvarsdóttir. Fremstri röð frá vinstri: Sigrún Kaaber, Krístrún Stefánsdóttir, Birna Ólafsdóttir, Sigríður Þórarinsdóttir, María Þórarinsdóttir, Pála Jacobsdóttir og Margrét Kristinsdóttir.



Útganga sjúkraliða af þingi BSRB vorið 1991 vakti athygli fjölmiðla.

Auðveldara verður að ná til sjúkraliðanema en nú er, þar sem þeir útskrifast frá fjölbrautaskólum víðs vegar um landið og ganga ekki sjálfkrafa í fagfélagið SLFÍ, en líklega myndu þeir ganga í stéttarfélagið þegar þeir hefja störf við einhverja sjúkra-

stofnunina. Aðild að starfsmenntasjóði komum við til með að halda.

Ókostirnir eru þeir helstu, að sjúkraliðar missa rétt til orlofshúsa og þeir hafa ekki reynslu í rekstri stéttarfélags og í samningagerð. En einu sinni er allt fyrst.“

Atkvæðagreiðslan 1991

Atkvæðagreiðslan fór fram dagana 18. til 22. mars 1991 eftir að félagið hafði haldið kynningarfundi víða um land. Á kjörskrá voru allir starfandi sjúkraliðar. Til grundvallar við gerð kjörskrárinnar var notuð félagaskrá BSRB þar sem sjúkraliðarnir voru allir í öðrum félögum sem aðild áttu að bandalaginu.

Mikil þátttaka var í atkvæðagreiðslunni þar sem 90% þeirra 1.429 sjúkraliða sem á kjörskrá voru tóku þátt, alls 1.282 sjúkraliðar. 1.070 eða 75% þeirra sem á kjörskrá voru lýstu yfir stuðningi við stofnun sjálfstæðs stéttarfélags en 186 eða 13% voru því andvígir og 2% skiluðu auðu.

Hjartatvíblaðkan

Á stofnfundi Sjúkraliðafélags Íslands var stjórninni falið að gera tillögu að félagsmerki. Teikningin var samþykkt á stjórnarfundi 5. október 1967. Sonur Sæmundar Elimundarsonar var upphafsmaður að útliti félagsmerkisins ásamt föður sínum. Það er byggt á blóminu Hjartatvíblaðka sem vex víða í lyngmóa og kjarri á norðurhveli jarðar.

Hjartatvíblaðkan „er fremur lágvaxin og beinvaxin, ber tvö hjartalaga blöð á miðjum legg, smá en fagurlega löguð blóm ljósbrún ber hún í krónu. Harðgerð er hún, því af lifir hún kalda vetur, lifnar og hefur þroska sinn á hverju vori að nýju,“ er haft eftir Ingólfi Davíðssyni, grasafræðingi.



Merki félagsins.

Fáninn 1986

Þórdís Davíðsdóttir bar upp á stjórnarfundi í Sjúkraliðafélagi Íslands 16. janúar 1985 tillögu þess efnis að hafist yrði handa um gerð félagsfána þannig að hann yrði tilbúinn á tuttugu ára afmæli félagsins árið eftir. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Sjúkraliðar hafa haldið þessum fána, sem fyrst var flaggað í tilefni af tuttugu ára afmæli félagsins, hátt á lofti í kjarabaráttu síðustu áratuga.

Takmarkinu náð

Á aðalfundi félagsins 11. maí 1991 var þessari niðurstöðu fagnað og samþykkt lög fyrir hið nýja stéttarfélag, en með þeim urðu margvíslegar breytingar frá fyrri lögum félagsins vegna nýrra verkefna.

Til þess að félagið öðlaðist óumdeildan samningsrétt og heimild til aðildar að BSRB þurftu að minnsta kosti tveir þriðju starfandi sjúkraliða að gerast félagar. Því takmarki var náð þá um sumarið. Þá höfðu 88% sjúkraliða sem voru innan SFR gengið í félagið, 98% þeirra sem voru í Starfsmannafélagi Reykjavíkur og 19% sjúkraliða sem störfuðu hjá sveitarfélögum út um allt land. Þetta sumar voru 1955 fagfélagar í SLFÍ af um 2500 sjúkraliðum sem höfðu leyfisbréf frá ráðuneyti heilbrigðismála.

Á stjórnarfundum BSRB 24. maí 1991 var Sjúkraliðafélag Íslands samþykkt sem fullgilt stéttarfélag með venjubundnum fyrirvara um að þing samtakanna staðfesti samþykkt stjórnarinnar.

Uppákoma á BSRB-þingi

Þing BSRB var haldið nokkrum dögum síðar, hófst 27. maí, og var innganga Sjúkraliðafélagsins samþykkt einróma.

Þar kom hins vegar til átaka vegna þess að hinu nýja félagi var meinuð full þátttaka í störfum þingsins. Fulltrúar sjúkraliða áttu að hafa málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, lagði fram gagnstæða tillögu um að fulltrúar sjúkraliða sætu þingið með fullum og óskoruðum rétti þingfulltrúa. Hún vísaði til ýmissa fordæma frá fyrri BSRB-þingum máli sínu til stuðnings.

Eftir miklar umræður var gengið til atkvæða um tillögu Kristínar og hún féll með 114 atkvæðum gegn 70. Fulltrúar sjúkraliða á þinginu lýstu því þá yfir að þar sem aðild Sjúkraliðafélagsins að bandalaginu hefði verið samþykkt á aðalfundi félagsins með fyrirvara um að sjúkraliðar fengju fulla og ótvíræða aðild að bandalaginu gætu þeir ekki setið þing BSRB áfram án þess að ráðgast fyrst við félagsmenn um stöðu mála. Við svo búið gengu fulltrúar félagsins af þinginu.

Eftir var til skyndifundar sjúkraliða 28. maí og samþykkt ályktun þar sem sagði meðal annars:

„Fundurinn styður þá ákvörðun þingfulltrúa Sjúkraliðafélags Íslands að sitja ekki þingið án atkvæðisréttar og fagnar þeirri ákvörðun félagsins að kalla til þessa fundar. Fundurinn telur, að þrátt fyrir þessa ákvörðun þingsins séu sjúkraliðar enn á þeirri skoðun að hagsmunum þeirra verði best borgið innan BSRB og vonast eftir góðu samstarfi við bandalagið í framtíðinni.“

Vegna áskorunar frá formanni BSRB, Ögmundi Jónassyni, mættu fulltrúar sjúkra-



Sjúkraliðafélagið efndi til fundar 28. maí 1991 eftir að innganga félagsins í BSRB var samþykkt en þingfulltrúum sjúkraliða meinað um atkvæðisrétt. Hér fagna sjúkraliðarnir þeim merka áfanga sem fólst í aðildinni að BSRB.



Einar Ólafsson, formaður SFR til margra ára, samfagnar Kristínu Á. Guðmundsdóttur, formanni Sjúkraliðafélagsins.

liða að nýju á síðasta degi þingsins. Við kosningu stjórnar féllst kjörnefnd ekki á framboð formanns Sjúkraliðafélagsins og

var félagið því án stjórnarmanns í BSRB fyrstu þrjú árin eftir aðildina að bandalaginu.

Merkur kafli að baki

En innganga Sjúkraliðafélagsins í BSRB sem sjálfstæðs stéttarfélags var engu að síður staðreynd.

Þar með „má segja að merkur kafli sé að baki í baráttu sjúkraliða fyrir fullgildri tilvist sinni í röðum fagstétta og launþega,“ sagði Kristín Á. Guðmundsdóttir á þessu tuttugasta og fimmta starfsári Sjúkraliðafélagsins.

Ári síðar var félagið í raun fyrst viðurkennt sem stéttarfélag, það er þegar Sjúkraliðafélagið undirritaði fyrsta kjarasamning félagsins við fjármálaráðherra, borgarstjórnann í Reykjavík og St. Jósefsspítala Landakot 8. desember 1992.



Sjúkraliðafélaginu barst þessi blómakarfa frá SFR þegar stofnun stéttarfélags sjúkraliða var í höfn. Frá vinstri: Þorgrímur Guðmundsson, lögreglumaður, sem fylgdist með framkvæmd atkvæðagreiðslunnar, Birna Ólafsdóttir, Kristín Á. Guðmundsdóttir og Gunnar Gunnarsson.



Sjúkraliðar fylkja liði niður á Austurvöll til að krefjast þess að viðsemjendur þeirra fari í alvöru að ræða nýjan kjarasamning.

Samstaða í fyrsta kjaraslag félagsins

Það kostaði sjúkraliða langa og harða baráttu að ná fram fyrsta kjarasamningi Sjúkraliðafélags Íslands við ríkið árið 1992. Gífurleg samstaða sjúkraliða einkenndi alla baráttu félagsins. Framganga þeirra vakti almenna athygli og aðdáun meðal þjóðarinnar.

Þegar Sjúkraliðafélag Íslands varð að stéttarfélagi sumarið 1991 blasti við að kjarasamningar flestra félaga innan BSRB og ASÍ yrðu lausir nokkrum mánuðum síðar, það er frá 1. september 1991. Það átti líka við um þá samninga sem gerðir höfðu verið fyrir sjúkraliða af öðrum stéttarfélögum svo sem Starfsmannafélagi ríkisstofnana og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar.

Á fyrsta fundi kjaramálanefndar SFLÍ kom fram eindreginn vilji nefndarmanna til að bæta kjörin, auka kaupmáttinn og tryggja hann. Það var einnig

ásetningur nefndarmanna að félaginu bæri að stefna að samræmdum samningum fyrir sjúkraliða, en þá var allt að 18% munur á launum sjúkraliða eftir vinnustöðum. Krafa félagsins var að gerður yrði einn heildstædur kjarasamningur fyrir sjúkraliða þar sem laun þeirra og starfskjör yrðu samræmd án tillits til búsetu nema þar sem sérstakar staðbundnar forsendur væru fyrir hendi.

Með kjarasamningnum öðlaðist Sjúkraliðafélag Íslands loks viðurkenningu sem fullgilt stéttarfélag með fullan og óskoraðan samningsrétt.

Áhugaleysi viðsemjenda

En viðsemjendur hins nýja stéttarfélags höfðu lítinn áhuga á að ræða við sjúkraliða um nýjan kjarasamning. Það drógst því verulega á langinn að viðræður færu fram við samninganefnd ríkisins. Að vísu var haldinn einn samningafundur 17. október 1991 þar sem sjúkraliðar kynntu kröfur sínar, en svo liðu mánuðirnir án þess að neitt gerðist.

Undir lok febrúar 1992 var samþykkt á bandalagsráðstefnu um kjaramál að ganga til viðræðna við önnur samtök launafólks um forsendur fyrir sameiginlegum aðgerðum til að knýja fram kjarabætur. En nokkru eftir þá samþykkt kom í ljós að ASÍ var komið verulega af stað í viðræðum við sína viðsemjendur, atvinnurekendur og ríkisstjórn. Stjórn og kjaramálanefnd SFLÍ taldi því forsendur fyrir þátttöku sinni

í samstarfi launþega hafa breyst og ákvað að vísa málum félagsins til ríkissáttasemjara.

Forsenda þess að félagið leitaði til ríkissáttasemjara var sú sérstaða félagsins að það var að gera sinn fyrsta kjarasamning. Enginn vegur var að vinna að gerð nýs samnings, sem eðli málsins samkvæmt var algjör frumsmíð, í samstarfi við rótgróin stéttarfélög sem byggðu viðræður sínar á eldri samningum við viðsemjendur sína.

Viðræðum var framhaldið um vorið en einungis í skamman tíma vegna þess að samninganefnd ríkisins gerði kröfu um að laun sjúkraliða á landsbyggðinni yrðu lækkuð! Þegar því var hafnað lögðust viðræðurnar í dvala á ný.

Hörð mótmæli

Í byrjun júní 1992 hvatti almennur fundur sjúkraliða samninganefnd og forystu félagsins til að kanna leiðir til að þrýsta á viðsemjendur:

„Þurfi þess með leggur fundurinn til að kannaður verði vilji sjúkraliða til skammtíma aðgerða, dugi orð, rök og sanngirni ekki til að ná samkomulagi um viðunandi starfskjör fyrir stéttina,“ sagði í ályktun félagsfundarins.

Þegar hausta tók og kjarasamningar höfðu verið lausir í nokkuð á annað ár var sjúkraliðum loks nóg boðið. Þeir gripu til aðgerða sem vöktu athygli fjölmiðla og almennings á stöðu stéttarinnar. Aðgerðirnar fóru fram undir kjörorðunum: „Sjúkraliðar einn fyrir alla, allir fyrir einn. Stilling er styrkur.“

Sjúkraliðarnir kröfðust þess að alvöru samningaviðræður færu fram um nýjan kjarasamning. Kröfum sínum til stuðnings undirrituðu rúmlega sjö hundruð sjúkraliðar áskorun til stjórnvalda. Þar sagði meðal annars:

„Við undirritaðir sjúkraliðar, félags-



Fjölmiðlar fylgdust vel með því þegar Kristín Á. Guðmundsdóttir flutti forsvarsmönnum borgarinnar, Markúsi Erni Antonssyni, borgarstjóra, og Magnúsi L. Sveinssyni, forseta borgarstjórnar, skilaboð sjúkraliða.



Þannig sá dagblaðið Tíminn stöðuna á heilbrigðisstofnunum landsins 12. desember 1991.



Þreyttir samningamenn ráðgast við formann BSRB. Frá vinstri: Birna Ólafsdóttir, Ögmundur Jónasson, Gunnar Gunnarsson og Kristín Á. Guðmundsdóttir.



Gengið niður Laugavegin undir fána Sjúkraliðafélags Íslands til að knýja viðsemjendur til efnislegra viðræðna.

menn í Sjúkraliðafélagi Íslands, mót-mælum harðlega þeim óviðunandi drætti sem orðið hefur á samningum fyrir okkur félagsmenn vegna óbilgirni og seinangangs samninganefndar ríkisins og fulltrúa Reykjavíkurborgar. Krefjast sjúkraliðar þess að viðsemjendur félagsins falli frá öllum tilraunum til að lækka laun stéttarinnar og gangi nú þegar til samninga. Að öðrum kosti verður forysta félagsins með fulltingi félagsmanna að beita þeim aðgerðum sem duga til að þrýsta viðsemjandanum að samningaborðinu til að farsæl niðurstaða fái st í samningum félagsins.“

Mótmælagöngur

Um fimm hundruð sjúkraliðar í Reykjavík og nágrenni, Vesturlandi, Suðurnesjum og Selfossi fjölmenntu í kröfugöngu til að fylgja þessari kröfu eftir. Gengið var frá skrifstofu félagsins við Grettisgötu um Laugaveg að Alþingishúsinu þar sem Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður félagsins, afhenti Friðrik Sophussyni, fjármálaráðherra, undirskriftarlistana.

Nökkru síðar gengu hundruð sjúkraliða að skrifstofum borgarstjórans í Reykjavík þar sem Markús Örn Antonsson, borgarstjóri og Magnús L. Sveinsson, forseti borgarstjórnar, tóku við bréfi sjúkraliða þar sem þess var krafist að stjórnendur borgarinnar gæfu samninganefnd sinni fyrirmæli um að láta af þvergirðingshætti sínum og ganga til samninga við sjúkraliða. Að því loknu flykkust sjúkraliðar á þingvallana að hlýða á umræðu utan dagskrár um málefni sjúkraliða.

Sjúkraliðum í Reykjavík og við heilsugæsluna í Hafnarfirði brast þolinmæðin þegar ekki hafði náðst samkomu-



Samninganefnd sjúkraliða ásamt sáttasemjara ríkisins. Frá vinstri: Ólafía Ingvarsdóttir, Hlíf Geirsdóttir, Inga Lóa Guðmundsdóttir, Birna Ólafsdóttir, Íða Stanleysdóttir, Sólveig Halblaub, Kristín Á. Guðmundsdóttir, Guðlaugur Þorvaldsson, Sólveig Hervarsdóttir og Karlý Zophoniasdóttir



Skálað á skrifstofu Sjúkraliðafélagsins þegar fyrsti kjarasamningur félagsins er loksins kominn í höfn 8. desember 1992. Frá vinstri: Sólveig Hervarsdóttir, Kristín Á. Guðmundsdóttir, Konný Breiðfjörð Leifsdóttir, Gunnar Gunnarsson og Birna Ólafsdóttir.



Kjörstjórn Sjúkraliðafélagsins á kjörfundi vegna atkvæðagreiðslu um fyrsta kjarasamning félagsins. Frá vinstri: Inga Dóra Þorsteinsdóttir, Birna Ólafsdóttir, G. Þórarinn Þórarinnsson og Sigríður Birgisdóttir. Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður félagsins er að greiða atkvæði.

lag í byrjun desember og stóðu fyrir tveggja sólarhringa samfelldum kjaramálfundi. Þessi fundur og mikil samstaða sjúkraliða vakti almenna athygli. Margir höfðu á orði að sá kraftur sem sjúkraliðastéttin sýndi í þessari frumraun Sjúkraliðafélags Íslands á kjaramálasviðinu væri fyrsti lífsvotturinn innan hreyfingar launþega á fjöldamörg á.

Samningur í höfn

Aðgerðir sjúkraliða skiluðu þeim árangri að fyrsti kjarasamningur félagsins við ríkið var undirritaður 8. desember 1992. Samningurinn var samþykktur af miklum meirihluta sjúkraliða í allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna. Með kjarasamningnum öðlaðist Sjúkraliðafélag Íslands loks viðurkenningu sem fullgilt stéttarfélag með fullan og óskoraðan samningsrétt.

Samningnum fylgdi yfirlýsing heilbrigðisráðherra um starfsvettvang, menntun sjúkraliða og forgangsrétt þeirra til skilgreindra sjúkraliðastarfa samkvæmt stöðuheimildum sjúkrahúsanna.

Viðurkenndur var réttur sjúkraliða utan Reykjavíkur til áframhaldandi aðildar að Sjúkraliðafélagi Íslands án skerðingar á umsömdum launum og/eða öðrum starfskjörum.

Formaður félagsins taldi niðurstöðu samninganna mjög farsæla fyrir sjúkraliðastéttina:

„Meðalhækkun á launum sjúkraliða sem náðist fram í samningnum var 5.7%. Á sama tíma sömdu launþegar um 1.7% hækkun. Þrátt fyrir hagstæðan samning er engin ástæða til annars fyrir sjúkraliða en að halda baráttu sinni áfram fyrir bættum kjörum og samræmingu kjarasamninga stéttarinnar,“ sagði Kristín Á. Guðmundsdóttir í skýrslu sinni um þessa frumraun nýja stéttarfélagsins.



Sjúkraliðar með kröfuspjöldin á lofti.



Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, afhendir Friðrik Sophussyni, fjármálaráðherra, yfirlýsingu sjúkraliða eftir fjölmenna kröfugöngu niður Laugavegin.

Deilur um hýrudrátt

Langi kjaramálfundurinn 1.-3. desember 1992 dró þann dilk á eftir sér að fjármálaráðherra, Friðrik Sophusson, stefndi Kristínu Á. Guðmundsdóttur, formanni Sjúkraliðafélagsins fyrir Félagsdóm og krafðist þess þar að kjaramálfundurinn yrði úrskurðaður ólögmat aðgerð og brot á lögum um verkföll.

Sjúkraliðar mótmæltu þessum gjörðum ráðherra með því að fylkja sér um formann sinn. Félagsdómur komst hins vegar að þeirri niðurstöðu sem fjármálaráðherra hafði beðið um, en lét málskostnað falla niður.

Í kjölfar úrskurðar Félagsdóms ákvað fjármálaráðherra að hýrudraga sjúkraliða fyrir þá tvo daga sem fundurinn stóð og þá líka þá sjúkraliða sem sannanlega skiluðu allri vinnuskyldu sinni eða voru í leyfi.

Eftir langvarandi lögfræðilegar þrætur var fallist á að setja málið í bindandi gerðardóm. Meirihluti dómsins komst að þeirri niðurstöðu árið 1994 að hýrudrátturinn væri lögmat.

Hýrudráttarráðherrann

Þrík Sophusson fjármálaráðherra lét ekki á sig fá hróp og köll kraliða á þingpöllum í gær. Þó fékk engar viðbræður fyrr en hætti þessum ólöglegu aðgerðum, hætti að funda daginn út og tinn inn,“ sagði hann af myndrik hins stefnufasta manns við kraliðana sem fylgdust með ræðum utan dagskrár. „Og svo ni ég ykkur bara fyrir Félagsdóm.“

Þetta er nú hins vegar dulitö feimnismál. Þannig er Dagfara sagt að öll eintök, sem starfsmenn flokksins hafi komist yfir af stefnuyfirlýsingunni „Bákníð burt“, séu fallin niðri í kjallara í Valhöll í eiddraustum skáp sem enginn hefur lykkl að.

Þrík hefur sem sagt prinsippin í lagi. Við sjúkraliða segir hann: engar viðbræður fyrr en þú hættist þessu fundastandi. Og svo setla ég umbræð að höfðingjum skilum.

virtist vir hjórtum sj var haft eft væru tilbú allt lagar hýrudrátt leikinn“, á allófélagi Þríks í kölluð á íslendingar landsdeikju. Og Dagf er hann va í DV í gær hósumum þ snóggvast í sögn. Þar stóð barði...“ En sem b sögn alla g

spilið. En þisarganga sjúkraliða í gær til foringja sjálfstæðismanna í Reykjavíkurborg, Markúsar Arnar

áhrif á Þrík er þeir vissuðu öllu á hinn stefnufasta fjármálaráðherra sem héldi um buddina. Hans

Dagfari DV fjallaði á sinn hátt um hýrudráttarráðherrann Friðrik Sophusson.

efnileg atkvæðagreiðsla á kjaramálanum í gær

Efnt verði til atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun

SAMÞYKKT var í loynilegri atkvæðagreiðslu á kjaramálanum í Sjúkraliðafélagsins íslands (SLFÍ) í gær með 346 atkvæðum gegn 30 að fara skjótt, kjarabætur og kjörstjórn að boða til allsherjaratkvæðagreiðslu um vinnustöðvun sjúkraliða við allar heilbrigðisstærðir þar sem vinnustöðvun er ákveðin. Kjarasamningar sjúkraliða hafa nú verið lausir í löngu 19 mánuði og er engin laus í sjónmáli, að sögn Kristínar Á. Guðmundsdóttur, formanns SLFÍ.

Váðar sjúkraliða við vinnustöðvun um það að kjarasamningar hafa staðið yfir með

Kjarasamningar hafa verið lausir í 19 mánuði

ur sagði Kristín að sjúkraliðar vildu fá leifðingu á þeim launum sem orðið hefði á undanföllum árum.

Lausn ekki í sjónmáli

Forsteinn Geirsson, formaður samningafundar ríkisins, sagði að lausn í þessari deili væri ekki í sjónmáli og gæti stefnt í 40% því samþykkt sjúkraliða í gær væri fyrsta skrefið til að fá. Sæði hann að sjúkraliðar hefðu lapp

munar í ljóðfélaginu hefur vaxið undanfarið ár. Ymsar stéttir og einstaklingar hafa fengið umtaliðvar kjarabætur á meðan aðrir hafa séð eftir. Þetta hefur einnig skóð í heilbrigðiskerfinu. Er skorað á vinnuveitendur félagsins að hefja samningavæðingunni af fullri afbroti. Sjúkraliðafélag Íslands telur að trúa því fyrr en á reynir, að ríki, Reykjavíkurborg og St. Jósefshúsi séi sig að axla þá ábyrgð. Sjúkraliðafélag Íslands telur að trúa því fyrr en á reynir, að ríki, Reykjavíkurborg og St. Jósefshúsi séi sig að axla þá ábyrgð. Sjúkraliðafélag Íslands telur að trúa því fyrr en á reynir, að ríki, Reykjavíkurborg og St. Jósefshúsi séi sig að axla þá ábyrgð.

Fundir verða haldnar í starfshópum hjá ríkisráttasemjara í dag en ekki hefur verið ákveðið hvern boðað verður til eiginlegra samninga. Á Á-átt Kristínar mun það ríða í d

Sjúkraliðar kanna vilja til verkfalls.

30 árangurslausir fundir á 14 mánuðum

HALDNIR hafa verið 30 árangurslausir samningafundir í kjaradeilu sjúkraliða og ríkisins á síðustu 14 mánuðum. Lausn virðist ekki í sjónmáli. Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, segir að samningavæðingunni liggi í reynd niðri. Það eina sem hefði komið út úr síðasta fundi hefði verið samkomulag um að halda nýjan fund. Sjúkraliðadeilan var rædd utan dagskrár á Alþingi.



Margir fundir en enginn árangur.

Langt og hart verkfall árið 1994

„Sjúkraliðar eru staðráðnir í að sporna af alefli gegn misrétti sem nú er reynt að koma á í heilbrigðiskerfinu. Þar hefur verið samið um kjarabætur starfstétta í efri hluta launastigans. Hinum sem lægri hafa launin er neitað um leiðréttingu sinna kjara.“

Þetta sagði í bæklingi sem sjúkraliðar dreifðu til almennings í einu lengsta verkfalli síðustu áratuga, verkfalli sjúkraliða sem hófst 11. nóvember 1994 og lauk ekki fyrr en rúnum sjö vikum síðar, 30. desember.

Stóraukið launabil

Þegar sjúkraliðar fóru í verkfall hafði kjarasamningur þeirra verið laus í rúma tuttugu mánuði.

Samningurinn rann út 1. mars 1993. Viðræður hófust í júní en þrátt fyrir um fimmtíu samningafundi og fjölda óformlegra funda með ráðherrum og öðrum sem málið varðaði fékkst engin niður-



Sjúkraliðar úti í kuldunum í langa verkfallinu. Alþýðublaðinu fannst þessi mynd af formanni Sjúkraliðafélagsins táknað fyrir stöðuna.

staða. Samt lá fyrir að með samningum við aðrar heilbrigðisstéttir hafði launabil milli sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga aukist úr 20.5% í janúar 1993 í 43.6% þegar verkfallið hófst.

13. október samþykkti kjaramálafundur Sjúkraliðafélagsins að boða til allsherjaratkvæðagreiðslu um boðun verkfalls þar sem viðræður hefðu engum árangri skilað. Tillagan var samþykkt með 346 atkvæðum gegn engu.

24. október var efnt til atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun. Boðun verkfalls var samþykkt af 98.74% þátttakenda.

10. nóvember hófst verkfall eftir að sjúkraliðar höfnuðu tilboði ríkisins um 3% hækkun. Af stéttarfélögum innan SLFÍ voru um 750 í verkfalli. Þeir störfuðu við 44 sjúkrahús, dvalarheimili og heilsugæslustöðvar um allt land.

28. nóvember bauð ríkið sjúkraliðum 4% hækkun, en því var hafnað.

2. desember lagði fjármálaráðherra fram svar við fyrirspurn á Alþingi þar sem fram kom að laun hjúkrunarfræðinga hafi hækkað um 15% frá maí 1993 á meðan laun sjúkraliða hafi aðeins hækk- að um 1%.

Aðilar kjaradeilunnar túlka launasamburð með ólíkum hætti

Baráttuhugur er kominn í sjúkraliða, sem hafa verið með lausa sam-

Samningsaðilar ósammála um flest.

Samningar eru ekki í sjónmáli

AF INNLENDUM VETTvangi

SLFÍU hundruð sjúkraliða leggja niður störf á milli máli þann 10. nóvember, minn ekki samningar fyrir þann tíma. Verkfall sjúkraliða komur þess niður á stóra hlutanum í Reykjavík og á öldrunarstofnum, en margar sjúkraliðar á landshvergi eru í öðrum félögum en Sjúkraliðafélagi Íslands og áhrif verkfallins verða líkja ölu eigna þar. Viðræðing sjúkraliða í Reykjavík, meðal annars,

Verkfallið að skella á.

Stjórnir

Ríkið hafnar 9% hækkun á lægstu laun sjúkraliða og býður ódeins 4% launahækkun. Formóður sjúkraliða:

Laun sjúkraliða þyrftu að hækka minnst um 20%

Samtagnafélag ríkissins hefur hafið tilboð þriðji sinn á milli í samráði við sjúkraliðafélagið. Þetta er þriðji tilboðið frá því að 20% launahækkun var boðin í september 2005. Sjúkraliðafélagið hefur þótt þessu tilboði ekki nægilega og hefur lagt fram nýtt tilboð. Þetta nýja tilboð er 20% hækkun á lægstu launum þess sem er 1.500 krónur færri en tilboðið frá september 2005.

Laun sjúkraliða eru 10% lægri en laun hjúkrunarfræðinga og 10% lægri en laun sjúkraliða í öðrum heilbrigðisvæðum. Þetta er 20% lægri en laun sjúkraliða í öðrum heilbrigðisvæðum. Þetta er 20% lægri en laun sjúkraliða í öðrum heilbrigðisvæðum.

Laun sjúkraliða eru 10% lægri en laun hjúkrunarfræðinga og 10% lægri en laun sjúkraliða í öðrum heilbrigðisvæðum. Þetta er 20% lægri en laun sjúkraliða í öðrum heilbrigðisvæðum. Þetta er 20% lægri en laun sjúkraliða í öðrum heilbrigðisvæðum.

Mikill launamunur.

Hratt gengur á verkfallssjóð Sjúkraliðafélagsins

Sjúkraliðar í neyð fá 10 þúsund krónur á viku

Það er mjög þröngt í þú þú hjú mjögum, en fólk er ekki á því að gefast upp," sagði Málhildur Angantýsdóttir, sem sást í verkfallsstjórn Sjúkraliðafélagsins. Mjög hratt hefur gengið á verkfallssjóð félagsins undanfarna daga. Verkfallstjórnin hefur skorað á sjúkraliða að sækja ekki um styrk úr sjóðnum ef þeir komist hjá því.

Peir sjúkraliðar sem sækja um fá 10 þúsund krónur á viku. Þeir sem eru í hlutastarfi fá greitt í samræmi við starfsblutfall.

Eins og í stríði
Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, sagði að komið hefði verið að máli við sjúkraliðafélagið.

Einstæðar mæður fengu fyrst
Málhildur sagði að í upphafi hefði verið mörkuð að stefna að veita fyrst einstæðum mæðrum og þeim sem gettu atvinnuleysisbætur.

Verkfallssjóðurinn var ekki stór.

6. desember gekk forysta Sjúkraliðafélagsins á fund fjármálaráðherra og heilbrigðisráðherra ásamt landlækni til að ræða framkvæmd verkfallsins.

8. desember ritaði borgarstjórnin í Reykjavík bréf til fjármálaráðherra þar sem þess var óskað að endir yrði bundinn á deiluna hið fyrsta.

9. desember lagði ríkið fram nýtt tilboð um 3-4% hækkun til áramóta og gerðardóm til að bera saman launaprófum sjúkraliða og annarra heilbrigðisstétta.

12. desember samþykktu deiluaðilar að einbeita sér að því að ná samkomulagi um aðra þætti samningsins en launaliðinn, þar á meðal starfsréttindi sjúkraliða.

20. desember höfnuðu sjúkraliðar tilboði ríkisins um gerðardóm.

23. desember héldu sjúkraliðar fyrstir allra stétta jól í verkfalli.

30. desember var undirritað nýtt samkomulag sem gildi til áramóta eða í einn og hálfan dag. Samið var um 7% kauphækkun.

Nær 1500 undanþágur

Þegar verkfallið skall á kom í ljós að listar sjúkrahúsanna yfir þá sem áttu að vinna í verkfalli voru allir í skötulíki og ónothæfir. Spítalarnir stefndu Sjúkraliðafélaginu fyrir Félagisdóm til að fá listana dæmda lögmæta. Niðurstaða félagsdóms var á þá leið að listarnar



Í verkfallinu langa kom ítrekað til málaferla fyrir Félagisdómi. Hér skoða sjúkraliðar nýfallinn dóm, frá vinstri: Gestur Jónsson, lögmaður félagsins, Ólafía Ingvarsdóttir, Birna Ólafadóttir, Gunnar Gunnarsson og Kristín Á. Guðmundsdóttir.



Sjúkraliðar í verkfallsstjórn Sjúkraliðafélagsins áttu annasama daga meðan á langa verkfallinu stóð. Hér eru Guðrún Sverrisdóttir, Helga Steinarsdóttir og Júlíanna Þorvaldsdóttir að fara yfir málin.

til stuðningur er við verkfall sjúkraliða í Dagsbrún og samning

Dagsbrún íhugar að boða skyndiverkfall

Sjúkraliðar ónægð með stuðninginn

Þetta er nýtt tilboð frá ríkissins. Þetta er nýtt tilboð frá ríkissins. Þetta er nýtt tilboð frá ríkissins.

Dagsbrún studdi sjúkraliða í slagnum.

Deila Landakots og Sjúkraliðafélags um framkvæmd verkfalls sjúkr

Sjúkraliðar unnu málið í Félagisdómi

Félagisdómur féll sjúkraliðum í vil.

Landakoti og Sjúkraliðafélaginu var dæmt að bera kostnað af verkfallinu. Þetta er nýtt tilboð frá ríkissins. Þetta er nýtt tilboð frá ríkissins.

Yfir fimmtungi allra rúma hefur verið lokað

Um 120 rúmum á Ríkisspítölunum hefur verið lokað vegna verkfalls sjúkraliða, 67 rúmum hefur verið lokað á Borgarspítala og 27 rúmum á Landakoti. Dreigið hefur verið úr innlögnum og bækunaraðgerðir liggja að mestu leyti niðri.

Yfir Gættungu allra rúma á Ríkisspítölunum og Landakotspítala hefur verið lokað vegna verkfalls sjúkraliða. Á Borgarspítala hefur um 15% allra rúma verið lokað. Hægt hefur verið á starfsemi spítalanna. Nánast engar bækunaraðgerðir eru gerðar á Landakoti og lillstar svegjar.

Mikill þryggti er farið að geta meðal starfsmanna spítalanna vegna katarólans, en verkfall sjúkraliða hefur nú staðið í eina og hálfa viku. Álag á hjúkrunarfræðingum og öðru starfsfólki á öldrunarhöldum hefur verið mjög áberandi.

sem eru opnar og starfsfólk hefur því orðið að bæta við sig mikilli vinnu," sagði Vigdís.

Á Borgarspítalanum hefur 67 rúmum verið lokað, en þar eru um 500 rúm. Hægt hefur verið á starfsemi hjúkrunarfræðingum og þá ekki sítt með starfsfólki í heilbrigðis- og umgönguáttum. Þetta á fyrst og fremst við um þá lögu sem minnst áttíu manntal hafa tekið. Þar liggja ekki tekið tæknifri í framtíðinni.

Verkfallið hafði víða mikil áhrif.

Mönnun undir öryggismörkum

Þetta var ekki forevarnlegt um síðustu hefti. Eg tel að þá hafi mönnun á öryggismörkum, sagði Ragnheiður Stephensen, hjúkrunarfræðingur og starfsfólk á Hrafnistu í Hafnarfirði. Verkfall sjúkraliða hefur komið mjög hefur.



Sumar heilbrigðisstofnanir báru sig illa.



Samninganefnd Sjúkraliðafélagsins sat marga langa og stranga fundi meðan á verkfallinu stóð. Hér má sjá nefndarmenn að störfum.



Verkfallsmiðstöð sjúkraliða var í BSRB-húsinu við Grettisgötu og þar sáu sjúkraliðar um að elda ofan í mannskapinn. Mörg fyrirtæki úti í bæ urðu til þess að senda sjúkraliðum vistir meðan á verkfallinu stóð.



Verkfall sjúkraliða hafði staðið á áttundu viku þegar nýr kjarasamningur var loksins undirritaður 30. desember 1994. Frá vinstri: Indriði H. Þorláksson og Þorsteinn Geirsson fyrir samninganefnd ríkisins, Geir Gunnarsson, sáttasemjari, Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Sif Knudsen, Ída Stanleydóttir, Ólafía Ingvarsdóttir, Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri, og Steinhildur Sigurðardóttir.

ir væru ófullnægjandi og ónákvæmir, en þar sem félagið hefði ekki andmælt listunum innan tilskilis frests bæri að fara eftir þeim.

„Sjúkraliðafélagið mótmælti harðlega niðurstöðum Félagsdóms og knúði stjórnendur Ríkisspítalanna til samkomulags um framkvæmd verkfallsins og skiptingu vinnunnar. Eftir það gekk allt eftir sem um samdist og lögðu báðir aðilar sig fram um að samkomulagið væri virt,“ segir í frásögn Sjúkraliðans af framkvæmd verkfallsins.

Gengið var frá hliðstæðu samkomulagi um rekstur verkfalls sjúkraliða á Borgarspítalanum en „það reyndist hinsvegar torsóttara og torveldara að halda frið um samkomulagið við borgina en ríkið. Reyndi það bæði á þólrif og þólinnæði þeirra aðila sem utan um það héldu.“

Undanþágunefnd Sjúkraliðafélagsins bærust alls 1940 umsóknir um undanþágu frá verkfallinu. Af umsóknunum voru 1428 samþykktar en 512 beiðnum var hafnað.

Athygli var vakin á því í Sjúkraliðanum hversu undanþágubeiðnirnar voru margar. Það sé harla óvenjulegt í ljósi þess að undanþágur í verkfalli eigi að teljast til algjörra undantekninga.

Langt og hart

„Löngu og hörðu verkfalli er lokið,

Mat ríkisins að til-efni sé til kjarabóta

„Eg hef þungar áhyggjur af verkfalli sjúkraliða og hef rætt við þá og fengið að fylgjast með framgangi verkfallsins. Mér sýnist því miður ekki hilla undir það að samningar séu að takast. Eg hef rætt við fjármálaráðgjafa og físt áhyggjum minneytisins. Mér sýnist því miður að lítið hókist af ritthvað er,“ segir Sig- hvarur Þjörgvinsson heilbrigðisráðgjafi um verkfall sjúkraliða.

„Samninganefnd ríkisins segist hafa gert tilboð og biði eftir gaugtilboði. Sjúkraliðar segja að tilboðið

kröfur. Eg trúi ekki öðru en að það gangi saman með þessum aðilum því að báðir þega sér grein fyrir hve mikil íd er í trúfi. Það er mat samninga nefndar ríkisins að það sé tilefni til kjarabóta fyrir þennan lágláunahö og þá er bara spurningin hvar menn

Smá ljós í myrkri ríkisvaldsins.

Almenn launahækkun mun leiða til kollsteypu

MAGNÚS Gunnarsson, formaður Vinnuveitendasambands Íslands, segir að ríkisvaldið hafi gert mjög alvarleg mistök í þeim kjarasamningum sem það hefur gert við nokkrar stóttir starfsmanna síns á undanförunum. Það þygi línu vega ekki að aðilar á almennum vinnu- markaði jafn á endurtaka þau mistök, því það sjái hver heilvita hafi orðið í þessum samningum muni leiða af sér en einn kollsteypu efnahagslífisins og að sé árangur sem náðt hafi á undanförunum árum í efnahagslífinu gjast.

Magnús sagði að 10% almenn launahækkun þýddi nálagt 20 skráðuna í vöðva,“ sagði Magnús.

in að sjátt merki að þessar kröfur umstæður hvoti fyrirtækin til dæla. Þau séu að bæta við sig föklu vegna góðværu samkeppisstöðu innviðis og orlandis, en þessi árangur gjat- liggur verð ómáttulegur. Í því sam- bandi sé hefðbundið að samningar- ir feli ekki í sér launahækkun- umfram hægðist, en nú sé í fyrsta- skipti í góðle góðle fyrir að hægðist- ur hér á landi verði í samræmi við

hafi þreygt til búnaðar, en það er að verulegu leyti því að þakka af vól hafi tekið til með síðustu kjar- samningi fyrir tvö árum og hafi í sönu sé gætt tryggt þennan það einn sem gætt tryggt þennan það einn sé áframhaldandi skyn- samlegur kjarasamningur til næstu tveggja ára.

Ríkisvaldið geti að þessa sé grein fyrir því að það sé algjört hlyta- ríli til þess að við getum komist undir ákvarðun- um.

Hefðbundin viðbrögð vinnueitenda.

MORGUNBLAÐIÐ 1995.11.18, POSTHÓLF 3007, Sími 691100, Símbref 691181

Ágreiningur um framkvæmd verkfalls sjúkraliða óleystur

Sjúkraliðar neita að mæta til vinnu

KRISTÍN Á. Guðmundsdóttir, for-
sætisráðgjafi

starfi inn á þessa lista. „Við teljum að þarna standi ekkert um stöðu-
list sem segi til

Sjúkraliðar brugðust illa við óréttlátum dómi.

Þannirskum starfsstaikum notað af yfirbörum á Hrafnistu ef þær ganga ekki í störf sjúkraliða:

Friðrik heldur pottloki ofan á kraumandi potti

Ég sagði að það væri að koma ljós að umboð samninganefndar ríkisins væri það eitt að halda okkur áfram sem pottloki ofan á kraumandi potti verkafélshreyfingarinnar,” sagði Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, við fjármálaráðherra í fyrrakvöld. Áður en ráðherrann hélt áleiðis á þing Norðurlandaráðs í Tromsø í Noregi, þá sá hann ástæðu til að hafa samband við formann Sjúkraliðafélagsins til þess að mótmæla fullyrðingum hennar um að samninganefnd ríkisins hefði ekki umboð til að ganga til samtuga við sjúkraliða. Hann vildi hins vegar ekki segja Kristínu hve langt samninganefndin mætti ganga til móts við kröfur sjúkraliða. Svo virðist sem yfirmenn spítala og einstakra sjálfségnarstofnana reyni hvað þeir geta til tjóni sem sjúklingar geta á anlega orðið fyrir. Form Sjúkraliðafélagsins segist þessar hótanir mjög alvarar augum og þá ekki síst fyrir að viðkomandi stofnun er verkafélshöfðingi. Málbið í verbið reit við Guðbríði Ellasur, formann Framfaris sem áttar að ræða þetta við

Verandi framkvæmdastjóri Blaðs hf:
Fjármálaráðherra með sjúkraliða sem pottlok.

verkfalli sem er eitt það lengsta sem háð hefur verið á Íslandi. Verkfalli sem vekur upp spurningar. Spurningar um hvort umræða og lög um jafnrétti sé marklaust hjál. Krefjist konur kjarabóta kostar það harða baráttu, eins og dæmin hafa sannað með verkföllum meina-tækna, kennara og sjúkraliða, sem eru dæmigerðar kvennastéttir,” sagði formaður Sjúkraliðafélagsins í forystugrein Sjúkraliðans í apríl 1995.

Í fyrrnefndum bæklingi sem sjúkraliðar dreifðu stendur enn fremur:

„Félagið er ungt, eignalaust en óbugandi í sannfæringu sinni og baráttu fyrir réttlátara og betra samfélagi. Án stuðnings almennings og skilnings á markmiðum baráttunnar, hefðu sjúkraliðar hvorki haft afl né úthald til að ná settum markmiðum. Fjölmargir einstaklingar, félög, stéttarfélög og samtök launþega hafa með ályktunum og fjáframlögum aukið sjúkraliðum kjark og trú á gildi samtakamáttarins.“

Sá stuðningur sem hér er minnst á var með margvíslegu móti. Fjölmargir, bæði stéttarfélög, fyrirtæki og einstaklingar, lögðu Sjúkraliðafélaginu lið með framlögum í verkfallssjóð, matarsendingum eða gjöfum af öðru tagi. Þá létu rithöfundar til sín taka og lásu upp fyrir sjúkraliða í verkfallsmiðstöð félagsins við Grettisgötu.



Mörg hundruð sjúkraliðar mættu með blysa á lofti við ráðhús Reykjavíkur 9. desember 1994. Blysin endurspeglast í Ráðhústjörnninni.

Blysför í verkfalli

Föstudaginn 9. desember 1994, þegar verkfall sjúkraliða hafði staðið í tæpan mánuð, gengu nokkur hundruð sjúkraliðar undir blysum frá bækistöðvum félagsins við Grettisgötu niður að aðsetri valdsins í miðbæ höfuðborgarinnar.

Fyrst var gengið að Stjórnarráðinu til fundar við Davíð Oddsson, forsætisráðherra.

Því næst hélt hópurinn að Alþingishúsinu þar sem sjúkraliðar mynduðu samfellda keðju blysa umhverfis allan Austurvöll.



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, borgarstjóri, tók við áskorunarbréfi Sjúkraliðafélagsins og ávarpaði kyndilbera sjúkraliða.

Að því loknu var gengið að ráðhúsi Reykjavíkurborgar til fundar við borgarstjórnann, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

Blysförin var farin í þeim tilgangi að reyna að vekja athygli ábyrgðaraðila fyrir rekstri ríkisins og Reykjavíkurborgar á þeim stórfelldu vandræðum sem þau voru að stefna heilbrigðisþjónustunni í með aðgerðar- og athafnaleysi sínu.

Blysförin jók á samstöðu sjúkraliða og eflði þá til enn frekari átaka.

Morgunblaðið/Kristín

KRISTÍN Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, átti fund með fjármálaráðherra og heilbrigðisráðherra í gær.

Samninganefnd ríkisins kölluð á fund ráðherra

FRÍÐRIK Sophússon fjármálaráðherra áttar að kalla samninganefnd ríkisins á sinn fund í kjölfar fundar sem hann átti með Kristínu Á. Guðmundsdóttur, formanni Sjúkra-

möguleikar, en við munum hvort í sínu lagi, ég annars vegar og formaður Sjúkraliðafélagsins hins vegar, ræða viðhorfin sem upp komu á fundinum við okkar samninganefnd. Ég tel að andinn á fundinum svarað því,” sagði Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, að loknum fundi með fjármálaráðherra.

Samningar við sjúkraliða skana forðemi

Ráðherrarnir loksins farnir að ókyrrast.

Sjúkraliðafélagsins og ríkisins er enn í hörðum hnúti

Mistókst að ná samkomulagi fyrir jóla

Sjúkraliðar vilja 20% hækkun, en ríkið býður 4%

MNINGANEFNDIR Sjúkraliðafélagsins og ríkisins gerðu alvarlega samtal til að ná samkomulagi í sjúkraliðum fyrir jóla. Samninganefnd ríkisins sagði fyrir að samninganefndin hefði náð til samninganna annars í nokkrum ströngum. Kristín Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, sagði að hald samninganefnda væri ein af bestu samningum í löngun 22 mánuð, haldin. Ég tel að andinn á fundinum svarað því,” sagði Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, að loknum fundi með fjármálaráðherra.

Vegna fullyrðinga samninganefndar ríkisins um að kröfur sjúkraliða væru óþótar lögðu sjúkraliðar fram kröfu um 20% hækkun á 26. nóvember. Þar á milli höfðu verið um 5.500 króna hækkun og á alla launafólka. Það þótti 0,7% hækkun á launum tætt og hlutfallslega minni hækkun þegar ótar dreigir.

Þó að sjúkraliðar hafi síðari hafnað þessari tölgu með formlegum hætti á fundi hjá sáttunum hafa þeir sagt með skýrum hætti að þeir geti ekki fallist á hana. Samninganefndin bætta sjúkraliðum hann upp. Viðmiðunarlímið átti að vera 1. janúar 1995 til 31. desember 1994.

Þó að sjúkraliðar hafi síðari hafnað þessari tölgu með formlegum hætti á fundi hjá sáttunum hafa þeir sagt með skýrum hætti að þeir geti ekki fallist á hana. Samninganefndin bætta sjúkraliðum hann upp. Viðmiðunarlímið átti að vera 1. janúar 1995 til 31. desember 1994.

Þó að sjúkraliðar hafi síðari hafnað þessari tölgu með formlegum hætti á fundi hjá sáttunum hafa þeir sagt með skýrum hætti að þeir geti ekki fallist á hana. Samninganefndin bætta sjúkraliðum hann upp. Viðmiðunarlímið átti að vera 1. janúar 1995 til 31. desember 1994.

Gerðardómstílliga breyt

Í fyrtrad lagði samningar ríkisins fram tillögu um að sit þar í umni um gæðabætur yfir tekjur í skóla og starfsáttir í heilbrigðisum sem ekki hafa fagmenn Kristín sagði að þessi tillögu og tillögunum um gæðabætur.

Verkfall sjúkraliða á jólu staðreynd.



Trúnaðarmenn sjúkraliða á Landspítalanum funduðu með Ögmundi Jónassyni, formanni BSRB, vegna uppsagnar formanns félagsins úr starfi á skurðeild spítalans. Fundurinn ályktaði harðlega gegn uppsögninni.

Formanni sagt upp störfum

Alvarleg atлага var gerð að störfum sjúkraliða á stóru spítölonum í Reykjavík, Landspítala og Borgarspítala, á fyrri hluta tíunda áratugarins. Hjúkrunarforstjór sjúkrahúsanna stefndu markvisst að því að fjölga störfum hjúkrunarfræðinga á kostnað sjúkraliða. Mitt í þeirri miklu orrahríð var formanni Sjúkraliðafélags Íslands sagt upp störfum á skurðeild Landspítalans eftir tólf ára starf vegna afskipta hans af félagsmálum sjúkraliða.

„Uppsögn formanns stéttarfélags, sem jafnframt var aðaltrúnaðarmaður sjúkraliða á Landspítalanum, var mjög alvarleg ákvörðun,” segir í frétt Sjúkraliðans um málið í ágúst 1994.

Sjúkraliðar brugðust mjög hart við ákvörðun hjúkrunarstjórnar Landspítalans og fjölmennir fundir þeirra sendu frá sér ályktanir þar sem aðför að félagafrælsi

launþega var harðlega mótmælt, enda uppsögn formanns og aðaltrúnaðarmanns skýlaust brot á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Fyrir milligöngu formanns BSRB, heilbrigðisráðherra, aðstoðarmanns hans og framkvæmdastjóra Ríkisspítalanna fannst loks viðundandi lausn á málinu og tók formaður félagsins um sinn við verkstjórnarstarfi á sötthreinsunardeild spítalans.

Í viðtalið árið 1996 fannst Kristínu það hálf kaldhæðislegt að sér hefði verið komið fyrir á dauðhreinsun sjúkrahússins og bætti við:

„Í mínum huga finnst mér aðförin að mér óneitanlega minna á stjórnunarstíl Stalíns sáluga. Þeim sem lifðu af hreinsanir hans var komið fyrir í Gulaginu. En vinnan á dauðhreinsuninni, og þó sérstaklega vinnufélagar mínir, eru mér uppörfun og gera mér veruna þar góða.”



Forsíðufrétt Tímans af því þegar formaður félagsins mætti til vinnu eftir verkfallið.



Formaður Sjúkraliðafélagsins á forsíðu helgarblaðs DV 3. desember 1994.



Sjúkraliðar stöðva verkfallsbrot.



Þungt hljóð í talsmönnum heilbrigðisstofnana þegar verkfallið hafði staðið í sex vikur.



Sjúkraliðar hafa þurft að fjölmenna á fund margra heilbrigðisráðherra til að knýja á um bætta stöðu stéttarinnar. Hér er Guðmundur Árni Stefánsson umkringdur sjúkraliðum árið 1995. Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, er að afhenda honum liðlega 3000 undirskriftir starfsmanna í heilbrigðisþjónustu þar sem þess er krafist að staðið verði við fyrirheit ríkisstjórnarinnar í árslok 1994 um afgreiðslu á frumvarpi um verksvið og réttindi sjúkraliða. Loforðið var svikið.

Langur lífróður

Baráttan fyrir starfsréttindum og stöðu sjúkraliðastéttarinnar hefur verið langur og erfiður lífróður þau fjörutíu ár sem sjúkraliðar hafa starfað á Íslandi. Það á sérstaklega við um baráttuna fyrir breytingum á lögum um sjúkraliða sem var afar torsótt vegna hatrammrar andstöðu sumra samstarfsmanna og yfirmanna sjúkraliða á heilbrigðisstofnunum.

Í reglugerð um Sjúkraliðaskóla Íslands frá árinu 1975 var starfsheitið sjúkraliði bundið við próf frá skólanum eða samþærliga menntun:

„14. grein. Rétt til þess að starfa sem sjúkraliði hér á landi og kalla sig sjúkraliða hefur sá einn, sem til þess hefur fengið löggildingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

15. grein. Löggilding samkvæmt 14. grein skal veita íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa prófi frá Sjúkraliðaskóla Íslands eða öðru prófi, sem heilbrigðisfyrivöld viðurkenna.“

Lögverndun 1984

Tæpum tíu árum síðar, 17. maí 1984, samþykkti Alþingi lög um sjúkraliða. Þar segir meðal annars í þriðju grein:

„Óheimilt er að ráða sem sjúkraliða aðra en þá sem hafa leyfi samkvæmt þessum lögum.“

Þáverandi formaður Sjúkraliðafélagsins, Margrét S. Einarsdóttir, lýsti þessari lögverndun starfs sjúkraliða sem mikilvægum sigri í fréttabréfi félagsins í júní 1984:

„Ég tel að einhverjir áhrifamiklir aðilar í þjóðfélaginu rói að því öllum árum að gera hlut sjúkraliða sem minnstan og draga úr þeim áhrifum, sem heilbrigð og skynsamleg afstaða til stéttarinnar getur haft á heilsugæslumálin í heild.“

*Sæmundur B. Elimundarson,
fyrirverandi formaður
Sjúkraliðafélags Íslands,
í grein í Morgunblaðinu
23. apríl 1972.*

„Lögverndunin er mikið skref fram á við fyrir sjúkraliða og ber að fagna þessum áfanga. Í lögum þessum felst lögverndun á starfsheiti, starfsréttindum og skyldum fyrir sjúkraliða. Lög þessi eru í samræmi við ýmis sérlög annarra starfsstétta innan heilbrigðisþjónustunnar.“

Lögin rangtúlkuð

En lögin höfðu varla verið samþykkt af Alþingi fyrr en farið var að halda því fram að í þeim fælist ekki lögverndun á starfi, aðeins starfsheiti stéttarinnar. Það var allt önnur túlkun en umræðan á Alþingi gaf tilefni til.

Í fréttabréfi félagsins í janúar 1985 er fjallað um brot á þessu nýja lagaákvæði og viðbrögðum félagsins:

„Ýmsir forráðamenn sjúkrastofnana virðast ekki enn gera sér grein fyrir því að um lögbrot er að ræða, ef ófaglægð manneskja er ráðin til þess að sinna störfum sem sjúkraliðar eru menntaðir til. Af þessu tilefni hefur SLFÍ sent frá sér bréf til forráðamanna sjúkrastofnana, þar sem vakin er athygli á þessum málum. Því bréfi fylgir ljósrit af bréfi ráðuneytisins, þar sem öll tvímæli um undanþágur í þessu máli eru tekin af.“

Næstu ár og áratugi var það þrautalending Sjúkraliðafélagsins að leita álits heilbrigðisráðuneytisins á túlkun laganna til að kveða niður vísitandi rangtúlkunar á gildandi lögum og reglugerðum. Þannig fékk félagið af gefnu tilefni enn á ný yfirlýsingu frá heilbrigðisráðuneytinu um rétta túlkun lögverndunarinnar 17. mars 1992:

„Ráðuneytið getur fallist á þá skoðun Sjúkraliðafélagsins að aðeins þeir sem lokið hafa tilskilinni menntun og fengið hafa leyfi heilbrigðisráðherra megi kalla sig sjúkraliða.

Ráðuneytið hefur þær athugasemdir við skoðun Sjúkraliðafélagsins að sjúkraliðar hafi einir rétt til að gegna störfum sem skilgreind eru fyrir sjúkraliða að það er skoðun ráðuneytisins að fáist ekki sjúkraliðar til starfa þá megin ráða til þeirra starfa fólk sem hefur ekki leyfi til að kalla sig sjúkraliða.“

„Loksins - loksins“

Í tengslum við kjarasamning sem gerður var af hálfu SFR við fjármálaráðuneytið 7. apríl 1987 gaf fulltrúi heilbrigðisráðherra skriflega yfirlýsingu um að starfsréttindi sjúkraliða yrðu endurskoðuð fyrir október 1987. Þetta gerði hann í umboði heilbrigðisráðherra.

Það var þó ekki fyrr en 19. maí árið 1989 að Alþingi samþykkti breytingar á lögum frá 1984 um sjúkraliða. Þar var ákvæðum fimmtu greinar breytt í veigamiklum atriðum. Í lögnum frá 1984 sagði:

„Sjúkraliðar skulu aðeins starfa undir stjórn og á ábyrgð hjúkrunarfræðings.“

Eftir breytinguna árið 1989 hljóðaði fimmta greinin svo:

„Sjúkraliði starfar á hjúkrunarviði og vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn viðkomandi stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum.



Staða sjúkraliðastéttarinnar hefur oft komið til umræða á Alþingi. Hér fjölmenna sjúkraliðar á þingpalla að fylgjast með yfirlýsingu ráðherra og þingmanna.

Þar sem hjúkrunarfræðingur hefur ekki fengið til starfa að undangenginni auglýsingu getur sjúkraliði borið ábyrgð á störfum sínum gagnvart þeim sérfræðingi sem hlotið hefur viðurkenningu heilbrigðisráðuneytisins. Þó skal slík skipan háð samþykki heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og ekki standa lengur en eitt ár í senn og er þá skylt að auglýsa á ný eftir hjúkrunarfræðingi.

Komi upp ágreiningur um ráðningu sjúkraliða samkvæmt 2. mgr. skal ráðuneytið skera úr um þann ágreining.“

Fréttabréf félagsins birti frétt um þessa lagabreytingu undir fyrirsögninni: „Loksins - loksins“.

Nefnd um aukin réttindi

Árið 1992 féllst heilbrigðisráðherra á að skipa nefnd til að endurskoða lög in sjúkraliða. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir að verkefni hennar sé „að gera tillögur um aukin réttindi sjúkraliða sem heilbrigðisstéttar og auka möguleika þeirra

til að afla sér framhaldsmenntunar.“

Í bréfi til Sjúkraliðafélagsins er þessi skilningur ráðherrans ítrekaður:

„Svo sem fram kemur í skipunarbréfi nefndarmanna er hlutverk nefndarinnar að gera tillögur um aukin réttindi sjúkraliða sem heilbrigðisstéttar og að auka möguleika þeirra til að afla sér framhaldsmenntunar.

Afstaða ráðuneytisins í þessu máli er eins og að framan segir ótvíræð.“

Yfirlýsing ráðherra

Þegar Sjúkraliðafélag Íslands gerði sinn fyrsta kjarasamning í desember 1992 gaf þáverandi heilbrigðisráðherra, Sighvatur Björgvinsson, út yfirlýsingu sem send var öllum stjórnendum sjúkrahúsanna til eftirbreytni. Í yfirlýsinguinni sagði:

„Heilbrigðis- og tryggingaráðherra hefur átt fund með fulltrúum frá Sjúkraliðafélagi Íslands. Í framhaldi af þeim fundi hefur ráðherra ákveðið að beina því til stjórna sjúkrahúsanna að nota að fullu þær stöðuheimildir fyrir sjúkraliða, sem stofnanir hafa, þegar kostur er á sjúkraliðum til starfa.

Hafi ófaglært starfsfólk verið ráðið tímabundið í stöður, sem ætlaðar eru sjúkraliðum, telur ráðuneytið eðlilegt að stjórnir ráði sjúkraliða þegar þess er kostur.

Þá vill ráðherra beina þeim ákveðnu tilmælum til hjúkrunarforstjóra að menntun sjúkraliða sé að fullu nýtt þegar verkskipting er ákveðin á sjúkrahúsum og hjúkrunarfræðingar séu ekki ráðnir til starfa þegar hægt er að nýta sjúkraliða.“

Nefndin skilar álitu

Nefndin sem heilbrigðisráðherra skipaði árið 1992 til að endurskoða lög um sjúkraliða skilaði álitu sínu í desember árið 1993. Nefndin samdi frumvarp til



Störf sjúkraliða eru fjölbeytt. Hér annast Hlíf Geirsdóttir, sjúkraliði, flúorskólun barna í grunnskóla í Kópavogi.

laga sem fól í sér verulegar breytingar á verksviði sjúkraliða.

Lykilbreytingarnar sem nefndin lagði til fólust í 3. og 5. grein frumvarpsins. Í þriðju greininni var eftirfarandi nýmæli:

„Fáist sjúkraliði ekki til starfa er heimilt að ráða aðra aðila tímabundið en ekki lengur en eitt ár í senn.“

Nýmælið í 5. grein var þetta:

„Sjúkraliði starfar á lækningasviði samkvæmt fyrirmælum, undir handleiðslu og á ábyrgð læknis eða sérfræðings, að svo miklu leyti sem slík störf eru ekki falin öðrum með lögum eða reglugerðum.“

Fulltrúar hjúkrunarfræðinga í nefndinni lýstu ákafri andstöðu við þetta merka nýmæli sem meirihluti nefndarinnar samþykkti.

Harkaleg átök

Harkaleg átök urðu um frumvarpið. Andstaðan kom fyrst og fremst frá félagi hjúkrunarfræðinga og bandamönnum þeirra. Af þeim sökum dróst úr hófi fram að heilbrigðisráðherra legði frumvarpið fram á Alþingi.

Þegar framkvæmdastjórn og formenn landshlutadeilda félagsins komu saman til fundar 11. febrúar 1994 var samþykkt áskoran til ráðherrans:

„Fundurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að afgreiðslu frumvarpsins verði hraðað eins og kostur er og væntir þess að það verði afgreitt sem lög frá Alþingi fyrir vorið. Í lögnum felst, eins og ráðherra er kunnugt, heimild fyrir sjúkraliða til að starfa á lækningasviði undir stjórn viðkomandi læknis eða sérfræðings. Auk þess sem gert er ráð fyrir skýrari ákvæðum um starfsvettvang stéttarinnar.

Sjúkraliðar telja að með samþykkt laganna verði hægt að endurskipuleggja ýmsar þjónustudeildir heilbrigðisþjónustunnar til verulegs ábata fyrir starfsemi alla, sjúklinga, vistmenn, starfsfólk og stjórnendur, með breyttum starfsháttum. Breytingin sem löggin hafa í för með sér stuðla að raunhæfari verkaskiptingu, minni útgjöldum og bættum starfsanda.“

Sjúkraliðar létu ekki sitt eftir liggja í þeirri miklu opinberu orrahrið sem varð um frumvarpið. Þeir skrifuðu greinar í dagblöðin og fjölmenntu á Austurvöll þar sem heilbrigðisráðherra voru afhentir undirskriftarlistar á þriðja þúsund heilbrigðisstarfsmanna með áskoran um að leggja frumvarpið fram á Alþingi. Þann 29. mars 1994 héldu sjúkraliðar almenna félagsfundi í öllum kjördæmum landsins þar sem samþykktar voru áskoranir til þingmanna um að veita frumvarpinu brautargengi. Þessar ályktanir voru afhentar þingmönnum allra kjördæmanna auk þess sem þingmenn



Þegar átökin um breytt lög um starfsvið sjúkraliða stóðu sem hæst á fyrri hluta tíunda áratugarins héldu sjúkraliðar fjölmennan fund með þingmönnum Reykjavíkur. Í fremstu röð frá vinstri: Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélagsins, Ögmundur Jónsson, formaður BSRB, og alþingismennirnir Svavar Gestsson, Finnur Ingólfsson, Óssur Skarphéðinsson og Kristín Ástgeirsdóttir.

Reykjavíkur og Reykjaness voru boðaðir til fundar með sjúkraliðum 6. apríl þar sem frumvarpið var kynnt.

Atlaga að stéttinni

Í ársskýrslu sinni vorið 1994 sagði formaður félagsins um þessi átök:

Mikil barátta hefur verið um starfsréttindi og starfsöryggi sjúkraliða á öllum helstu sjúkrastofnunum landsins. Sjúkraliðar eru á einu máli um, að lífsspursmál sé fyrir stéttina að frumvarpið verði að lögum, ef hún á að komast lífs af í þeim hildarleik sem háður er um tilvist hennar.

Barátta okkar fyrir breytingum á lögum um sjúkraliða hefur verið afar torsótt og erfiðleikarnir oft svo miklir, að erfitt hefur verið að sjá nokkurn árangur erfiðisins. Lítil eru skrefin oft á tíðum fram á við, en hvert örstutt spor skilar okkur nær settu marki. Einnig höfum við þurft að berjast við rætna umfjöllun bæði í rituðu og töluðu máli.

Sjúkraliðar hafa mátt lúta því, að smátt og smátt er verið að taka af þeim starfsvettvanginn. Það sem voru okkar störf í

gær eru í dag störf annarra. Sjúkraliðum hefur verið sífellt að fækka á handlæknisdeildum sjúkrahúsanna og í þeirra stað hafa verið ráðnir hjúkrunarfræðingar.

Ítrekun ráðherra

Sú harða atлага sem gerð var að réttindum og störfum sjúkraliða á níunda og tíunda áratug síðustu aldar birtist meðal annars í þeim ásetningi hjúkrunarforstjóra Landspítala og Borgarspítala að fjölga hjúkrunarfræðingum verulega á kostnað sjúkraliða.

Þetta varð til þess að heilbrigðisráðherra sendi bréf til stjórna sjúkrastofnanna 28. apríl 1994 þar sem hann áréttaði meginákvæði gildandi laga um störf sjúkraliða.

Í fyrsta lagi minnti ráðherra á að stjórnendum sé skylt að auglýsa allar lausar stöður opinberra starfsmanna með fjögurra vikna fyrirvara. „Í ljós hefur komið að verulegur misbrestur er á að framangreindu lagaákvæði sé framfylgt, meðal annars varðandi auglýsingar eftir sjúkraliðum til starfa á heilbrigðisviði.“



Sjúkraliði sinnir ungabarni á vökudeild Landspítalans.



Forystumenn Sjúkraliðafélagsins hafa margsinnis þurft að fara yfir mál stéttarinnar með lögmonnum sínum. Frá vinstri: Sólveig Halblaub, Ögmundur Jónasson, Gestur Jónsson, lögmaður, Gunnar Gunnarsson, Kristín Á. Guðmundsdóttir og Ólafía Ingvarsdóttir.

Í öðru lagi minnti ráðherra á fyrri tilmæli sín til stjórn sjúkrastofnana að þær noti að fullu þær stöðuheimildir fyrir sjúkraliða sem stofnanirnar hafa þegar kostur er á sjúkraliðum til starfa. Jafnframt var þeim tilmælum beint til hjúkrunarforstjóra að menntun sjúkraliði væru að fullu nýtt við verkaskiptingu á sjúkrahúsum og að hjúkrunarfræðingar væru ekki ráðnir til starfa þegar hægt væri að nýta sjúkraliða.

Í þriðja lagði var minnt á lagaákvæði þess efnis að þar sem hjúkrunarfræðingur hefur ekki fengist til starfa að undanenginginni auglýsingu geti sjúkraliði borið ábyrgð á störfum sínum gagnvart þeim sérfræðingi sem hlotið hefur viðurkenningu heilbrigðisráðuneytisins og bætt við: „Í lögum er hvergi að finna heimild til þess að ráða hjúkrunarfræðing í störf sjúkraliða.“

Heilbrigðisráðherra ítrekaði í lok bréfsins tilmæli sín „um að menntun sjúkraliða verði að fullu nýtt við verkaskiptingu á sjúkrahúsum og að hjúkrunarfræðingar séu ekki ráðnir í störf þegar hægt er að nýta sjúkraliða til starfsins.“

Loforð þriggja ráðherra

Þegar til kom heytist heilbrigðisráðherra á að leggja frumvarpið fram á Alþingi. Þessi í stað skipaði hann enn eina nefndina til að freista þess að ná sátt um frumvarpið. Samkomulag náðist í nefndinni við alla nema fulltrúa hjúkrunarfræðinga.

Þegar sjúkraliðar höfðu verið í einu lengsta verkfalli sem um getur hér á landi, en það stóð frá 11. nóvember til 30. desember 1994, gaf aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra skriflega yfirlýsingu sem var mikilvægur hluti þess samnings sem gerður var til að leysa verkfallið. Yfirlýsingin, sem er dagsett 30. desember 1994, var svohljóðandi:

„Ég undirritaður aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra og formaður nefndar um frumvarp til laga um sjúkraliða staðfesti hér með að heilbrigðisráðherra hefur

stuðningi við það.“

Þótt þetta loforð þriggja ráðherra væri óaðskiljanlegur hluti samkomulagsins við sjúkraliða 30. desember 1994, fór svo að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis felldu tillögu formanns nefndarinnar um að frumvarpið yrði lagt fyrir þingið til afgreiðslu.

„30 ára í járngreipum“

„Með afstöðu sinni komu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis í veg fyrir að frumvarpið fengi þinglega afgreiðslu, sem formaður Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra hafði lofað sem hluta af lausn í alvarlegri og langvinnri kjaradeilu sjúkraliða. Þær skýringar sem hann hefur gefið, hafa til þessa verið ótrúverðugar og ófullnægjandi og valdið alvarlegum trúnaðarþresti milli hans og sjúkraliða,“ segir í ályktun félagsstjórnar Sjúkraliðafélagsins 11.-12. mars 1995.

Formaður félagsins fjallaði um þessi ömurlegu málalok í forystugrein Sjúkraliðans árið 1996 þegar félagið fagnaði 30 ára afmæli sínu. Undir fyrrisögninni „30 ár í járngreipum“ segir meðal annars:



Loforðið um breytta verkaskiptingu sjúkraliða vakti mikla athygli. Þannig sagði Morgunblaðið frá frumvarpinu umdeilda í ársbyrjun 1995.

ákveðið að leggja til á ríkisstjórnarfundum í dag að frumvarpið, í þeirri mynd sem meirihluti nefndarinnar hefur fallist á, verði flutt sem stjórnarfrumvarp og hafa forsætisráðherra og fjármálaráðherra lýst



Sjúkraliðar við mælitækin. Myndin er frá St. Jósefsspítala Landakoti.

„Þau ótrúlegu járn tök sem hjúkrunarfræðingar hafa náð á heilbrigðisyrirvöldum og þingi, geta ekki og mega ekki verða viðvarandi, ef ekki á að hljóta stöð verra af fyrir samfélagið í heild. Það hlýtur að vera krafa samfélagsins að stéttir séu metnar og nýttar í samræmi við menntun sína, hæfni og þarfir samfélagsins, en ekki út frá félagspólitík eins og viðgengst á hjúkrunarsviði.“

Stöðugt minnt á gefið loforð

Félagið hélt áfram baráttu sinni fyrir breyttum lögum um sjúkraliða, meðal annars með endurteknum áskorunum á ráðherra að þeir standi við gefin loforð.

Árið 1999 gengu fulltrúar félagsins á fund heilbrigðisráðherra með tillögum um hvernig bæta mætti úr alvarlegum skorti á sjúkraliðum. Þá hafði frumvarpið um aukið starfssvið sjúkraliða legið fyrir Alþingi frá áramótum 1994/1995 án þess að fá afgreiðslu. Minnt var á mikilvægi þess að verða við kröfum stéttarinnar um aukið starfssvið ef fjölga ætti sjúkraliðum.

Í ályktun vorið 1999 lýsti fulltrúaþing félagsins ástandinu þannig:

„Sjúkraliði flýja úr störfum í heilbrigðiskerfinu vegna légregra launa, óhóflegs vinnuálags og líkamlegs erfiðis, langs vinnudags, vaktavinnu og andlegs álags. Síðast en ekki síst telja sjúkraliðar að menntun stéttarinnar sé ekki nýtt, af þeirri ástæðu njóta þeir litils frama. Skortur á nýliðun í nám og starf má kenna því að ungt og metnaðarfullt fólk sér ekki tilgang í að mennta sig til starfs sem gefur því hvorki tækifæri til að nýta menntun sína eða tækifæri til að fá starfslegum metnaði fullnægt.“

Ný reglugerð 2001

Við undirritun nýs kjarasamnings við ríkið í nóvember 2001 gaf heilbrigðisráðherra út nýja reglugerð um menntun, réttindi og skyldur sjúkraliða, og er hún enn í gildi. Þar var komið til móts við áralangar kröfur félagsins um aukið starfssvið og réttindi.

Í þriðju greininni, sem fjallar um starfssvið sjúkraliða, segir að starfsvettvangur sjúkraliða sé „á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum, heilsugæslustöðvum og öðrum heilbrigðisstofnunum.“

Merkasta viðbótin er þó í lok greinarinnar, en þar segir:

„Sjúkraliði starfar einkum við almenna og sérhæfða umönnun sjúkra og við þau hjúkrunarstörf sem hann hefur menntun og faglega færni til að sinna. Við mat á faglegri færni skal tekið tillit til viðbótarmenntunar sem sjúkraliði hefur aflað sér.“



Nefnd um framtíðarstöðu sjúkraliðastarfsins skilaðin álit og tillögum til heilbrigðisráðherra í lok maí árið 2006. Frá vinstri: Lilja Stefánsdóttir, Ragnheiður Haraldsdóttir, Guðrún Sigurjónsdóttir, starfsmaður nefndarinnar, Kristín Á. Guðmundsdóttir og Sveinn H. Skúlaason.

Í fjórðu greininni er enn frekar hnykkt á forgangi sjúkraliða til starfa, en þar segir:

„Ekki er heimilt að ráða aðra sjúkraliða til sérhæfðra umönnunar- og hjúkrunarstarfa samkvæmt 3. mgr. 3. gr., nema áður hafi verið auglýst eftir sjúkraliðum. Hafi verið auglýst eftir sjúkraliðum á síðustu sex mánuðum án árangurs er þó ekki skylt að auglýsa að nýju.“

Þrátt fyrir skýlaus ákvæði um forgang sjúkraliða að störfum hefur félagið þurft að minna stjórnendur sumra heilbrigðisstofnana á það hvað eftir annað að fara að lögum og í sumum tilvikum leitað aðstoðar ráðuneytisins þegar brotaviljinn hefur verið mikill og langvarandi. Með dómi héraðsdóms síðastliðið sumar í Reykhólamálinu voru loks tekin af öll tvímæli um lögverndaðan forgang sjúkraliða til starfa.

Þrengt að verkswiði eftir sérnám

Það hefur lengi verið þyrnir í augum sjúkraliða að þrátt fyrir meira nám er starfssvið þeirra þrengra en í nágrennalöndunum. Félagið hefur bent á fjölmörg dæmi um þetta undanfarin ár, jafnt í viðræðum við stjórnvöld og með ítarlegri umfjöllun í tímariti félagsins um starfs-

svið sjúkraliða í öðrum löndum.

Hið sama varð uppi á teningnum þegar sjúkraliðar komu til starfa eftir eins árs sérnám í hjúkrun aldraðra. Kerfisbundin andstaða gegn auknu og eðlilegu verkswiði sjúkraliða birtist meðal annars í leiðbeiningum Landlæknis um þau störf sem sjúkraliðar megji inna af hendi að sérnáminu loknu, en þau fyrirmæli ganga þvert á fyrirheitin sem gefin voru í nefndarálitum þverfaglegar nefndar heilbrigðisráðherra sem var grundvöllur sérnámsins.

Fulltrúaþing Sjúkraliðafélagsins árið 2005 harmaði „þá niðurstöðu Landlæknisembættisins að rýra gildi sérnáms sjúkraliða í hjúkrun aldraðra með því að heimila ekki sjúkraliðum, eftir útskrift, að vinna þau verk sem þeir hafa menntun til samkvæmt námskrá menntamálaráðuneytisins. Fulltrúaþingið beinir því til heilbrigðisráðherra að hann taki þá pólitísku ábyrgð sem honum ber í málinu og geri Landlæknisembættinu ljóst að það þurfi að endurskoða afstöðu sína,“ segir í ályktuninni.

Þessi krafa var ítrekuð í samþykktum fulltrúaþingsins síðastliðið vor. Þrátt fyrir það hefur heilbrigðisráðherra ekki enn orðið við áskorun félagsins.



Á skurðstofu sem er einn af mörgum starfsvettvöngum sjúkraliða.

Trúnaðarmenn eru slagæðar félagsins

Trúnaðarmenn gegna mikilvægu hlutverki í öllum stéttarfélögum. Það á líka við um Sjúkraliðafélag Íslands, en innan félagsins starfa hátt á annað hundrað kjörnir trúnaðarmenn sjúkraliða á vinnustöðum hringinn í kringum landið.

Trúnaðarmenn eru slagæðar félagsins og ef þær stíflast og verða óvirkar þá vita sjúkraliðar manna best hvaða afleiðingar það hefur. Þetta sagði Birna Ólafsdóttir, sjúkraliði og núverandi skrifstofustjóri félagsins, á námskeiði Sjúkraliðafélagsins fyrir trúnaðarmenn í febrúar árið 1991. Þessi orð lýsa vel hversu mikilvægir trúnaðarmenn eru fyrir öflugt félagsstarf.

Það var ekki aðeins að fyrstu sjúkraliðarnir á Íslandi útskrifuðust á Akureyri, heldur var þar líka valinn fyrsti trúnaðarmaður sjúkraliða. Það var Stella Stefánsdóttir sem jafnframt var fyrsti formaður Akureyrardeildar Sjúkraliðafélagsins. Trúnaðarmönnum úr röðum sjúkraliða fjölgaði síðan smátt og smátt næstu árin.

Tvöfalt kerfi

Á meðan Sjúkraliðafélagið var einungis fagfélag var í raun og veru tvöfalt kerfi trúnaðarmanna í gangi. Annars vegar hinir hefðbundnu og lögvernduðu trúnaðarmenn þess stéttarfélags sem sjúkraliðarnir heyrðu til, það er SFR eða starfsmannafélaga bæjarfélaganna. Hins vegar sérstakir trúnaðarmenn Sjúkraliðafélagsins, en um þá sagði í fréttablaði Sjúkraliðans árið 1984:

„SLFÍ hefur lagt áherslu á að á hverri deild sé starfandi sérstakur deildartrúnaðarmaður. Hann er fyrst og fremst tengiliður milli Sjúkraliðafélagsins og hins almenna félaga í starfi og getur verið ómetan-



Stella Stefánsdóttir, fyrsti trúnaðarmaður sjúkraliða, við störf ásamt gangastúlku.

legur sem slíkur, til dæmis þegar þarf að ná til félagsmanna með litlum fyrirvara, dreifa eða safna upplýsingum og svo framvegis.”

Allir þessir trúnaðarmenn mynduðu sérstakt trúnaðarmannaráð sem kom saman til fundar nokkrum sinnum á ári. Fundur ráðsins skömmu fyrir aðalfund Sjúkraliðafélagsins hafði það hlutverk meðal annars að kjósa uppstillinganefnd og kjörnefnd vegna stjórnar- og nefndakjörs á aðalfundi.

Í fréttabréfi Sjúkraliðans árið 1983 kemur fram að trúnaðarmenn félagsins gegndu þá líka mikilvægu hlutverki við innheimtu félagsgjalda:

„Ljóst var að Borgarspítalinn og Landspítalinn höfðu alfarið hafnað að innheimta félagsgjöld fyrir okkur samfara launagreiðslum. Það var því illt í efni og rekstur félagsins vægast sagt bágborinn. Hér í Reykjavík var brugðið á það ráð að leita til trúnaðarmanna hinna ýmsu deilda

og falast eftir aðstoð við innheimtu félagsgjalda. Þeirri umleitan okkar var mjög vel tekið og nánast hvarvetna brugðist drengilega og fljótt við. Fyrir þau störf ber að þakka trúnaðarmönnum alveg sérstaklega,” segir þáverandi formaður, Margrét S. Einarsdóttir, í fréttabréfinu.

Mikilvægt starf

Kristín Á. Guðmundsdóttir, núverandi formaður, brýndi trúnaðarmenn til dáða í Sjúkraliðanum í nóvember 1987 og lýsti mikilvægi þeirra fyrir félagið þannig:

„Hafið það hugfast að starf trúnaðarmanns er ekki eingöngu til að leysa ágreining, heldur og til að efla samstarf innan félagsins og kynna þær félagslegu hugmyndir sem upp kunna að koma í samstarfi við hinn almenna félagsmann. Starf trúnaðarmanns er mikilvægt þar sem í hönd fer mikil vinna með tilkomu nýju samningsréttarlaganna. Það er nauðsynlegt að trúnaðarmenn verði tilbúnir til þessara starfa. Leggja þarf aukna áherslu á alla faglega umræðu. Ábyrgð okkar í starfi er mikil og baráttan fyrir því að fá það viðurkennt er bara rétt að byrja og er því mjög mikilvægt að allir sjúkraliðar taki höndum saman og skoði málin til hlítar, og kemur þá ekki síst til kasta trúnaðarmanna.”

Eftir að Sjúkraliðafélagið varð stéttarfélag tilheyra allir kjörnir trúnaðarmenn sjúkraliða félaginu og starfa þeir í umboði svæðisdeildar á hverjum vinnustað. Þeir eru nú hátt á annað hundrað talsins.

Félagið hefur lengi unnið að því að efla starf trúnaðarmanna, meðal annars með því að halda sérstök trúnaðarmannanámskeið sem hafa verið vel sótt og vel metin af trúnaðarmönnum félagsins.



Trúnaðarmenn sjúkraliða á námskeiði á vegum BSRB árið 1999. Námskeiðið var haldið í Munaðarnesi.



Fyrsti hópurinn sem fór í eins árs sérnám sjúkraliða í hjúkrun aldraða við Heilbrigðisskóla FÁ í Ármúla árið 2001. Frá vinstri: Hulda Hanna Jóhannsdóttir, Guðrún Sverrisdóttir, Inga Lóa Guðmundsdóttir, Edda Sjöfn Smáradóttir, Ásla Fossadal, Elín Þorsteinsdóttir, Áslaug Maríasdóttir, María Ólafsson, Kristín Pálína Magnúsdóttir, Margrét Vífilisdóttir, Kristbjörg Bára Emilsdóttir. Á myndina vantar Jóhönnu Svönu Sigurvinsdóttur og Guðrúnu Viggósdóttur.

Baráttan fyrir framhaldsnámi

Eins árs sérnám sjúkraliða í hjúkrun aldraðra hófst við Heilbrigðisskóla FÁ við Ármúla í byrjun árs 2002 og hefur reynst afar vinsælt í röðum sjúkraliða víða um land. Sérnámið er árangur af langri og erfiðri baráttu Sjúkraliðafélags Íslands fyrir framhaldsnámi sem gæfi sjúkraliðum aukna menntun, réttindi og ábyrgð í starfi.

Fyrir rúmum tuttugu árum hélt Sjúkraliðafélagið ráðstefnu um menntun og stöðu sjúkraliða. Hópur sjúkraliða flutti þar erindi þar sem vitnað var til þess að sjúkraliðar á Norðurlöndum hefðu tækifæri til að bæta við menntun sína með sérnámi til dæmis í öldrunarhjúkrun, geðhjúkrun, krabbameinshjúkrun, skurðstofuhjúkrun og barnahjúkrun. Ekkert slíkt stæði íslensku sjúkraliðum til boða.

„Okkur finnst tími til kominn að sjúkraliðum á Íslandi verði gefinn kostur á samþæflegu framhaldsnámi sem gæfi auknið frumkvæði og sjálfstæði í starfi. Hvernig stendur á því að slíkt hefur ekki verið gert?“ spurðu sjúkraliðarnir.

Þannig var staðan fyrir tuttugu árum.



Heilbrigðisskólinn við Ármúla hefur verið kjölfesta sjúkraliðanáms um langt árabil. Sjúkraliðafélagið afhenti skólanum að gjöf vandaðan skjávarpa árið 2003. Sölvi Sveinsson, þáverandi skólameistari Ármúlaskólans, og Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, festa gjafabréfið upp á vegg.

Knúíð fram með uppsögnum

Barátta félagsins fyrir framhaldsmenntun sjúkraliða hélt stöðugt áfram þótt hægt miðaði. Árið 1982 var samið um að sjúkra-

liðum yrði gefinn kostur á þriggja mánaða námskeiðum og eins árs framhaldsnámi eftir þriggja ára starf. Þessi áform mættu mikilli andstöðu frá stéttarfélagi hjúkrunarfræðinga sem sendi ráðuneytum heilbrigðis- og fjármála mótmælalibréfi sem birt var í tímariti þeirra. Þar segir meðal annars:

„Verði þessari fyrirætlun hrundið í framkvæmd er um að ræða skýlaust brot á lögbundnum starfsréttindum hjúkrunarfræðinga. Hjúkrunarfræðingar hljóta að standa fast gegn þessum áformum, verði reynt að fylgja þeim fram.“

Lítið varð úr framkvæmdum og á aðalfundi félagsins árið 1985 er því harðlega mótmælt að enn sé „ekki gert ráð fyrir neinni viðbótar- eða framhaldsmenntun fyrir það fólk sem velur sér nám sjúkraliðans. Það getur tæplega samrýmst nútíma-kröfum í menntunarmálum að ein stétt sé lokað af í blindgötu.“

Á 25 ára afmæli félagsins 1991 lýsti formaður Sjúkraliðafélagsins þessum hæga-gangi með eftirfarandi orðum:

„Samningar eru eitt og efndir annað. Þrátt fyrir undirritað samkomulag um aukna

menntun sjúkraliða 1982, varð minna um efndir en efni stóðu til. Aðeins þrjú þriggja mánaða námskeið voru haldin á árunum 1986-1990, sem hófust ekki fyrr en sjúkraliðar knúðu stjórnvöld til þess með hótun um vinnustöðvun með endurteknum uppsógn-um úr starfi 1986.“

Árið 1990 urðu þau þáttaskil í menntun sjúkraliða að yfirstjórn á menntun stéttarinnar fór til menntamálaráðuneytisins. Fjölbrotarskólinn við Ármúla fékk það hlutverk að hafa forustu og frumkvæði í menntun heilbrigðisstétta.

Við þessi tímamót var lögð á það mikil áhersla að hafin yrði vinna við skipulagningu eins árs framhaldsnáms fyrir sjúkraliða, en það varð ekki að veruleika fyrr en einum áratug síðar.

Ármúlaskólinn bauð hins vegar upp á stutt framhaldsnámskeið, en það takmarkaði aðsókn að námskeiðunum að sumir vinnuveitendur voru tregir til að gefa starfandi sjúkraliðum námsleyfi. Þessi námskeið gáfu sjúkraliðum heldur engin formleg réttindi.

Nefnd Ingibjargar

Sjúkraliðafélagið hélt áfram að leggja á það mikla áherslu, bæði í viðræðum við gerð kjarasamninga og í áskorunum til stjórnvalda, að komið yrði á sérmenntun sjúkraliða til dæmis í umönnun og félagslegri þjónustu við aldraðra og öryrkja. Meðal annars lagði félagið verulega vinnu í að kynna ráðamönnum þjóðarinnar þá auknu möguleika sem sjúkraliðar á Norðurlöndum höfðu til þess að sérmennta sig og fá í kjölfarið aukna ábyrgð í starfi og bætt kjör.



Eitt af síðustu verkum Ingibjargar Pálmadóttur sem heilbrigðisráðherra var að hrinda í framkvæmd tillögu nefndar sem hún hafði skipað um framhaldsnám fyrir sjúkraliða. Myndin var tekin við það tækifæri. Frá vinstri: Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, Margrét Erlendsdóttir, deildarstjóri, Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri, Ragnheiður Haraldsdóttir, skrifstofustjóri, Ingibjörg Pálmadóttir, ráðherra, Sölvi Sveinsson, skólameistari, Svava Þorkelsdóttir, hjúkrunarfræðingur, og Hrefna Sigurðardóttir, forstöðumaður.

Í framhaldi af viðræðum félagsins við heilbrigðisráðherra, starfsmenn ráðuneytisins og fulltrúa öldrunarstofnana veturinn 1999-2000 lagði félagið til við menntamálaráðuneytið að það hlutaðist til um að Starfsgreinaráð heilbrigðisstétta yrði falið að gera námsvísi fyrir eins árs framhaldsnám starfandi sjúkraliða. Starfsgreinaráðið fékk í framhaldinu fyriræmi frá menntamálaráðuneytinu um að vinna að undirbúningi námsins með skilgreiningu námsefnis, markmiðs með menntuninni, starfsvettvang og ábyrgð.

Starfsgreinaráðið lýsti sig reiðubúið að leggja grunn að eins árs framhaldsnámi um

leið og heilbrigðisráðuneytið hefði ákveðið hvaða starfsréttindi sjúkraliðar ættu að hljóta að loknu námi. Að kröfu Sjúkraliðafélagsins féllst heilbrigðisráðherra, Ingibjörg Pálmadóttir, á að skipa nefnd til að gera tillögur um framhaldsnám fyrir sjúkraliða með það að markmiði að auka starfsréttindi þeirra. Nefndin hélt tólf fundi og lauk störfum með tillögum til ráðherra 24. janúar 2001.

Á haustmánuðum sama ár var skipaður starfshópur til að semja námskrá fyrir eins árs sérnám sjúkraliða í hjúkrun aldraðra. Þær tillögur lágu fyrir í nóvember og sérnámið hófst í ársbyrjun 2002.



Þær sóttu sérnám í hjúkrun aldraðra árið 2003. Frá vinstri: Þórdís Hannesdóttir, Kristín Á. Guðmundsdóttir, Siv Eidsdóttir, Ingibjörg Sveinsdóttir, Anna Sólveig Gunnarsdóttir, Hlíf Geirsdóttir, Halldóra Einarsdóttir, Bryndís Pétursdóttir og Olga Guðmundsdóttir. Lengst til hægri er Guðrún Hildur Ragnarsdóttir, kennslustjóri sjúkraliðasviðs Ármúlaskóla.



Sjúkraliðar í sérnámi í hjúkrun aldraðra í kennslustund í Heilbrigðisskólanum við Ármúla.

Góðir hlutir gerast hægt

Þegar ég útskrifaðist úr Sjúkraliðaskólanum fyrir tuttugu og sex árum var gaman að vinna sem sjúkraliði.

Á þeim tíma vann ég á sjúkrahúsi út á landi þar sem ég bjó. Þar var góð lífsheild og starfið mjög fjölbreytt og þekking sjúkraliða fékk notið sín. Okkur var treyst til að framkvæma ýmis verk sem við leystum vel af hendi.

Mín upplifun er sú að þegar stéttin fór að berjast fyrir lögverndun starfshéttisins hafi verið upphafið að varnarbaráttu sjúkraliða um rétt til að sinna starfinu þannig að námið nýtist skjólstæðingum okkar sem best. Meðan aðrar heilbrigðisstéttir hafa tekið gríðarlegum breytingum og framförum hefur sjúkraliðum verið haldið niðri, þrátt fyrir þrotlausa baráttu forystu sjúkraliða til margra ára.

Sjúkraliðastéttin hefur að mínu mati átt í vök að verjast og kunnátta okkar vannýtt á mörgum sviðum og þar með tekinn stór hluti af vinnugleðinni sem fólk upplifir þegar hæfileikar þess fá notið sín til fulls.

Því var það að þegar boðið var upp á framhaldsnám sjúkraliða í öldrunarhjúkrun ákvað ég að þetta væri eitt hvað fyrir mig.



Guðmunda Steingrimsdóttir, höfundur greinarinnar.

Sjúkraliðastéttin hefur að mínu mati átt í vök að verjast og kunnátta okkar vannýtt á mörgum sviðum.

Hvað svo?

Þegar ég hafði tekið ákvörðun um að sækja um skólavist var ég harðákveðin að fara í námið þótt ég fengi ekki styrk til þess á mínum vinnustað.

Ég hlyti að geta tekið námslán eitt ár af ævi minni þegar margir aðrir eru á námslánum árum saman. Og í sannleika sagt hugsaði ég ekkert um hvað tæki við eftir framhaldsnámið.

En heppnin var með mér því ráðamenn á mínum vinnustað, hjúkrunarheimilinu Sóltúni, voru opnir fyrir að senda sjúkraliða í sérnám og því fékkst námsleyfi.

Námið kom mér skemmtilega á óvart. Það var bæði metnaðafullt og vel skipulagt.

Já, þetta var frábært ár, góðar skólasystur, hæfileikaríkir kennarar og það sem mestu máli skipti var að öðlast meiri þekkingu og sjálfstraust.

Nú um áramótin verða 84 sjúkraliðar með framhaldsmenntun í hjúkrun aldraðra.

Nýtt starf

Það er nú oft þannig í lífinu að þegar maður lokar einum dyrum opnast aðrar og þannig var það í mínu tilfalli.

Þegar ég kom til baka höfðu mínir yfirmenn séð möguleika á að nýta mitt



Margir sjúkraliðar hafa stundað sérnám í hjúkrun aldra í fjarnámi. Þessir sjúkraliðar voru í slíku fjarnámi á Ísafirði árin 2004-2005, frá vinstri: Linda Steingrimsdóttir, Ólöf Erla Smáradóttir, Heiðrún Björnsdóttir, Margrét Þóra Óladóttir og Guðbjörg Drengsdóttir.

sérnám og sett var á laggirnar nýtt starf í Sóltúni, starf aðlögunarstjóra og hef ég gegnt því í tæp tvö ár.

Tilgangur starfsins er að hafa yfirmensjón með aðlögun nýrra starfsmanna í samræmi við hugmyndafræði heimilisins.

Aðlögunarstjóri skipuleggur aðlögun nýs starfsmanns í samráði við yfirmann hans og tryggir að aðlögunarferlinu sé framfylgt. Tekur þátt í starfsmannasamtali eftir 4 vikur og aftur eftir 3 mánuði. Aðlögunarstjóri kynnir nýjum starfsmönnum húsið, starfsemi þess og starfsfólk. Kennir meðal annars á hjálpartæki, öryggiskerfi og kennir að nýta upplýsingakerfi Sóltúns á innveitu og ytri heimasíðu.

Þess má geta að tvær öldrunarstofnanir hafa sett á laggirnar starf aðlögunarstjóra með svipuðu sniði og í Sóltúni, sem sjúkraliðar með framhaldsnám í hjúkrun aldra sinna.

Mér vitanlega hafa margir af þeim sjúkraliðum sem lokið hafa framhaldsnáminu fengið aukid starfssvið og launahækkun. Margir stjórnendur hafa áhuga á að nýta sjúkraliða með sérnám og eru Landakotspítali og Vífilstaðir að öðrum ólöstuðum þar fremstir í flokki.

En því miður er sums staðar ríkjandi ótrúleg hræðsla við þetta framhaldsnám sjúkraliða. Hræðsla við að það sé verið að taka eitthvað frá einhverjum. Hræðsla við framþróun.

Lokaorð

Fyrir um þrettán árum vann ég

eitt sumar á hjúkrunarheimili í Kaupmannahöfn.

Á því heimili var einstaklingshæfð hjúkrun og við sjúkraliðarnir sáum svo til alfarið um okkar skjólstaðinga. Skiptum meðal annars á sárum, skrif-

uðum rapport, höfðum samband við ættingja ef á þurfti að halda o.s.frv. Já, það var vel hugsað um þetta gamla fólk og þannig væri gott að sjá hlutina þróast hjá okkur hér.

Við Íslendingar höfum oftast verið nokkuð mörgum árum á eftir frændum okkur á hinum Norðurlöndunum um margt sem snertir velferðarkerfið og því hlýtur að vera komið að því að ráðamenn sjái möguleikana sem felast í störfum sjúkraliða.

Að lokum óska ég öllum sjúkraliðum innilega til hamingju með 40 ára afmæli félagsins.

Verum minnug þess að góðir hlutir gerast hægt.

Guðmunda Steingrimsdóttir.

*Nú um áramótin
verða 84 sjúkraliðar
með framhalds-
menntun í hjúkrun
aldra.*



Útskrift úr sérnámi í hjúkrun aldra fagnað. Frá vinstri: Ingibjörg Sveinsdóttir, Sif Eiðsdóttir, Halldóra Einarsdóttir, Bryndís Pétursdóttir og Sölvi Sveinsson, þáverandi skólameistari Fjölbrautaskólans við Ármúla.

Sjúkraliðabrá loks að veruleika

**Sjúkraliðabrá sem auðveldar ófag-
lærðum en reyndum starfsmönnum í
heilbrigðiskerfinu að afla sér sjúkraliða-
menntunar, er loksins orðin að veruleika.**

Slík námsbraut hefur lengi verið á dag-
skrá hjá Sjúkraliðafélagi Íslands. Sem dæmi
má nefna að skömmu eftir að Alþingi
samþykkti lög um starfsmenntun í atvinnu-
lífinu árið 1992 leitaði Sjúkraliðafélagið
til Starfsmenntaráðs félagsmálaráðuneytis-
ins eftir stuðningi við að undirbúa og
skipuleggja nám fyrir starfsfólk sem unnið
hefði um tiltekið árabíl við aðhlyningu
og hjúkrun. Miðað var við að náminu lyki
með prófum sem veitti viðkomandi rétt til
að bera starfsheitið sjúkraliði.

Í ársbyrjun 1994 lagði félagið til í bréfi
til heilbrigðisráðherra að skipaður væri
fimm manna starfshópur sem gengi frá
tillögum um réttindanam við fjölbrauta- og
verkmenntaskóla landsins fyrir ófaglærða
starfsmenn sjúkrahúsa og annarra heil-
brigðisstofnana.

Um sama leyti skrifaði framkvæmda-
stjórn félagsins á ný bréf til Starfsmennta-
ráðs félagsmálaráðuneytisins og óskaði
eftir styrk til að skipuleggja nám fyrir
starfsfólk sem unnið hefði um tiltekið ára-
bíl við aðhlyningu og hjúkrun. Lagt var
til í bréfinu að náminu lyki með prófi sem
veitti viðkomandi einstaklingi rétt til að
bera starfsheitið sjúkraliði. Beiðni félagsins
var hafnað og það án rökstuðnings.

Tveimur árum síðar, 1996, lagði félagið
til við menntamálaráðuneytið að komið
yrði á fót námsbraut fyrir starfsmenn í
félagslegri þjónustu sem grunni að heil-
brigðis- og fornámi á sjúkraliðabrá, og
að námið yrði hluti af námsframboði verk-
mennta- og fjölbrautaskólanna.

Loks skriður á málið 2005

Þáverandi heilbrigðisráðherra, Ingibjörg
Pálmadóttir, lýsti stuðningi við þessa stefnu
á Alþingi haustið 1999, en þar sagði hún:

„Í könnun á skorti á sjúkraliðum sem
Landlæknisembættið gerði í vor, kom
fram að fjöldi ófaglærðra starfsmanna eru í
stöðum sjúkraliða. Þeir hafa margir hverjir
unnið lengi við umönnun og æskilegt er að
skapa þeim skilyrði til þess að mennta sig
og öðlast þannig sjúkraliðaréttindi.“



Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri Sjúkraliðafélagsins, hafði forystu um að semja námskrá fyrir Sjúkraliðabrána. Hún hefur lengi verið formaður fræðslunefndar félagsins.

Í kjölfar viðræðna félagsins við heil-
brigðisráðherra og starfsmenn ráðuneytis-
ins þennan vetur var lagt til við mennta-
málaráðuneytið að hafinn yrði undirbún-
ingur að réttindanami fyrir þá sem hafa
unnið um lengri eða skemmri tíma í sjúkra-
liðastöðum án tilskilinna réttinda. Það var
hins vegar fyrst fimm árum síðar sem
skriður komst á málið.

Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri
Sjúkraliðafélagsins, hefur undanfarin
ár unnið að framgangi málsins innan
Starfsgreinaráðs um heilbrigðis- og félags-
þjónustu, en þar á hún sæti. Haustið
2005 var hún skipuð formaður starfshóps

sem fékk það verkefni að semja nám-
skrá fyrir Sjúkraliðabrána. Í kjölfarið var
samþykkt af stjórnvöldum að gera þetta
námsframboð að veruleika, og hófst námið
nú á haustönn í nokkrum helstu fram-
haldsskólum landsins.

Mikil aðsókn

Þegar menntamálaráðuneytið hafði gefið
grænt ljós á nýja námið í vor auglýstu
nokkrir fjölbrautaskólar Sjúkraliðabrána í
sumar, þar á meðal skólar í höfuðborginni,
á Suðurnesjum og Suðurlandi.

Aðsókn að sjúkraliðabránni var langmest
hjá Fjölbrautaskólanum við Ármúla, en þar
bárust alls 120 umsóknir. Skólinn tók inn
alla þá sem uppfylltu skilyrðin, en það
voru 80 manns. Í lok ágúst voru 72 nem-
endur skráðir í brúarnámið, en átta hættu
við eða fóru annað. Langflestir sem hefja
nám á brúnni hjá FÁ koma frá LSH.

Það var líka mikil aðsókn að nýju
Sjúkraliðabránni hjá Fjölbrautaskóla
Suðurlands á Selfossi. Fjörutíu sóttu um
inngöngu á brúna, en einungis var pláss
fyrir 18 að þessu sinni.

*Slík námsbraut
hefur lengi verið
á dagskrá hjá
Sjúkraliðafélagi
Íslands.*



Á þingi Evrópusambands sjúkraliða í Helsingfors í Finnlandi árið 1980 var stofnsamningur sambandsins undirritaður og var þessi mynd tekin við það tækifæri. Fulltrúar Sjúkraliðafélagsins voru Málhildur Angantýsdóttir og Halldóra Lárusdóttir og sjást þær lengst til vinstri.

Erlend samskipti

Undir lok áttunda áratugarins fóru íslenskir sjúkraliðar að mynda tengsl við sambærilegar stéttir í nágrannalöndunum. Sjúkraliðafélag Íslands var einn af stofnfélögum Evrópusambands sjúkraliða, EPN, árið 1979.

Bein erlend samskipti Sjúkraliðafélagsins hófust árið 1977 þegar formaður félagsins, Ingibjörg Agnars, sótti 30 ára afmælisþing finnska sjúkraliðafélagsins, en það er elsta og stærsta félag sjúkraliða í Evrópu. Þar var kjörin nefnd til að undirbúa stofnfund Evrópusambands sjúkraliða.

Tveimur árum síðar héldu Svissneskir sjúkraliðar fulltrúaþing í tilefni af 10 ára afmæli félags síns. Ingibjörg Agnars og Málhildur Angantýsdóttir sóttu þingið, en þar voru líka fulltrúar frá Finnlandi, Noregi og Þýskalandi. Í kjölfarið var Evrópusamband sjúkraliða stofnað á fundi í Geilo í Noregi, en með þeim fyrirvara að hægt væri að leysa samtökin upp eftir eins árs reynslu. Þetta stofnþing var haldið í nóvember árið 1979 og sóttu það Sigríður Kristinsdóttir og Málhildur Angantýsdóttir fyrir hönd Sjúkraliðafélagsins. Árið eftir, 1980, var samþykkt á þingi í Finnlandi að halda starfsemi Evrópusambandsins áfram.

Fulltrúar Sjúkraliðafélagsins hafa tekið virkan þátt í starfsemi evrópsku samtakanna. Kristín Á Guðmundsdóttir var formaður EPN á árunum 1990-1994 og Birna Ólafsdóttir varaformaður.

Fyrsta alþjóðaráræðstefna sjúkraliða var haldin í Finnlandi árið 1984. Allar götur síðan hefur EPN haldið fagræðstefnu annað hvort ár og þá í tengslum við aðalfund samtakanna. Þessar ráðstefnur hafa þrisvar sinnum verið haldnar hér á landi, fyrst árið 1986, þá 1992 og nú síðast 2004.



Alþjóðleg fagræðstefna EPN var haldin á Íslandi árið 1992 og þá boðið til víkingaveislu. Hér eru hjónin Kristín Á. Guðmundsdóttir og Diðrik Ísleifsson með norrænum gestum.



Íslenskir sjúkraliðar á EPN-ráðstefnu árið 1998. Aftari röð frá vinstri: Helga Dögg Sverrisdóttir, Guðrún Sverrisdóttir, Lára María Sigfríðsdóttir, Valgerður Reginsdóttir, Kristín Á. Guðmundsdóttir. Fremri röð frá vinstri: Hulda Karen Ólafsdóttir og Birna Ólafsdóttir.



Alþjóðleg EPN-ráðstefna var haldin á Íslandi í þriðja sinn árið 2004, að þessu sinni í fundarsal við Bláa lónið. Kristín Ólafsdóttir, Birna Ólafsdóttir og Kristín Á. Guðmundsdóttir sjást hér fylgjast með fyrirlestri á ráðstefnunni.

Vonargeislar á veggskildi

Sjúkraliðafélag Íslands gaf út sérstakan veggskjöld í tilefni af tíu ára afmælinu árið 1976. Skjöldurinn var framleiddur í nokkur hundruð eintökum sem seldust upp á tveimur árum.

Hjördís Karvelsdóttir, sjúkraliði á Landspítala, flutti um það tillögu á aðalfundi félagsins árið 1975 að skipuð yrði nefnd til fjáröflunar fyrir félagið vegna tíu ára afmælisins. Hjördís var kjörin formaður nefndarinnar og með henni sjúkraliðarnir Sólveig Pétursdóttir og Ólöf Jónsdóttir. Eftir samráð við félagsmenn var samþykkt að láta gera veggskjöld og eins að selja jóla-kort til fjáröflunar.

Í ársbyrjun 1976 var hafist handa við gerð veggskjaldar. Samið var við Halldór Þorsteinsson teiknara um hönnun skjaldarins sem síðan var unninn hjá fyrirtækinu Gler og Postulín í Kópavogi. Mynd af skildinum prýddi forsiðu afmælisblaðs Sjúkraliðans sem kom út í nóvember 1976.

Halldór Þorsteinsson gaf myndinni sem hann teiknaði nafnið Vonargeislar. Auk merkis Sjúkraliðafélagsins sýnir myndin nærri blaðlaust tré á rótarhnyðju, en geisl-



Veggskjöldurinn sem gerður var í tilefni af tíu ára afmæli Sjúkraliðafélags Íslands árið 1976.

ar upprennandi sólar gefa von um líf, birtu og hlýju. Þótti myndin táknræn fyrir hina ungu stétt sjúkraliða.

Í tilefni 25 ára afmælisins 1991 var annar minjagripur smíðaður og seldur hjá félaginu. Það var ilmurtakola. Báðir þessir gripir seldust fljótlega upp og eru ófánlegir.



Fyrstu árin var Vaktabókin seld, en hin síðari ár hafa allir sjúkraliðar fengið hana ókeypis. Hér eru sjúkraliðar í Reykjavíkurdeildinni að selja bókina árið 1990.

Vaktabók frá 1989

Sjúkraliðafélag Íslands gaf í fyrsta sinn út Vaktabók fyrir félagsmenn sem gildi fyrir árið 1989. Þessi nýbreytni mæltist vel fyrir og hefur bókina verið gefin út árlega síðan.

Reykjavíkurdeild félagsins hefur haft forgöngu um þessa útgáfu. Í bókinni eru auk dagatals margvislegar hagnýtar upplýsingar fyrir sjúkraliða um réttindi þeirra og skyldur.



Sjúkraliðatalið í vinnslu. Frá vinstri: Sigurður Hermundarson, ritstjóri, og útgefendurnir Steingrímur Steinþórsson og Ívar Gissurarson.

1997

- * Harðorð ályktun trúnaðarmannafundar í lok janúar vegna seinangangs í viðræðum um nýjan kjarasamning við ríki og borg. Viðsemjendur félagsins vísa kjaradeilunni til ríkissáttasemjara.
- * Félagið kaupir 5% húseignarinnar að Grensásvegi 16 í Reykjavík undir starfsmeiða.
- * Fjölmennur undirbúningsfundur vegna stofnunar lífeyrisdeildar félagsins haldinn í Sigurhæð í Biskupstungum.
- * Félagsstjórn krefst þátttöku sjúkraliða í fyrirhugaðri mótun framtíðarskipulags heilbrigðisþjónustunnar.
- * Tólf fulltrúar Sjúkraliðafélagsins sitja þing BSRB.
- * Stofnaður Minningar- og styrktarsjóður Sjúkraliðafélags Íslands með sérstöku stofnframlagi frá Sigurbirnu Hafliðadóttur, sjúkraliða.
- * Sjúkraliðafélagið stefnir borgarstjóra fyrir Félagsdóm vegna auglýstra verkfallalista. Fallið frá málshöfðun þegar borgin leita samkomulags við félagið um skrárnar.
- * Sjúkraliðum boðin orlofsdvöl á fjórum stöðum á landinu; Biskupstungum, Héraði, Akureyri og Blönduósi.
- * Minningar- og styrktarsjóði félagsins berst rausnarleg minningargjöf um Elínu Þ. Sigdórsdóttur.
- * Um sjötíu trúnaðarmenn félagsins sækja námskeið í Karphúsinu í Reykjavík.
- * Nýir kjarasamningar félagsins undirritaðir í Karphúsinu 30. ágúst. Samningurinn gildir til 31. október 2001.
- * Lögum félagsins breytt til að opna Sjúkraliðafélagið fyrir stéttum og starfshópum sem menntaðir eru til að starfa á heilbrigðis- og félagsmálavæðingum.
- * Sjúkraliðatal kemur út með upplýsingum um nær 2900 sjúkraliða.



Fagnað með sjúkraliðum í nýju húsnæði félagsins árið 1998: Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, Guðmundur Vignir Óskarsson, formaður Landsambands slökkviliðsmanna og Sjöfn Ingólfsdóttir, formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

1998

- * Opið hús í nýjum húsakynnum félagsins að Grensásvegi 16.
- * Félagsdómur fellst á þá kröfu að Sjúkraliðafélagið fari með samningsaðild fyrir Ingu Lóu Guðmundsdóttur við gerð kjarasamninga við Reykjaneshæ vegna starfa hennar sem forstöðumanns Dagvistar aldraðra.
- * Sjúkraliðar sækja ráðstefnu norskra sjúkraliða, Umhyggju 2000, í Osló.
- * Félagsstjórn samþykkir aðild félagsliða að Sjúkraliðafélaginu.
- * Kristín Á. Guðmundsdóttir sjálfkjörin formaður til þriggja ára.
- * Samið um laun fyrir leiðbeinendur sjúkraliða sem fara með leiðsögn sjúkraliðanema í verknámi.
- * Sjúkraliðar sækja fagráðstefnu EPN í Finnlandi.
- * Sjúkraliðum boðið upp á sumardvöl á fjórum stöðum á landinu, í Biskupstungum, á Héraði, Akureyri og Blönduósi.
- * Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ, tekur sæti í nýstofnaðri réttindanefnd BSRB.
- * Nýr námsvisir vegna sjúkraliðanámsins. Heildarlengd námsins er eftir breytinguna 120 einingar í stað 84 eininga áður.
- * Stofnuð deild lífeyrisþega Sjúkraliðafélagsins.
- * Sjúkraliðafélagið hafnar boði forustu BSRB um setu á bandalagsráðstefnu vegna ágreinings um skipulag og starfsemi bandalagsins.
- * Sjúkraliðar sækja fund fagstétta innan BSRB á sama tíma og önnur aðildarfélag halda bandalagsráðstefnu.

Þrjú hús og tvær íbúðir

Sumarið 1996 gerðust þau merki tímamót í sögu Sjúkraliðafélags Íslands að það eignaðist sitt fyrsta orlofshús. Félagið fest kaup á glæsilegu heilsárshúsi í Skyggnskógi í Biskupstungum. Eftir samkeppni meðal félagsmanna var húsinu valið nafnið Sigurhæð.

„Það var fjarlægur draumur sjúkraliða er þeir stofnuðu stéttarfélagið að eignast vandaðan sumarbústað sem þeir gætu verið stoltir af,“ sagði í frétt Sjúkraliðans í ágúst 1996. „Það er allra mat sem skoðað hafa nýkeypt orlofshús að vel hafi tekist til.“

Íbúð keypt í Reykjavík

Premur árum síðar, 1999, keypti Sjúkraliðafélagið íbúð í Reykjavík til orlofsdvalar fyrir félagsmenn sína af landsbyggðinni, en þeir höfðu þrýst mikið á félagið að eignast íbúð á höfuðborgarsvæðinu.

Íbúðin sem félagið keypti er þriggja herbergja og hefur svefnpláss fyrir 6-8 manns. Hún er á fyrstu hæð í fjölbýlishúsi að Fellsmúla 16 í Reykjavík, skammt frá skrifstofu félagsins. Íbúðinni fylgdi hlutdeild í tveimur litlum íbúðum sem voru sameign húseigenda og stóðu

leigugjöldin undir rekstrarkostnaði sameignarinnar.

Tvö orlofshús á Kiðjabergi

Árið 2003 keypti Sjúkraliðafélagið nýtt orlofshús í landi Meistarafélags húsasmiða að Kiðjabergi í Grímsnesi. Bústaðurinn er heilsárshús, um 81 fermetri að stærð, en umhverfis húsið er 80 fermetra verönd með heitum potti.

Bústaðurinn á Kiðjabergi varð mjög vinsæll og svo fór að félagið réðst í byggingu annars orlofshúsi á svæðinu. Sá bústaður er sömu gerðar og hinn fyrri og var tekinn í notkun síðastliðið vor.

Íbúð í raðhúsi á Akureyri

Árið 2005 keypti Sjúkraliðafélagið íbúð í raðhúsi við Hamratún 26 á Akureyri og var húsið tekið í notkun þá um vorið.

Nýja íbúðin er 99 fermetrar að stærð, þriggja herbergja, og vel búin að húsgögnum og heimilistækjum.

Af þessari samantekt má sjá hvílik gjörbreyting hefur orðið í orlofshúsamálum félagsins á aðeins tíu árum. Frá árinu 1996 hefur félagið eignast þrjú glæsileg heilsárshús á sumardvalarstöðum úti á landi og tvær íbúðir, aðra í Reykjavík en hina í höfuðstað Norðurlands.



Orlofshúsið Sigurhæð í Biskupstungum, fyrsta sumarhús Sjúkraliðafélags Íslands.



Því var fagnað sem stórkostlegum áfanga þegar Sigurhæð, fyrsta orlofshús félagsins, var tekið í notkun árið 1996. Við það tilefni afhenti Hulda Karen Ólafsdóttir húsinu að gjöf bókina Veröld sem ég vil, en hún var gefin út af Kvenréttindafélagi Íslands. Kristín Á. Guðmundsdóttir tekur hér við gjöfinni.



Fulltrúar Sjúkraliðafélagsins, Guðrún Sverrisdóttir gjaldkeri og Valgerður Reginsdóttir varaformaður, hjá fasteignasala að ganga frá kaupum á íbúðinni að Fellsmúla 16 árið 1999.



Í landi Kiðjabergs í Grímsnesi hefur Sjúkraliðafélagið eignast tvö glæsileg heilsárhús til útleigu til félagsmanna, hið fyrra árið 2003. Hér er Jóhanna Svana Sigurvinsdóttir, þáverandi formaður orlofsnefndar félagsins, að ræða við Jóhannes Friðbjörnsson, byggingameistara, um nýja húsið sem tekið var í notkun vorið 2006.



Samið um kaupin á íbúðinni við Hamratún 26 á Akureyri. Þórey Sigurðardóttir, formaður orlofsnefndar félagsins, og Sigurður Sveinn Sigurðsson, fasteignasali, skrifa undir kaupsamninginn.



Sjúkraliðafélagið keypti íbúð í þessu fjölbýlishúsi við Fellsmúla í Reykjavík.

1999

- * Sjúkraliðafélagið kaupir orlofsíbúð fyrir félagsmenn að Fellsmúla 16 í Reykjavík.
- * Umræður á Alþingi um skort á sjúkraliðum og hjúkrunarfræðingum.
- * Forysta Sjúkraliðafélagsins fer á fund heilbrigðisráðherra með tillögur um hvernig hægt sé að fjölga sjúkraliðum.
- * Stjórn félagsins fundar með leiðbeinendum sjúkraliðanema.
- * Sjúkraliðum boðið upp á sumardvöl á sjö stöðum á landinu; Biskupstungum, Vaðnesi, Munaðarnesi, Blönduósi, Héraði, Akureyri og Reykjavík.
- * Félagið fær að gjöf listaverkið „Raddir vorsins“ eftir Kristínu Bryndísi Björnsdóttur, sjúkraliða.
- * Tólf trúnaðarmenn sjúkraliða sækja trúnaðarmannanámskeið BSRB í Munaðarnesi.
- * Lögum félagsins breytt í þá veru að eftir aldamótin 2000 geti aðeins þeir sjúkraliðar öðlast fagfélagsaðild sem ekki eru í öðru stéttarfélagi.
- * Forstjóra Ríkisspítalanna og Sjúkrahúss Reykjavíkur afhentir listar með undirskriftum meginþorra sjúkraliða þar sem krafist er leiðréttingar á launum sjúkraliða hjá stofnununum.
- * Enn fyrirspurnir á Alþingi um skort á sjúkraliðum og öðru heilbrigðisstarfsfólki.



Fulltrúar fagstéttanna kynna forystu BSRB kröfur sínar. Frá vinstri: Jónas Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður SLFÍ, Björg Bjarnadóttir, formaður Félags leikskólakennara og Ögmundur Jónasson, formaður BSRB.

Breytt BSRB

Sjúkraliðafélag Íslands tók virkan þátt í því að knýja fram breytt skipulag og nýja starfshætti heildarsamtakanna BSRB, en þar höfðu ný fagstéttafélög haft litil áhrif. Þeirri baráttu lauk með gjörbreyttu skipulagi bandalagsins árið 2000.

Í september árið 1998 tóku nokkur fagstéttafélög innan bandalagsins ákvörðun um að taka ekki þátt í bandalagsráðstefnu BSRB. Þessi félög voru: Sjúkraliðafélag Íslands, Félag íslenskra leikskólakennara, Ljósmeðrafélag Íslands, Landsamband slökkviliðsmanna, Tollvarðafélag Íslands og Proskapjálfafélag Íslands.

Í bréfi sem þessi fagstéttafélög sendu stjórn BSRB voru settar fram ástæður þess að fulltrúar félaganna myndi ekki að óbreyttu taka þátt í störfum bandalagsráðstefnunar. Þær voru fyrst og fremst langvarandi óánægja félaganna með skipan mála innan BSRB, sérstaklega varðandi skipulag og vægi einstakra félaga innan bandalagsins. BSRB héldi enn í fornar hefðir og venjur þrátt fyrir þær miklu breytingar sem orðið hefðu á innviðum bandalagsins eftir að fagstéttafélögin urðu til.

Félögin bentu á að á síðasta þingi bandalagsins hafi komið fram mikil óánægja með framvindu mála. Samt hefði ekkert gerst sem benti til þess að forysta BSRB vildi bæta stöðu fagfélaganna innan bandalagsins.

Harkaleg átök

Fagfélögin töldu sig órétti beitt innan BSRB við ákvarðanatöku, ályktanir og tilnefningar til ýmissa trúnaðarstarfa innan bandalagsins „þar sem óvæginn meirihluti hefur aftur og aftur misvirt sjónarmið og tillögur minnihlutans,“ eins og það er

orðað í Sjúkraliðanum í nóvember 1998.

Svo fór að fagstéttirnar funduðu sér um stöðu sína og framtíð innan BSRB á sama tíma og bandalagsráðstefnan, það er 27.-28. september 1998.

Þessi mótmæli urðu til þess að innan bandalagsins hófst loks umræða um skipulag samtakanna. Sú umræða varð mjög hávær, og rækilega um hana fjallað í fjölmiðlum. Forysta BSRB fundaði í kjölfarið með öllum félögum innan BSRB og kynnti sér sjónarmið þeirra. Því næst voru haldnir tveir formannafundir í Munaðarnesi þar sem reynt var að ná sáttum um breytt skipulag bandalagsins, og miðaði nokkuð í samkomulagsátt.

Skipulaginu gjörbreytt

Á þingi BSRB 25.-28. október árið 2000 varð samkomulag um að gjörbreyta skipulagi bandalagsins.

Með nýju lögunum var öllum aðildarfélögum bandalagsins tryggð seta í aðalstjórn BSRB. Í stjórn bandalagsins eiga sæti formenn allra aðildarfélaga og skal hún kölluð saman í það minnsta fjórum sinnum á ári. Framkvæmdanefnd skipuð formanni, varaformönnum, ritara og gjaldkera starfar í umboði stjórnar og hefur umsjón með starfi og rekstri bandalagsins á milli stjórnarfundar. Aðalfundur stjórnarinnar skal haldinn árlega og eru fulltrúar á aðalfundinn tilnefndir af aðildarfélögum.

„Með flutningi á abyrgð og afgreiðslu fjármála bandalagsins, daglegum rekstri, skipan fulltrúa í nefndir og fleiri verkefnum frá aðalþingi bandalagsins til stjórnar og aðalfundar er þinginu skapaður nýr og annars konar vettvangur,“ segir í Sjúkraliðanum í desember árið 2000.



Sjúkraliðar á þingi BSRB árið 2000: Elisabet Pétursdóttir, þáverandi formaður Suðurlandsdeildar, og Valgerður Reginsdóttir, þáverandi varaformaður félagsins.

2000

- * Þorri sjúkraliða á Landspítala-háskóla-sjúkrahúsi segir upp störfum sínum vegna óánægju með launakjör. Samkomulag næst sem leiðir til þess að um 80% sjúkraliðanna draga uppsagnir sínar til baka.
- * Könnun Landlæknisembættisins sýnir að heilbrigðiskerfið vantar 1100 sjúkraliða til starfa í um 800 stöðugildi.
- * Sjúkraliðar sækja tvær ráðstefnur trúnaðarmanna á vegum BSRB.
- * Um 65 sjúkraliðar sækja trúnaðarmannanámsskeið Sjúkraliðafélagsins.
- * Könnun á aldursskiptingu sjúkraliða leiðir í ljós að tæplega 55% þeirra eru á aldrinum 31-50 ára, en tæp 34% eru 50 ára og eldri.
- * Sjúkraliðum boðið upp á sumardvöl á átta stöðum á landinu; Biskupstungum, Vaðnesi, Munaðarnesi, Hrísey, Blönduósi, Héraði, Skógum og Reykjavík.
- * Samið við Reykjavíkurborg um hliðstæðar kjarabætur og á LSH.
- * Félagsstjórn sækir ráðstefnu EPN í Osló um einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu, skort á starfsfólki og leiðir til úrbóta.
- * Félagsstjórn beinir þeim tilmælum til stjórnar BSRB að farið verði í allsherjar endurskoðun á kjörum, starfsréttindum og vinnutíma vaktavinnumannna. Réttindanefnd bandalagsins falið verkefnið.
- * Norskir sjúkraliðanemar heimsækja Sjúkraliðafélagið.
- * Suðurlandsdeild félagsins fagnar tuttugu ára afmæli.
- * Samkomulag næst á þingi BSRB um gjörbylting á skipulagi bandalagsins.
- * Kjarasamningar félagsins lausir frá 1. nóvember. Kröfugerð vegna nýrra samninga undirbúin.
- * Samið við launaneftnd sveitarfélaga um hliðstæðar kjarabætur og á LSH og um framlengingu gildandi kjarasamnings til áramóta.



Þátttakendur fjölsóttis fundar sem haldinn var í sumarhúsinu Sigurhæð 4. október 1997 til undirbúnings að stofnun eftirlaunadeildar sjúkraliða.

Eftirlaunadeildin

Reykjavíkurdeild Sjúkraliðafélagsins hafði frumkvæði að því árið 1997 að stofnuð yrði sérstök eftirlaunadeild innan félagsins. Skipuð var fimm manna undirbúningsnefnd sem samdi drög að reglum fyrir deildina. Nefndin tók einnig saman nokkur áhersluatriði varðandi kröfur eldri borgara um bætt kjör og sendu með bréfi til ríkisstjórnarinnar.

Laugardaginn 4. október 1997 var sérstakur undirbúningsfundur haldinn í Sigurhæð, nýju orlofshúsi félagsins í Biskupstungum. Öllum sjúkraliðum á eftirlaunaaldri var boðið að taka þátt. Á fundinn mættu 26 sjúkraliðar auk forystu Reykjavíkurdeildarinnar og framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélagsins. Þar var farið yfir drög að reglum deildarinnar og fleiri atriði til undirbúnings fyrir væntanlegan stofnfund.

Deildin stofnuð 1998

Ári síðar, 13. október 1998, var stofnfundur deildarinnar haldinn. Sjúkralið- á eftirlaunum fjölmenntu á fundinn.

„Tilgangurinn með stofnun deildar lífeyrisþega er fyrst og fremst sá að auka skilning lífeyrisþega fyrir þörf á samstöðu og berjast fyrir rétti sínum og bættum kjörum. Ennfremur væri það eitt af grundvallar markmiðum með stofnun deildarinnar að auka tækifæri eldri sjúkraliða til að koma saman og ræða málín á léttari nótum,“ sagði Halldóra Kristjánsdóttir í framsöguræðu sinni, en hún mælti fyrir hönd undirbúningsnefndarinnar á stofnfundinum.

Hulda S. Ólafsdóttir var kjörin fyrsti formaður Eftirlaunadeildarinnar, en með henni í stjórn Halldóra Kristjánsdóttir, Inga Gunnlaugsdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Gunnhildur Jónsdóttir fulltrúi Reykjavíkurdeildar.

Viðfangsefni deildarinnar

Í reglum Eftirlaunadeildar frá árinu 1998 segir eftirfarandi um viðfangsefni deildarinnar:

Að gæta í hvívetna hagsmuna lífeyrisþega, meðal annars með því að fylgjast með breytingum sem verða á skipan starfa í launaflokka og koma á framfæri athugasemdum eða ábendingum til lífeyrissjóða ef þörf krefur.

Að halda skrá um alla þá sem rétt eiga til aðildar að deildinni.

Að halda uppi kynningar- og félagsstarfi með deildarfélögum, skemmtikvöldum og með ferðalögum innanlands og utan verði því viðkomið.

Að vinna að því að sköpuð verði sem fjölbreyttust starfsaðstaða fyrir lífeyrisþega, þar með talið að auðvelda lífeyrisþegum sjálfsnám.



Svipmynd frá einni af árlegum vorferðum Eftirlaunadeildar félagsins.



Hörd átök einkenndu árið 2001. Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður félagsins, og Gunnar Gunnarsson, hagfræðingur, ræða hér stöðu mála á fundi sjúkraliða á Ísafirði.

2001

- * Kröfugerð Sjúkraliðafélagsins vegna viðræðna um nýjan kjarasamninga við ríkið afhent samningsnefnd ríkisins í janúar.
- * Nefnd heilbrigðisráðherra leggur í janúar fram tillögur um skilgreiningu á viðbótarréttindum sem framhaldsnám gæti veitt sjúkraliðum.
- * Viðræður um nýjan kjarasamning við fulltrúa Reykjavíkurborgar og við Launanefnd sveitarfélaga hefjast snemma árs en miðar lítt.
- * Sjúkraliðar vísa kjaradeilunni til sáttasemjara í mars.
- * Fyrir forgöngu Sjúkraliðafélagsins gengur BSRB frá samkomulagi við ríkið um vinnutíma vaktavinnufólks og launagreiðslur.
- * Geysifjölmenntur vinnustaðafundur sjúkraliða á Landspítalanum.
- * Margir sjúkraliðar á Landspítalanum segja upp störfum sínum.
- * Kristín Á. Guðmundsdóttir sjálfkjörin formaður til þriggja ára.
- * Sumardvalastaðir ársins eru átta: Akureyri, Hérað, Blönduós, Vaðnes, Munaðarnes, Biskupstungur, Skógar og Reykjavík.
- * Samþykkt í september að sjúkraliðar fari í þrjú þriggja daga verkföll í október.
- * Framkvæmdastjórn og kjaramálanefnd félagsins funda með sjúkraliðum víða um land.
- * Fyrstu uppsagnir sjúkraliða koma til framkvæmda 1. október.
- * Þriggja daga verkfall hjá ríkinu, Grund og Ás 1.-3., 15.-17. og 29.-31. október.
- * Félagið mótmælir við fjármálaráðuneyti hýrudrætti félagsmanna sem ekki áttu vinnuskilyldu verkfallsdagana.
- * Fleiri uppsagnir sjúkraliða koma til framkvæmda 1. nóvember.
- * Atkvæðagreiðsla 6. nóvember um þrjú þriggja daga allsherjarverkföll félagsmanna.
- * Sama dag leggur sáttasemjari ríkisins fram innanhúss tillögu til lausnar kjaradeilunni.
- * Starfshópur lýkur í nóvember við að semja námskrá fyrir eins árs sérnám sjúkraliða í hjúkrun aldraðra.
- * Þriggja daga verkfall sjúkraliða hjá öllum viðsejendum félagsins 12.-14. nóvember.
- * Nýr kjarasamningur við fjármálaráðuneytið og forsvarsmenn sjálfseignarstofnana undirritaður 21. nóvember. Samningurinn gildir til 30. nóvember 2004.
- * Heilbrigðisráðherra gefur út nýja reglugerð um menntun, réttindi og skyldur sjúkraliða.
- * Nýji samningurinn samþykktur í allsherjaratkvæðagreiðslu.
- * Þriggja daga verkfall hjá sjúkraföndun SÁÁ 10.-12. desember.

Samningar sjúkraliða gilda til 1. nóvember í 200 sjúkraliðar sögð störfum fyrir mánað

UM 200 af rúmlega 600 sjúkraliðum eru í starfi hjá Ríkissjúkrahúsum og á sjúkrahúsum Reykjavíkur sögð upp störfum til fyrir mánaðslostin. Sjúkraliðar Reykjavíkur eru starfandi 200 sjúkraliðar og sögðu um 90 þeirra uppsögnum fyrir mánaðslostin. Sögja þær upp meðal við minna- og uppsagnir sem berast í mars- mánuði taks þriðji gildi fyrir en frá og með næstu mánaðslostin, en uppsagnarfrestur stærstlíta sjúkraliða er þrjú mánað.

Sjúkraliðafélag Íslands leitar alls kærmenningar þjálfara Vilja sambærileg laun og lögreglumenn og tollverðir

VIÐMIÐUNARLEIÐIR HAFNA HVAÐ er samt talið í september mánaðinu þar sem líklegt er átt að sjúkraliðar og þær hafi verið til staðar til aðstoðar. Þannig er líklegt að sjúkraliðar, þessum til aðstoðar, hafi verið til staðar. Sjúkraliðafélag Íslands leitar alls kærmenningar þjálfara Vilja sambærileg laun og lögreglumenn og tollverðir. Sjúkraliðafélag Íslands leitar alls kærmenningar þjálfara Vilja sambærileg laun og lögreglumenn og tollverðir.

Ástand á spítöllum verður sífellt erfiðara

DEILA sjúkraliða við ríkið fer harðandi. Verkföll og uppsagnir bitna verulega á starfsemi ríkisspítala og áhrifin á biðlista munu ekki ynnast upp í bráð. Deildum líkjað og þær samnefndar görum. Kristín A. Guðmundsdóttir segir engan samningsvilja hjá yfirvöldum.

Frétt Morgunblaðsins af uppsögnum sjúkraliða snemma árs 2001.

Kæra félagsins vegna kynjamunar launa vakti athygli.

Raðverkföllin höfðu viðtæk áhrif á starfsemi stofnananna.

Uppsagnir og raðverkföll

Sjúkraliðar lentu í harkalegri kjaradeilu og verkföllum árið 2001 og var það í fimmta sinn á aðeins tíu árum sem stéttarfélagið þurfti að fara í hart til að ná fram nýjum kjarasamningum við ríkisvaldið. Fjöldi sjúkraliða sagði upp störfum og félagið beitti röð þriggja daga verkfalla til að þrýsta á viðsemjendur sjúkraliða.

Þegar kjarasamningar Sjúkraliðafélagsins runnu út 1. nóvember árið 2000 var ljóst að sjúkraliðar höfðu enn á ný dregist verulega aftur úr kjörum viðmiðunarstétta svo sem lögreglumanna, tollvarða og hjúkunarfræðinga. En viðsemjendur félagsins sýndu engan lit á að vilja leidrétta kjörin.

Í mars 2001, þegar samningar höfðu verið lausir í riflega fjóra mánuði, gafst félagið upp á tómlæti viðsemjenda og varð fyrst félagið opinberra starfsmanna til að vísa samningamálum sínum til sáttasemjara ríkisins.

Þrátt fyrir það miðaði ekkert í viðræðunum næstu mánuði. Þann 16. maí boðuðu trúnaðarmenn sjúkraliða á LSH því til ótímabundins vinnustaðafundar til að ræða stöðuna í samningamálinum. Fundurinn stóð fram eftir degi og var fullt út úr dyrum.

Uppsagnir um sumarið

Þegar sjö til átta mánuðir voru liðnir frá því samningur félagsins rann út án þess að ríkið sýndi minnsta vilja til að ræða við



Hanna Geirsdóttir, sjúkraliði og aðaltrúnaðarmaður á LSH, brýnir hér Jón Kristjánsson, heilbrigðisráðherra, til dáða eftir kröfugöngu sjúkraliða að helstu valdastofnunum þjóðfélagsins.

Sjúkraliðafélagið um nýjan kjarasamning fengu margir sjúkraliðar á Landspítalanum nóg og sögðu upp störfum sínum með þriggja mánaða fyrirvara.

Enn gerðist ekkert í samningamálinum. Um haustið lá fyrir að margir sjúkraliðar myndu hætta störfum ýmist 1. október eða 1. nóvember. Það var því óhjákvæmilegt

að félagið færi að knýja á um efnislegar viðræður við ríkisvaldið með einhvers konar verkfallsaðgerðum.

Í byrjun september fóru forystumenn félagsins í hringferð um landið og héldu fundi með félagsmönnum á hinum ýmsu stöðum þar sem málin voru rædd. Í kjölfarið ákvað framkvæmdastjórn og kjaramálanefnd að kanna vilja félagsmanna til boðunar nokkurra styttri verkfalla hjá ríkinu, verkfalla sem hæfust um leið og fyrstu uppsagnir sjúkraliða kæmu til framkvæmda. Niðurstaða könnunarinnar sýndi mikla samstöðu í stéttinni um að beita verkfallsvopninu með þessum hætti.

Röð stuttra verkfalla

Fyrstu verkföllin komu til framkvæmda dagana 1.-3. október, en síðan fóru sjúkraliðar í tvö önnur þriggja daga verkföll í þeim mánuði, 15.-17. og 29.-31. október.

Engir samningar lágu fyrir þegar þessum verkföllum lauk og var þá farið í nýja allsherjaratkvæðagreiðslu í félaginu um þrjú þriggja daga verkföll hjá öllum viðsemjendum félagsins í nóvember og desember. Í kjölfarið þrýsti félagið enn frekar á viðsemjendum með fjölmennri kröfugöngu að bækiðöðvum fjármálaráðuneytisins og ráðhúsi Reykjavíkur 26. október þar sem tilkynningar um úrslitin í atkvæðagreiðslunni voru afhentar ráðamönnum.

Hið fyrsta þessara nýju verkfalla kom



Verkfallsverðir sjúkraliða voru önnun kafnir alla verkfallsdagana 2001. Hér eru nokkrir þeirra að bera saman bækur sínar.

til framkvæmda 12.-14. nóvember, en ríkisvaldið gekk til samninga áður en til hinna tveggja verkfallanna kom. Nýr kjarasamningur félagsins við ríkið var undirritaður 21. nóvember 2001. Nokkrum dögum síðar voru gerðir samningar við aðra viðsejendur.

Láta ekki kúga sig

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður félagsins, sagði eftir undirritun samninganna að þessi baráttuaðferð, að beita stuttum verkföllum, hefði reynst mjög vel, en það hefði líka haft mikil áhrif á afstöðu viðsejenda að um 140 sjúkraliðar höfðu sagt upp störfum. Sjúkraliðar hefðu sannað það enn einu sinni að þeir létu ekki kúga sig til að starfa á lágum launum, en á þeim tíu árum sem þá voru liðin frá stofnun Stéttarfélagsins höfðu sjúkraliðar fimm sinnum lent í hörðum átökum við að ná kjarasamningum og þar af tvívegis lent í löngum

verkföllum. En þrátt fyrir verulegar launahækkanir samningsins náðu sjúkraliðar ekki því marki að laun sjúkraliða væru þau sömu og laun þeirra karlastétta sem félagið hafði sem viðmið í viðræðunum.

Lausn kjaradeilunnar fól ekki aðeins í sér beinar kjarabætur heldur einnig réttindabætur. Þannig gaf heilbrigðisráðherra út nýja reglugerð um störf og starfssvið sjúkraliða, og skipaði nefnd til að gera raunhæfar tillögur um á hvern hátt verði hægt að fá fleira ungt fólk í stéttina.

„Fram að þessu hefur ekki verið hægt að hvetja ungt fólk til þess að leggja fyrir sig sjúkraliðanám. Nú hillir undir breytingar, verði stéttinni ætlað það sæti meðal fagstétta sem nýgerður kjarasamningur gefur vonir um. Lögð verður áhersla á að fagleg færni sjúkraliða verði nýtt og að þeir fái möguleika á að þróast og þroskast í starfi,“ sagði Kristín þegar samningarnir voru í höfn.



Sjúkraliðar fjölmenntu við landsfund Sjálfstæðisflokksins vorið 2001 til að leggja áherslu á samngjarnar kröfur stéttarinnar.



Frétt af undirbúningi sjúkrostofnana fyrir verkfall sjúkraliða.



Goð lýsing á stöðu samningamálna.



Ákvörðun tekin um boðun allsherjarverkfalls.

Merkir sigrar fyrir dómstólum

Stéttarfélög þurfa alltof oft að leita til dómstóla landsins fyrir hönd félagsmanna sinna af því að á rétt þeirra er gengið. Í sumum slíkum málum hefur verið tekið á um mikilvæg grundvallatriði sem varða alla sjúkraliða.

Á síðustu tíu árum hefur Sjúkraliðafélag Íslands unnið þrjú mál af þessu tagi. Eitt málanna snerist um félagsaðild, annað um ólögmæta áminningu í starfi og hið þriðja um forgang sjúkraliða til sjúkraliðastarfa. Hér verður gerð stuttlega grein fyrir þessum þremur sigrum sjúkraliða.

Félagsaðild staðfest

Veturinn 1997-1998 stefndi Sjúkraliðafélag Íslands Reykjanesbæ vegna ágreinings um félagsaðild Ingu Lóu Guðmundsdóttur, sjúkraliða, sem var ráðin sem forstöðumaður Dagvistar aldraðra hjá bænum. Inga Lóa var ráðin að undangenginni auglýsingu þar sem tekið var fram að æskilegt væri að umsækjandi hefði sjúkraliðamenntun.

Frá upphafi ráðningar sinnar var Inga Lóa félagsmaður í SLFÍ og hún fór fram á að félagið færi með kjarasamningsfyrirsvar sitt við Reykjanesbæ. Þessu höfnuðu forsvarsmenn bæjarfélagsins og létu greiða henni laun samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjanesbæjar sem fékk þar með félagsgjöld hennar.

SLFÍ fór ítrekað fram á það við bæjaryfirvöld að þau breyttu þessari ákvörðun sinni og greiddu Ingu Lóu laun samkvæmt kjarasamningi Sjúkraliðafélagsins. Þegar því var hafnað höfðaði félagið mál fyrir Félagsdómi.

Skemmst er frá því að segja að úrskurður Félagsdóms féll Sjúkraliðafélaginu í vil. Í niðurstöðum dómsins sagði meðal annars:

Af hálfu stefnda, Reykjanesbæjar, er því mótmælt sem ósönnuðu að sjúkraliðamenntun Ingu Lóu Guðmundsdóttur nýtist henni í umræddu starfi. Þegar litið er til fyrrgreindra lagaákvæða og auglýsinga stefnda, Reykjanesbæjar, um starfið, svo og eðli starfsins þykir ótvírætt mega byggja á því að menntun Ingu Lóu Guðmundsdóttur og starfsreynsla hennar sem sjúkraliði nýtist henni í starfinu. Samkvæmt því, og með vísan til þess að samningsréttur stéttarféлага samkvæmt 3. tölulið 5. gr. laga nr.



Sigur í höfn. Halldóra Guðmundsdóttir, sjúkraliði, Gísli Hall, lögmaður, og Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélagsins, kynna sér niðurstöðu dómsins.

94/1986 er ekki bundinn því skilyrði að hann taki einungis til þeirra félagsmanna viðkomandi sem gegna störfum hjá viðsemjanda félagsins þar sem starfsmenntun er áskilin, ber að fallast á kröfu stefnda.“

Ólögleg áminning

Málaferli gegn ríkinu vegna ólöglegrar áminningar sjúkraliða í starfi fór alla leið í Hæstarétt sem kvað upp dóm í málinu í desember 2003.

Málsatvik voru í stuttu máli þau að Halldóra Guðmundsdóttir var boðuð á fund með yfirmönnum sínum með skömmum fyrirvara laugardaginn 31. maí 1997. Hún taldi fundarefnið þess eðlis að ástæða væri fyrir hana að hafa fulltrúa stéttarfélags með sér á fundinn. Þar sem henni tókst ekki

að ná sambandi við viðkomandi fulltrúa mætti hún ekki til fundarins en yfirmenn hennar samþykktu ekki að fresta honum. Í kjölfarið var henni veitt skrifleg áminning.

Eftir langa baráttu Halldóru felldi félagsmálaráðuneytið áminninguna úr gildi með úrskurði 3. mars 2000 þar sem ekki hefði verið gætt meginreglna um málsmeðferð í stjórnáskýslunni þegar hún var veitt. Halldóra höfðaði síðan mál til heimtu miskabóta vegna ólögmætrar áminningar og vegna þess að henni hefði í kjölfarið verið mismunað við úthlutun aukavakta á vinnustað sínum.

Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um að umrædd áminning hefði verið ólögmæt bæði að formi og efni. Einnig var staðfest að Halldóra hefði fært fram fullnægjandi sönnur fyrir því að henni hafi í kjölfar áminningarinnar verið mismunað varðandi úthlutun aukavakta og að framkoma yfirmanna Halldóru gagnvart henni hafi falið í sér brot gegn persónu hennar. Henni voru dæmdar 300.000 krónur í miskabætur auk vaxta og ríkinu gert að greiða henni samtals 600.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómur Reykjavíkur staðfesti ótvíræðan forgang sjúkraliða til sjúkraliðastarfa.

Forgangur sjúkraliða

Mikilvægur dómur um starfsréttindi sjúkraliða féll í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 26. júní 2006 í máli Haflínu I. Hafliðadóttur, sjúkraliða, gegn Reykhólahreppi, en þar staðfesti dómurinn þá skyldu stofnana að ráða sjúkraliða til sjúkraliðastarfa sé þess kostur.

Sjúkraliðinn krafðist þess að Reykhólahreppur yrði dæmdur til greiðslu bóta þar sem framhjá henni hafði verið gengið þegar ráðið var í auglýsta stöðu sjúkraliða á hjúkrunarheimilinu Barmahlíð, en Hafliða var eini sjúkraliðinn sem sótti um stöðuna. Í stað þess að ráða sjúkraliða til heimilisins voru ráðnir tveir ófaglærðir starfsmenn. Héraðsdómur staðfesti það sem Sjúkraliðafélagið hefur haldið fram, að ekki sé leyfilegt að ráða aðra en sjúkraliða til sérhæfðra umönnunar/hjúkrunarstarfa nema að undangengin auglýsing hafi ekki borið árangur.

Í niðurstöðu héraðsdóms segir meðal annars:

Samkvæmt 1. gr. laga um sjúkraliða nr. 58/1984 hafa þeir einir rétt til að starfa sem sjúkraliðar hér á landi sem fengið hafa til þess leyfi heilbrigðisráðherra. Samkvæmt 4. gr. laganna er óheimilt að ráða sem sjúkraliða aðra en þá sem hafa starfsleyfi samkvæmt lögnum. Heimild til setningar reglugerðar með nánari ákvæðum um framkvæmd laganna er að finna í 8. gr.

laganna, sbr. reglugerð nr. 897/2001. Starfs svið sjúkraliða er skilgreint þannig í 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar: „Sjúkraliði starfar einkum við almenna og sérhæfða umönnun sjúkra og við þau hjúkrunarstörf sem hann hefur menntun og faglega færni til að sinna.“ Samkvæmt 4. gr. reglugerðarinnar er ekki heimilt „að ráða aðra en sjúkraliða til sérhæfðra umönnunar- og hjúkrunarstarfa samkvæmt 3. mgr. 3. gr. nema áður hafi verið auglýst eftir sjúkraliðum.“ Samkvæmt þessu er vafalaust að ákvæði 4. gr. tilvitnaðrar reglugerðar hefur fullnægjandi lagastöð. Það að ákvæðið geti ekki tekið til sveitarfélaga heldur einungis ríkisstofnana er fjarri lagi.

Mjög ólíklegt verður að telja, m.a. vegna vaktavinnu, að hjúkrunarfræðingur, sem gegndi starfi hjúkrunarforstjóra, og sjúkraliði í 80% starfi hafi getað sinnt öllum sérhæfðum umönnunar- og hjúkrunarstörfum á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Barmahlíð. Um það verður vart fundin réttari niðurstaða en sú sem birtist í mati stefnda sjálfs sem auglýsti eftir sjúkraliða. Hér var um fortakslausa lagaskyldu að ræða og skoðanir forsvarsmanna stefnda varðandi frammistöðu stefnanda í starfi eða ætlaða persónulega eiginleika hafa ekki vægi, segir í dómnum.

Málinu var ekki áfrýjað af hálfu Reykhólahrepps.



Inga Lóa Guðmundsdóttir, sjúkraliði, bakar vöflur við lok erfiðra samningaviðræðna í Karphúsinu. Félagsdómur féllst á að hún skyldi taka laun samkvæmt samningi Sjúkraliðafélagsins eftir að hún var ráðin forstöðumaður Dagvistar aldraðra í Reykjanesbæ.



Á árinu 2002 útskrifuðust fyrstu sjúkraliðarnir úr eins árs sérnámi í hjúkrun aldraðra.

2002

- * Nýr kjarasamningur við SÁÁ. Sjúkraliðar á Vogli samþykkja samninginn í atkvæðagreiðslu.
- * Fjármálaráðuneytið og Sjúkraliðafélagið efna til námstefnu um nýgerðan kjarasamning og breytt launakerfi sjúkraliða.
- * Heilbrigðisráðherra skipar nefnd til að meta ástæður vaxandi skorts á sjúkraliðum og gera tillögur um hvernig við skuli bregðast. Þrjár fulltrúar Sjúkraliðafélagsins eru í nefndinni.
- * Úthlutunarreglur nýstofnaðs Styrktarsjóðs BSRB taka gildi 1. febrúar.
- * Sjúkraliðum boðið upp á sumardvöl á níu stöðum á landinu: Hellissandur bætist við frá fyrra ári. Einnig hefst leiga á tjaldvagni.
- * Félagið heldur fimm tveggja daga námskeið fyrir trúnaðarmenn sjúkraliða.
- * Könnun í maí sýndi að vörpun yfir í nýtt launakerfi sjúkraliða hefur skilað 24.96% hækkun eins og að var stefnt með samningunum í nóvember 2001.
- * Birtar niðurstöður viðhorfskönnunar IMG meðal félagsmanna. Þær sýna að sjúkraliðum finnst ímynd félagsins skýr og jákvæð og þjónusta félagsins yfirleitt góð. Hins vegar þurfi að breyta ímynd sjúkraliðastarfsins.
- * Deild sjúkraliða á Norðurlandi eystra fagnar tíu ára afmæli 19. október.
- * Tólf fulltrúar félagsins sækja fagrastefnu EPN í Osló.
- * Halldóra Guðmundsdóttir, sjúkraliði hefur sigur í héraðsdómi eftir margra ára baráttu við kerfið og fær miskabætur fyrir ólögmeata áminningu af hálfu yfirmanna sinna.
- * Sjúkraliðafélagið gerist aðili að Framvegis, miðstöð um símenntun, og styrkir kaup Framvegis á fjarkennslubúnaði.
- * Prettán sjúkraliðar ljúka sérnámi í öldrunarhjúkrun 21. desember.



Hulda S. Ólafsdóttir, sem var formaður Sjúkraliðafélags Íslands á tuttugu ára afmælinu, ásamt heiðusfélögum Ingibjörgu Guðmundsdóttur og Valgerði Eyjólfsdóttur.

Heiðursfélagar

Sjúkraliðafélag Íslands hefur í tímans rás útnefnt fimm fyrrum forystumenn stéttarinnar sem heiðursfélaga í þakklætisskyni fyrir mikilvægt framlag þeirra til sjúkraliðastéttarinnar.

Á tuttugu ára afmæli Sjúkraliðafélags Íslands var ákveðið að tilnefna þær Valgerði Eyjólfsdóttur og Ingibjörgu Guðmundsdóttur fyrir fyrstu heiðursfélaga Sjúkraliðafélagsins.

Valgerður Eyjólfsdóttir brautskráðist sem sjúkraliði frá Landakoti í júní árið 1966. Fljótlega eftir það hafði hún samband við aðra sjúkraliða, sem útskrifuðust frá öðrum sjúkrahúsum það sama ár. Þetta frumkvæði varð til þess að Sjúkraliðafélagið var stofnað. Valgerður gegndi ýmsum trúnaðarstörfum fyrir félagið og sat í stjórn þess í fjögur ár, frá vorinu 1969 til vors 1973.

Ingibjörg Guðmundsdóttir brautskráðist sem sjúkraliði frá Landspítalanum árið 1966. Hún átti ríkan þátt í að móta samstarf sjúkraliða við SFR og gegndi því starfi af miklum áhuga. Ingibjörg gegndi einnig ýmsum trúnaðarstörfum fyrir félagið og sat í stjórn þess á sama tíma og Valgerður, það er frá vori 1969 til vors 1973.

Þegar Sjúkraliðafélagið fagnaði 25 ára afmæli á Hótel Örk árið 1991 var Sæmundur B. Elimundarson gerður heiðursfélagi.

Sæmundur lauk sjúkraliðaprófi árið 1966 og starfaði lengi sem sjúkraliði, þar á meðal á Kleppspítala í níu ár og á Borgarspítala í sex ár.



Sæmundur B. Elimundarson var gerður að heiðursfélagi Sjúkraliðafélagsins á afmælishátíð þess árið 1991.

Hann átti sæti í undirbúningsnefndinni sem boðaði til stofnfundar Sjúkraliðafélags Íslands árið 1966, sat í fyrstu stjórn félagsins og var formaður þess á árunum 1970-1974. Endurminningar hans, Hugleiðingar og minningabrot, komu út á áttatíu og fimm ára afmæli Sæmundar.

Á afmælishátíðinni árið 1996 voru tveir fyrrverandi formenn Sjúkraliðafélagsins gerðir að heiðursfélögum, þær Ingibjörg H. Agnars og Hulda S. Ólafsdóttir.

Ingibjörg H. Agnars útskrifaðist sem sjúkraliði frá Borgarspítalanum árið 1973 og starfaði þar til ársins 1992 að hún fór á eftirlaun. Hún var kjörin formaður Sjúkraliðafélagsins árið 1975 og gegndi því embætti til ársins 1979. Hún var í undirbúningsnefnd að stofnun Sjúkraliðaskóla Íslands og kom í framkvæmd endurmenntunarnámi við skólann. Net trúnaðarmanna sem náði til alls landsins var sett á laggirnar í stjórnartíð hennar. Hún var einn af hvatamönnum að stofnun EPN, Evrópusambands sjúkraliða.

Hulda S. Ólafsdóttir útskrifaðist úr Sjúkraliðaskóla Íslands árið 1976 og starfaði sem sjúkraliði á endurhæfingardeild Borgarspítalans frá sama tíma. Hún átti sæti í stjórn Sjúkraliðafélagsins 1980-1988, þar af sem formaður síðustu tvö árin. Hún sat einnig í stjórn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar frá 1982 til 1992. Hulda var kjörin fyrsti formaður Eftirlaunadeildar félagsins árið 1998.



Hulda S. Ólafsdóttir og Ingibjörg H. Agnars voru útnefndar heiðursfélagar á afmælishátíð félagsins árið 1996.



Sjúkraliðar funda um næstu skref í heilsugæsludeilunni á höfuðborgarsvæðinu.

2003

- * Sjúkraliðar með sérnam í hjúkrun aldraðra stofna fagdeild innan Sjúkraliðafélagsins. Fyrsti formaður: Kristbjörg Bára Emilsdóttir.
- * Öldrunarsvið LSH auglýsir átta stöður sjúkraliða samkvæmt starfslýsingu sjö sem krefst 120 stunda símenntunar.
- * Níu sjúkraliðar stunda sérnam í hjúkrun aldraðra. Þeirra á meðal er formaður Sjúkraliðafélagsins.
- * Ný og bætt námskrá fyrir sjúkraliðanámið tekur gildi.
- * Sjúkraliðafélagið lánar Starfsmenntasjóði BSRB álitlega fjárhæð til að sjóðurinn geti afgreitt fyrirbyggjandi umsóknir sjúkraliða.
- * Sjúkraliðum boðið upp á sumardvöl á ellefu stöðum á landinu. Nýir staðir á árinu: Stykkishólmur og Kiðjaberg. Einnig gistimiðar á Edduhótelum.
- * Sjúkraliðafélagið eignast nýjan sumarbústað á Kiðjabergi í Grímsnesi.
- * Hörð átök vegna einhliða uppsagnar aksturssamninga sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga hjá Heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu. Góð samstaða leiðir til sigurs heilbrigðisstéttanna.
- * Ellefu fulltrúar Sjúkraliðafélagsins sækja ráðstefnu EPN í Stokkhólmi.
- * Heilbrigðisráðherra skipar formann Sjúkraliðafélagsins í nefnd sem á að endurskoða gildandi lög um heilbrigðisþjónustu.
- * Sjúkraliðafélagið gefur út veggspjald með síðareglum sjúkraliða.



Starfsfólkið á skrifstofu Sjúkraliðafélagsins, frá vinstri: Kristín Á. Guðmundsdóttir, Margrét Tómasdóttir, Gunnar Gunnarsson og Birna Ólafsdóttir.

Fimmta skrifstofan

Fyrsta skrifstofa Sjúkraliðafélags Íslands var opnuð árið 1970 að Skólavörðustíg 16 í Reykjavík. Hún var harla ólík þeirri skrifstofu félagsins sem sjúkraliðar kannast við í dag.

Félagið þurfti nokkrum sinnum að flytja bælistöðvar sínar. Fyrst árið 1973, að Hverfisgötu 14.

Ingibjörg Agnars, sem tók við formennsku í félaginu árið 1975, segir að sú skrifstofa hafa verið „í litlu herbergi sem rúmaði eitt lítið skrifborð, nokkra kjaftastóla, hillu í einu horninu fyrir kaffikönnu og ferðaritvél.“

Árið 1975 var skrifstofan flutt að Klapparstíg 25-27.

„Þegar við vorum með stjórnarfundum Sjúkraliðafélagsins í litlu leiguherbergi uppi á lofti í húsi við Klapparstíginn, áttum við ekkert til af neinu tagi til skrifstofuhalds,“ segir Sigurbirna Hafliðadóttir sem þá sat í stjórn félagsins en varð síðar formaður Eftirlaunadeildarinnar. „Ég er ekki viss um að við höfum átt kaffikönnuna og bollana eða hvort það fylgdi herberginu.“

Tæp 20 ár í húsi BSRB

Árið 1979 fékk Sjúkraliðafélagið á leigu aðstöðu í húsnæði BSRB að Grettisgötu 89. Í BSRB-húsinu hafði félagið aðsetur í tæp tuttugu ár, en þegar leigan á húsnæði félagsins var hækkuð verulega fóru sjúkraliðar að leita fyrir sér um kaup á húsnæði.

Árið 1998 flutti félagið skrifstofur sínar í eigið húsnæði að Grensásvegi 16 þar sem Sjúkraliðafélagið er til húsa enn í dag. Þessi húseign félagsins er 198 fermetrar að flatarmáli.

Flutningi félagsins í nýja húsnæðið var fagnað með opnu húsi 7. og 8. febrúar 1998 og mættu þá fjölmargir sjúkraliðar og velunnarar félagsins til að fagna þessum merku tímamótum.



Við erum flutt! Sjúkraliðar lyfta glösum eftir að hafa flutt allt sitt dót af Grettisgötu 89 í eigið húsnæði 17. janúar 1998. Frá vinstri: Guðrún Sverrisdóttir, Valgerður Reginsdóttir, Gunnar Gunnarsson, Sveinn Ólafur Gunnarsson, Hlynur Guðlaugsson, Kristín Á. Guðmundsdóttir, Bergur Kristinsson, Birna Ólafsdóttir, Diðrik Ísleifsson og Fannar Freyr Sigurðsson.

Fjögur á skrifstofunni

Á fyrstu árum Sjúkraliðafélagsins byggðist allt skrifstofuhald á sjálfboðastarfi. Síðar var farið að ráða starfsmann á skrifstofuna í hlutastarf.



Skrifstofa Sjúkraliðafélags Íslands er á efstu hæðinni í þessu húsi við Grensásveg 16 í Reykjavík.

Algjör bylting varð á verkefnum félagsins þegar það varð stéttarfélag sjúkraliða og tók samningsrétt stéttarinnar í sínar hendur, og hafa annir skrifstofunnar aukist jafnt og þétt síðan.

Fjórir starfsmenn hafa nú aðsetur á skrifstofu Sjúkraliðafélagsins við Grensásveg: Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður félagsins, Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri, og Margrét Tómasdóttir, bókari. Þau hafa öll starfað hjá Sjúkraliðafélaginu um árabil og gjörþekkja málefni sjúkraliða. Birna hefur lengstan starfsaldur hjá félaginu, hóf störf um það leyti sem sjúkraliðar voru að undirbúa uppsagnir árið 1986. Gunnar kom til starfa haustið 1990 þegar undirbúningur að stofnun stéttarfélagsins var að hefjast. Margrét hóf störf hjá félaginu árið 2000. Kristín tók við sem formaður 1988 og var fyrst í hlutastarfi hjá félaginu en hin síðari ár í fullu starfi nema árið 2003 þegar hún var í árs námsleyfi.

Sáttmáli um frumskyldur sjúkraliða

Á aðalfundi Sjúkraliðafélags Íslands árið 1991 var kjörin siðanefnd félagsins og henni falið að semja frumdrög að siðareglum fyrir sjúkraliða og leggja fyrir fulltrúaþing til umsagnar og samþykktar. Í nefndinni áttu sæti Ásta Sigurðardóttir, Akureyri, Hulda S. Ólafsdóttir, Reykjavík, og Gyða Sveinbjörnsdóttir, Selfossi.

Nefndin kynnti sér siðareglur annarra stétta, hlutverk þeirra og tilgang, og leitaði faglegs álits hjá starfsmönnum siðfræðistofnunar Háskóla Íslands. Í kjölfarið samdi nefndin drög að siðareglum sem birtar voru í Sjúkraliðanum í apríl 1992 og síðan samþykktar á fulltrúaþingi félagsins.

Árið 2003 voru siðareglurnar prentaðar á sérstakt veggspjald sem sett var upp á vinnustöðum sjúkraliða um allt land. Af því tilefni sagði formaður félagsins í viðtali við Sjúkraliðann:

„Við teljum mikilvægt að ekki aðeins sjúkraliðar sjálfir hafi þessar reglur fyrir augum heldur líka annað starfsfólk sem við vinnum með og síðast en ekki síst skjólstæðingar okkar á heilbrigðisstofnunum.“

Til hvers siðareglur?

Í bréfi til stjórnar félagsins lagði undirbúningsnefndin fram eftirfarandi rök fyrir því að sjúkraliðar yrðu að setja sér eigin siðareglur:

* Skyldur eru ljósari, þær miðla uppsafnaðri reynslu



Siðareglur Sjúkraliðafélags Íslands hafa verið gefnar út á veggspjaldi sem á að vera sýnilegt á öllum vinnustöðum sjúkraliða.

stéttarinnar og losa einstaklinginn við langar vangaveltur þegar að ber siðferðilegt ákvörðunarefni.

* Auka samheldni og samábyrgð stéttarinnar og geta verið einskonar sáttmáli um frumskyldur þeirra sem vilja tilheyra henni.

* Geta jafnað úr deilum og ágreiningi.

* Hvetja til vandaðri vinnubrögða og bættrar breyttni við skjólstæðinga og samstarfsmenn.

* Hvetja fólk til kostgæfni í störfum.

* Setja fram opinberlega á hvern hátt félagsmenn vilja skuldbinda sig til að vinna störf sín.



Gengið undir fánum Sjúkraliðafélagsins í kröfugöngu 1. maí.

2004

- * Stórfelldum niðurskurði á LSH mótmælt með fjölmönnum fundi í Austurbæ þar sem formaður Sjúkraliðafélags Íslands segir öryggi þjóðarinnar ógnað með aðgerðum stjórnvalda.
- * Félagsstjórn mótmælir harðlega niðurskurði á LSH.
- * Könnun sýnir að um 68% greiðandi félagsmanna í Sjúkraliðafélagi Íslands starfa á höfuðborgarsvæðinu.
- * Fjöldmenn fagráðstefna EPN haldin hér á landi í júní. Sjúkraliðar í Luxemborg ganga í samtökin.
- * Gífurleg aðsókn að sérnámi í hjúkrun aldraðra. 37 nemendur hefja námið, þar af 25 í fjarnámi.
- * Fagdeild sjúkraliða með sérnám í hjúkrun aldraðra lætur gera merki deildarinnar.
- * Kristín Á. Guðmundsdóttir sjálfkjörin formaður til þriggja ára.
- * Sjúkraliðum boðin sumardvöl á tíu stöðum á landinu.
- * Hæstiréttur staðfestir að ríkinu beri að greiða Halldóru Guðmundsdóttur, sjúkraliða, miskabætur fyrir ólöglega áminningu.
- * Ágreiningi við fjármálaráðuneytið um greiðslu í Starfsþróunarsjóð vísað til Félagsdóms.
- * Sjúkraliðafélagið kærir til Landlæknis ákvörðun stjórnenda kvennasviðs LSH að fela ófaglærðum starfsmönnum verkefni sem sérmenntaðar heilbrigðisstéttir eiga að annast, en með því er freklega gengið inn á starfssvið sjúkraliða.
- * Fræðslunefnd BSRB tilnefnir Sjúkraliðafélagið til Starfsmenntaverðlaunanna fyrir starf sitt við að koma á sérnámi sjúkraliða í öldrunarhjúkrun.
- * Fagdeild sjúkraliða efnir til fjölmennrar ráðstefnu í samvinnu við Fagdeild öldrunarhjúkrunarfræðinga og Félag eldri borgara.
- * Fjöldmennur félagsfundur hvetur launþegasamtökin til að taka höndum saman til varnar samningsrétti launafólks eftir að lögmætt verkfall kennara var bannað með lögum.
- * Kjarasamningar lausir um mánaðarmótin nóvember/desember. Sjúkraliðafélagið leggur fram ítarlega kröfugerð.
- * Könnun sýnir að karlar sem starfa í almannatjónustu eru með 17% hærri meðallaun en konurnar.
- * Nefnd á vegum heilbrigðisráðherra um hvernig nýta eigi starfskrafta sjúkraliða skilar áfangaskýrslu til ráðherra.
- * Samninganefnd Sjúkraliðafélagsins sækir námskeið í samningatækni í Munadarnesi.
- * Kjarasamningar félagsins við fjölmargar heilbrigðisstofnanir framlengdur til 1. febrúar 2005.

Frá fjölriti til tímarits

Tímarit Sjúkraliðafélags Íslands, SJÚKRALIÐINN, hefur komið út með ólíkum hætti undanfarna áratugi. Lítil fjölrituð fréttablöð voru undanfari þess vandaða tímarits sem sjúkraliðar þekkjá í dag.

Afmælisblað sem Sjúkraliðafélag Íslands gaf út á 10 ára afmæli félagsins árið 1976 er fyrsta útgáfan sem bar nafnið SJÚKRALIÐINN. Það var þó ekki skráð sem tímarit og er meðal annars flokkað sem bók í Gegni, tölvukerfi íslensku bóksafnanna.

Árið 1980 kom út fjölritaður áttblöðungur í litlu broti undir þessu sama nafni. Það var þó heldur ekki skráð sem tímarit og hefur ekki verið talið með þegar árgangar SJÚKRALIÐANS eru taldir saman.

Fjölrituð fréttablöð

Árið 1983 hófst reglubundin útgáfa SJÚKRALIÐANS. Þar af leiðandi er gjarnan við það ár miðað þegar rekja á útgáfu-sögu tímaritsins.

Að vísu er það svo að tvö tölublað eru skráð sem fyrsta tölublað fyrsta árgangs SJÚKRALIÐANS. Annars vegar prentað blað, 24 síður að stærð, sem kom út í maí 1983, en hins vegar fjölritað blað í litlu broti sem hóf göngu sína í nóvember sama ár. Fjölritaða blaðið ber undirtitilinn FRÉTTABRÉF. Tvö tölublað voru gefin

út árið eftir, 1984, og önnur tvö árið 1985, en síðan verður hlé á útgáfunni. Í formála fyrsta fréttabréfsins segir að stefnt sé að því að gefa út félagsblað í framtíðinni og verði það óháð útgáfu fréttabréfsins.

Í ársbyrjun 1987 er gefið út prentað afmælisrit og það er merkt sem fyrsta tölublað fjórða árgangs SJÚKRALIÐANS.

Seinna þetta sama ár, í nóvember, var gefinn út fjölritaður fjórblöðungur sem bar heitið SJÚKRALIÐINN og næstu þrjú árin komu út sams konar fjölrit, tvö til þrjú á ári, en þessi útgáfa hefur ekki verið talin með sem eiginlegir árgangar tímaritsins.

Prentað tímarit frá 1991

Umskipti verða í útgáfu SJÚKRALIÐANS árið 1991 þegar Sjúkraliðafélag Íslands er að undirbúa stofnun stéttarfélags sjúkraliða. Þá er farið að gefa út prentað tímarit, það á meðal er stórt afmælisblað sem kom út í desember í tilefni af 25 ára afmæli Sjúkraliðafélagsins. Upp frá því hafa komið út tvö til fjögur tölublað af SJÚKRALIÐANUM á hverju ári.

Næsta stóra breytingin á útgáfu tímaritsins varð árið 2002 þegar útliti og efnis-tökum blaðsins var gjörbreytt og farið var að prenta það allt í lit. Þá var líka farið að merkja tölublaðin eftir árgöngum. Yfirstandandi útgáfuár telst vera 20. árgangur tímaritsins.



SJÚKRALIÐINN, tímarit Sjúkraliðafélags Íslands, hefur komið út í ýmsum myndum undanfarna áratugi. Hér leggja á ráðin um efni blaðsins þau Linda Gustafson, sem lét af formennsku ritnefndar blaðsins vorið 2004, og Elías Snæland Jónsson, rithöfundur, sem hefur skrifað blaðið frá árinu 2002.



Nýr kjarasamningur við ríkið undirritaður 30. júní.

2005

- * Sjúkraliðafélagið hvetur til þess að opnuð verði ný námsleið fyrir full-orðna starfsmenn sem hafa aflað sér reynslu við umönnun og aðhlynningu.
- * Félagið gefur út myndskreyttan bækling um nám og störf sjúkraliða til kynningar á stéttinni í grunnskólum landsins.
- * Könnun sýnir að um 80% af vistmönnum hjúkrunarheimila þjást af heilabilun á einhverju stigi.
- * Nýr kjarasamningur við ríkið undirritaður 30. júní. Samningurinn gildir til 30. apríl 2008.
- * Ríflega 95% þeirra sem greiddu atkvæði samþykka nýja samninginn.
- * Sjúkraliðafélagið kaupir nýja íbúð að Hamratúni 26 á Akureyri.
- * Hafist handa við að reisa nýtt sumarhús félagsins á Kiðjabergi í Grímsnesi.
- * Sjúkraliðum boðið upp á sumardvöl á tíu stöðum á landinu. Eins er í fyrsta sinn boðið upp á sumarferðir til Spánar.
- * Fjórum forystumönnum veitt sérstök viðurkenning á fulltrúaþingi félagsins fyrir frábær störf í þágu félagsins. Þau eru Ingibjörg Hjaltadóttir, hjúkrunarfræðingur, Ógmundur Jónasson, formaður BSRB, Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri félagsins, og Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri.
- * Kjarasamningur gerður við Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu. Samið á sömu nótum við Skjól, Eir, Reykjavíkurborg, Reykjalund og St. Franciskusþitalann.
- * Sjúkraliðafélagið boðar verkfall hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur frá og með 19. júní. Samkomulag næst nokkrum dögum áður en verkfallið á að hefjast.
- * Skrifstofustjóri Sjúkraliðafélagsins veitir forstöðu starfshópi sem gera á tillögu að námskrá fyrir Sjúkraliðabruna sem opnar ófaglærðum starfsmönnum nýja leið í sjúkraliðanám.
- * 39 sjúkraliðar útskrifast úr sérnámi í hjúkrun aldraðra.



Fundur í deild sjúkraliða með sérnám í hjúkrun aldraðra. Frá vinstri Halldóra Einarsdóttir, Elín Þorsteinsdóttir, Inga Lóa Guðmundsdóttir, Kristbjörg Bára Emilsdóttir, Edda Sjöfn Smáradóttir, Ásla Fossadal, Guðrún Viggósdóttir og Bryndís Pétursdóttir.

Sjúkraliðar með sérnám

Sjúkraliðar sem fyrstir luku sérnámi í hjúkrun aldraðra í desember árið 2002 stofnuðu sérstaka deild innan Sjúkraliðafélags Íslands. Í fyrstu stjórn voru Kristbjörg Bára Emilsdóttir, formaður, Edda Sjöfn Smáradóttir, ritari, Guðrún Sverrisdóttir, gjaldkeri, og María Ólafsson, meðstjórnandi.

„Markmið okkar er að stuðla að því að sú aukna faglega menntun sem nú er orðin að veruleika verði virt að verðleikum í öldrunarþjónustu. Við stefnum að því að efla fagleg gæði hjúkrunar í öldrunarþjónustu, að fylgjast vel með öllum nýjungum í hjúkrun aldraðra, að styðja þá sjúkraliða sem hafa sérnám í hjúkrun aldraðra og að efla fræðslu og hvatningu til félaga í Sjúkraliðafélaginu,“ sagði fyrsti formaðurinn í viðtali við Sjúkraliðann.

Margir sjúkraliðar hafa útskrifast úr sérnáminu frá 2002 og eru félagar í deildinni nú 73. Deildin hefur látið gera sérstakt merki sem þeir fá að bera sem náð hafa þessum áfanga í starfsnáminu.

Misjöfn viðbrögð

Það var afar mismunandi hvernig tekið var á móti fyrstu sjúkraliðunum með sérnám aldraðra.

„Nokkrar hafa fengið breytt verksvið og fá að nýta sér þá aukna faglegu þekkingu sem við öfluðum okkur með náminu. En aðrar hafa gengið í sín gömlu störf og ekki

fengið tækifæri til að nýta sér nám sitt að neinu leyti, ekki fengið tækifæri til þess að axla meiri ábyrgð en þær gerðu áður. Það má teljast undarlegt að stofnanir sem hafa kvartað um skort á sérmenntuðu starfsfólki nýti sér ekki þá faglegu menntun sem við höfum aflað okkur með sérnáminu. Ég velti því fyrir mér hver sé skýringin á þessum viðbrögðum stofnana, er það þekkingarleysi á náminu eða eitthvað annað?“ sagði Kristbjörg Bára í viðtalinu.

Haustið 2004 hafði staðan lítið breyst.

„Við höfum margar þurft að hafa fyrir því að fá að vinna þau störf sem við erum menntaðar til. En við erum bjartsýnar og baráttuglaðar og höfum stuðning hver hjá annarri ef á þarf að halda, Einnig hefur Sjúkraliðafélagið stutt okkur dyggilega í kjarabaráttunni og flestar ef ekki allar hafa fengið launahækkun út á námið eða breyttan starfsvettvang,“ sagði Kristbjörg Bára sem lét þá um haustið af formennsku í deildinni.

Sumarið 2005 sendi Landlæknisembættið frá sér leiðbeiningar um verksvið sjúkraliða með sérnám í hjúkrun aldraðra. Sjúkraliðafélagið mótmælti harðlega þeirri þröngu túlkun á verksviði sem þar kom fram.

Núverandi formaður deildarinnar er Edda Sjöfn Smáradóttir, en aðrir í stjórn eru Sif Eiðsdóttir, ritari, Þórdís Hannesdóttir, gjaldkeri, og Guðmunda Steingrímsdóttir, meðstjórnandi.



Deildin stóð ásamt Fagdeild öldrunarhjúkrunarfræðinga og Félagi eldri borgara að fjölsótttri námstefnu um málefni aldraða í október 2004.



Nýja sumarhúsið á Kíðjobergi.

2006

- * Könnun Sjúkraliðafélagsins sýnir að meðalaldur sjúkraliða er um fimmtíu ár. Nýliðun í stéttinni minnkaði á nýliðnu ári.
- * Málefni sjúkraliða rædd á Alþingi í kjölfar fyrirspurnar formanns BSRB um hvort til álita komi að nýta betur starfskrafta sjúkraliða til samræmis við það sem gerist á Norðurlöndum.
- * Trúnaðarmenn á LSH mótmæla óþolandi vinnuálagi og undirmönnun á sjúkrahúsinu.
- * Fulltrúarþing Sjúkraliðafélagsins krefst þess að starfssvið sjúkraliða verði endurskoðað.
- * María Loftsdóttir, sjúkraliði, færir Sjúkraliðafélaginu mynd að gjöf.
- * Formaður félagsins hefur framsögu á fagraðstefnu EPN í Færeyjum um framtíð sjúkraliða í hjúkrun.
- * Héraðsdómur Reykjavíkur staðfestir með dómi skyldu stofnana til að ráða sjúkraliða til sjúkraliðastarfa.
- * Nýtt sumarhús félagsins tekið í notkun á Kíðjobergi í Grímsnesi.
- * Sérstakt orlofsblað Sjúkraliðans kynntir sumardvöl sjúkraliða á níu stöðum á landinu, sumarferðir til Spánar og gístmíða Eddu- og Fosshótela víðvegjar um landið.
- * Mikil aðsókn að Sjúkraliðabru fyrir reynt ófaglært starfsfólk á heilbrigðisstofnunum.
- * Nefnd heilbrigðisráðherra um framtíðarstöðu sjúkraliðastarfsins skilar áliti og tillögum til að fjölga sjúkraliðum.
- * Sjúkraliðafélagið hefur forystu um stofnun hlutafélags um rekstur Framvegis, miðstöðvar um símenntun, með aðild BSRB, SFR, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Verslunarskóla Íslands.
- * Skýrsla um rannsókn á viðhorfum vaktavinnufólks dregur fram kosti og galla vaktavinnunnar.



Núverandi framkvæmdastjórn Sjúkraliðafélags Íslands: Kristjana Guðjónsdóttir, ritari, Kristín Ólafsdóttir, varaformaður, Margrét Þóra Óladóttir, gjaldkeri og Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður.

Framkvæmdastjórn frá 1996

Nokkrar breytingar hafa orðið á skipan framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands síðastliðinn áratug, en í henni eiga sæti formaður félagsins, sem er kjörinn í allsherjaratkvæðagreiðslu til þriggja ára, varaformaður, ritari og gjaldkeri.

Kristín Á. Guðmundsdóttir hefur verið formaður félagsins öll árin, en Valgerður Reginsdóttir var varaformaður til vors árið 2002 að Ásta Harðardóttir tók við embættinu. Hún gegndi formennsku í félaginu árið 2003 á meðan formaður var í sérnámi

í hjúkrun aldraðra. Vorið 2004 var Kristín Ólafsdóttir kjörin varaformaður félagsins.

Fjórir hafa gegnt störfum ritara á tímabilinu, Jóhanna Long til ársins 1998, Helga Dögg Sverrisdóttir 1998-2002, Rannveig María Gísladóttir 2002-2004 og Kristjana Guðjónsdóttir frá 2004.

Tveir hafa starfað sem gjaldkerar félagsins síðastliðinn áratug, Guðrún Sverrisdóttir til vors 2002, en Margrét Þóra Óladóttir frá þeim tíma.


Æviskrár um 2900 sjúkraliða

Vegna 30 ára afmælis Sjúkraliðafélags Íslands árið 1996 var samið við útgáfufyrirtækið Mál og mynd um að gefa út sérstakt sjúkraliðatal með æviskrám allra sjúkraliða landsins.


Mál og mynd hafði framkvæði að söfnun gagna, setningu, umbroti og útgáfu verksins sem heitir „Sjúkraliðar á Íslandi“ og kom út í tveimur bindum árið eftir afmælið, 1997. Í bókunum eru æviskrár þeirra tæplega 2900 sjúkraliða sem þá höfðu lokið námi. Var þetta stærsta stéttatal einstakra heilbrigðisstétta sem þá hafði komið út hér á landi.

„Útgáfa sjúkraliðatals er stéttinni til sóma og fallin til að auka stéttarvitund sjúkraliða,“ sagði formaður félagsins í formála ritsins.


Félagið í tölum



Félagsmenn í Sjúkraliðafélagi Íslands eru 2.427 talsins.



Hátt í helmingur sjúkraliða er kominn yfir fimmtugt.



Sjúkraliðar eru fyrst og fremst kvennastétt.



Sjúkraliðafélag
Íslands

Vetrarleiga orlofshúsa og íbúða félagsins

Félagsmenn Sjúkraliðafélags Íslands eiga kost á að velja á milli leigu þriggja orlofshúsa og tveggja íbúða í Reykjavík og á Akureyri um helgar og/eða vikuleigu á tímabilinu frá 5. janúar til 11. maí 2007.

Leigugjöld eru:

- Vikuleiga frá föstudegi til föstudags.....16.500 krónur
- Helgarleiga frá föstudegi til mánudags.....11.000 krónur
- Ein nótt.....4.000 krónur
- Framhaldsleiga, sólarhringurinn.....1.500 krónur
- Páskar frá 4.-11. apríl.....19.000 krónur

Fyrir leigu um páska eru dregnir af fimm orlofspuntar.

Tekið er á móti umsóknum á skrifstofu félagsins frá 18. des. 2006.

Orlofshúsum og íbúðum verður ráðstafað í þeirri röð sem umsóknir berast. Ganga þarf frá leigusamningum að minnsta kosti viku fyrir brottför. Að öðrum kosti áskilur Orlofsnefnd félagsins sér rétt til að falla frá úthlutun og endurlleiga húsnæðið öðrum félagsmanni.

Umsóknum skal komið á skrifstofu félagsins að Grensásvegi 16, 108 Reykjavík. Símar á skrifstofunni eru 553 9493, 553 9494, FAX 553 9492. Tölvupóstfang: margret@slfi.is

Leiga á sængurfatnaði

Leigutökum á íbúð félagsins í Reykjavík og á Akureyri er boðið að leigja sér sængurfatnað, handklæði og þrifaklúta sem þarf til heimilishalds. Leigugjaldið er 1.000 krónur í Reykjavík en 1.300 krónur á Akureyri.



Gistimiðar á Icelandair- hótélum

Sjúkraliðum gefst kostur á að kaupa gistimiða til dvalar á Icelandair-hótélum í vetur, fram til 30. apríl 2007.

Icelandair-hótel úti á landi eru: Flúðir (í Biskupstungum), Hérað (á Egilsstöðum), Hamar (við Borgarnes), Klaustur (á Kirkjubæjarklaustri). Fullt verð er 6.900 krónur nóttin á tveggja manna herbergjum með baði, morgunverðar hlaðborð innifalið, en **verð til félagsmanna er 5.000 krónur.**

Á suðvesturhorninu eru tvö Icelandair-hótel: Flughótel (í Reykjanæsbæ) og Loftleiðir (í Reykjavík). Fullt verð er 7.850 krónur nóttin á tveggja manna herbergi með baði, morgunverðar hlaðborð innifalið, en **verð til félagsmanna er 5.500 krónur.**



Kiðjaberg sumarhús



Sigurhæð í Biskupstungum



Íbúð í Reykjavík



Íbúð á Akureyri

Kiðjaberg - tvö sumarhús

Kiðjaberg í Grimsnesi á Suðurlandi, í 75 km. fjarlægð frá Reykjavík. Áhugaverður staður fyrir útivistarfólk. Um landið liggja víða fallegar gönguleiðir með útsýni til jökla og hafs. Frá Selfossi að Kiðjabergi er u.þ.b. 20 mínútna akstur. Húsin eru heilsárshús með stofu, eldhúsi, rúmgóðri forstofu, baðherbergi og 3 svefnherbergjum. Rúm og sængur eru fyrir 8 manns, auk tveggja lausra dýna. Umhverfis húsin er verönd með rafhituðum potti fyrir 4 - 6.

Sigurhæð - sumarhús

Sigurhæð er í landi Úthliðar í Biskupstungum 15 kílómetra fyrir austan Laugavatn. Bústaðurinn er heilsárshús með 3 svefnherbergjum. Rúm og sængur eru fyrir 7 manns, auk tveggja lausra dýna. Umhverfis bústaðinn er verönd með heitum potti. Í næsta nágrenni eru skemmtilegar gönguleiðir, stutt í þjónustu og marga áhugaverða staði svo sem Laugavatn, Geysi, Gullfoss, Skálholt, Flúðir og fjölmargt annað.

Fellsmúli 16 - íbúð í Reykjavík

Rúmgóð þriggja herbergja íbúð í næsta nágrenni við skrifstofu félagsins. Íbúðin er búin helstu þægindum, síma, sjónvarpi, myndbandstæki og með aðgangi að velbúnu þvottahúsi. Svefnástaða er fyrir 7- 9 manns, þar af fyrir tvo á dýnum. Fellsmúlinn er vel staðsettur, örstutt í strætisvagna við Grensásveg. Verlanir í Skeifunni og Krínglunni eru í göngufæri og stutt að sækja útivistasvæði Reykvíkinga í Laugardalnum heim.

Hamratún 26 - íbúð á Akureyri

Þriggja herbergja 99 fm. íbúð á neðri hæð í tvíbýli, svefnpláss er fyrir 6 - 8 þar af fyrir 6 í rúmum með sængum, tvær lausar dýnur fylgja. Íbúðinni fylgir allur almennur búnaðar sem eðlilegt er að fylgi til heimilishalds, útlarp og sjónvarp. Uppþvottavél er í eldhúsi, þvottavél og þurrkari í þvottahúsi. Securitas hefur eftirlit með íbúð félagsins á Akureyri.